

Gerðir aukakirkjuþings I 2012

**47. kirkjuþing, aukakirkjuþing,
haldið í Grensáskirkju 4. febrúar 2012**

Gerðir aukakirkjuþings II 2012

**48. kirkjuþing, aukakirkjuþing II,
haldið í Háteigskirkju 1. september 2012**

Gerðir kirkjuþings 2012

**49. kirkjuþing,
haldið í Grensáskirkju 10.-15. nóvember 2012,
í Þjóðmenningarhúsinu
15. desember 2012 og 1.-2. mars 2013**

GERÐIR AUKAKIRKJUÞINGS I
2012

**47. kirkjuþing, aukakirkjuþing,
haldið í Grensáskirkju 4. febrúar 2012**

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein	5
1. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum nr. 1108/2011 um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.....	8
2. mál. Þingsályktun um kosningu nefndar til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.....	9
Kjör nefndar til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa	10

Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein

Aukakirkjuþing 2012 er sett, 47. kirkjuþing.

Verið öll velkomin til þessa samfélags í dag. Til aukakirkjuþings er kallað af sérstæðu tilefni. Kirkjuþing 2011 samþykkti nýjar starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Þegar nú kemur að framkvæmd þeirra klingja viðvörunarbjöllur. Kjörstjórn við komandi biskupskjör lætur í ljós skýrar og rökstuddar efasemdir um að þessar kosningar geti farið þannig fram að gildi þeirra verði ekki dregið í efa. Hættumerki séu á lofti, ekki verði unnt að ganga til framkvæmdar rafrænna kosninga í fullvissu þess að ekkert fari úrskaiðis. Hinar nýju starfsreglur kirkjuþings hafi ekki að geyma ákvæði um það hvernig eigi að framkvæma rafrænar kosningar á þann hátt sem fullnægjandi geti talist. Kjörstjórnin telur ekki unnt að líta framhjá þeirri áhættu að með nútíma tækni verði unnt að misfara með niðurstöður kosninga eða rekja greidd atkvæði með einum eða öðrum hætti til kjósenda. Þá sé heldur ekki unnt að tryggja með fullu öryggi áreiðanleika staðfestingar kjósenda á því að hann hafi neytt atkvæðisréttar síns á þann veg sem grundvallarreglur um leynilegar, frjálsar og opinberar kosningar gera kröfu um. Loks sé jafnræði kjósenda ekki tryggt þar sem gera megi ráð fyrir því að hluti þeirra eigi ekki rafrænt póstfang og þeirra vegna þurfi að gera sérstakar ráðstafanir sem kunni að vera íþyngjandi. Ég mun fjalla nánar um röksemdir kjörstjórnar við flutning þeirrar tillögu um starfsreglubreytingar sem liggur fyrir þessu þingi.

Það kann vel að vera að saka megi kirkjuþing 2011 um þá vanrækslusynd að hafa ekki gefið álitafnum um rafrænar kosningar nægilegan gaum. Að hluta til að minnsta kosti verður það skýrt með þeirri staðreynd að tvívegis hefur kirkjuþing verið kosið rafrænt á grundvelli sams konar reglna og nú gilda um biskupskjör, 2006 og 2010. Í hvorugt skiptið voru brigður bornar á framkvæmd þeirra kosninga. Það segir hins vegar ekki alla sögu um öryggi og áreiðanleika rafrænna kosninga. Þrátt fyrir tækniframfarir og tölvubyltingar hafa rafrænar kosningar ekki verið teknar upp við kjör sveitarstjórna, þjóðþinga eða þjóðhöfðingja, hvorki hér á landi né í þeim ríkjum sem næst okkur standa að stjórnskipunarvenjum, að minnsta kosti ekki svo að mér sé kunnugt um. Þrátt fyrir ótvírætt hagræði slíkra kosninga má ætla að efinn um öryggi hafi staðið þeim í vegi. Hvað sem um það verður sagt má færa gild rök að því að eðlilegt sé að um rafrænar kosningar gildi almenn löggjöf í því landi þar sem þær á að framkvæma. Þannig háttar ekki til á Íslandi. Hafi síðasta kirkjuþingi orðið á í messunni að þessu leyti er enn tóm til að bæta úr áður en til kosninga um biskup Íslands verður gengið. Það er hluti af lífinu að skjátlást eða gera mistök. Það eru hins vegar viðbrögðin við mistökum sem skipta máli. Þess vegna er aukakirkjuþing nú kvatt saman.

Síðara mál þessa kirkjuþings lýtur að því að kjósa nefnd til endurskoða starfseglur um biskupskjör. Þótt starfsreglurnar séu nýjar af nálinni þarf að gefa ýmsum álitafnum nánari gaum, svo sem um tilhögun framboða og framkvæmd kosninga. Annað atriði má nefna, sem kemur ekki til okkar kasta í dag, en það er sú mikilvæga og kirkjuþingólítíska

ákvörðun hverjir eigi að hafa kosningarétt á vettvangi Þjóðkirkjunnar. Við setningu kirkjuþings 2009 setti ég fyrst fram þá skoðun að allt þjóðkirkjufólk – en ekki aðeins trúnaðarmenn í sóknarnefndum – ætti að njóta kosningaréttar til kirkjuþings sem fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Til þess hníga svo veigamikil rök að mínum dómi að sams konar tilhögun gildi um biskupskjör - eða að minnsta kosti að allir þeir, sem með einum eða öðrum hætti koma að kirkjulegu starfi, njóti kosningaréttar. Þjóðkirkjan er stærsta fjöldahreyfing á landinu og það skiptir margfalt fleiri en þá, sem nú eru á kjörskrá kirkjunnar, miklu máli hverjir véla þar um ábyrgð og áhrifamátt. Ég hef áréttað þessi sjónarmið á kirkjuþingum bæði 2010 og 2011, þar á meðal með þessum orðum: „Ef þjóðkirkjan vill vera þjóðkirkja í lífrænum tengslum við fólkið í landinu verður hún að leita til grasrótar sinnar en ekki upphefja sjálfa sig sem óumbreytanlega stofnun í guðfræðilegum skilningi. Við verðum að kalla miklu fleira fólk til ábyrgðar og ákvarðanatöku í kirkjunni, meðal annars með gerbreytingu á öllu fyrirkomulagi kosninga innan kirkjunnar, bæði biskupskosninga og kosninga til kirkjuþings.“ Ég get ekki sagt að þessi málflutningur minn hafi vakið mikla athygli eða hlotið góðar undirtektir á kirkjulegum vettvangi. Í aðdraganda þeirra biskupskosninga, sem nú standa fyrir dyrum, hefur þó aðeins örlað á þessum sjónarmiðum. Það er vissulega fagnaðarefni – og dropinn holar steininn.

Virðulega kirkjuþing.

Nú eru átakatímur í þjóðkirkjunni. Fyrir dyrum standa margvíslegar breytingar á skipulagi og stjórnarframkvæmd, meðal annars í frumvarpi að nýjum þjóðkirkjulögum sem nú er til umræðu og kynningar á vettvangi kirkjunnar. Kirkjan er þar að kalla eftir meiri sjálfsákvörðunarrétti og samfara því að sjálfsögðu meiri ábyrgð, ekki síst kirkjuþings. Þjóðkirkjan hefur orðið fyrir þeirri ágjöf að traust til hennar hefur beðið nokkurn hnækki. Það er brýnasta verkefni kirkjunnar um þessar mundir að endurheimta traust og trúnað og ná til þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa ekki talið sig lengur eiga samleið með þjóðkirkjunni. Þetta gerist ekki í einni hendingu og ekki með því einu að kjósa nýja biskupa. Hér verður allt kirkjunnar fólk að leggjast á eitt, ekki síst kirkjuþing, sem verður á hverjum tíma að leita allra leiða til að styrkja ásýnd og stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu, trúverðugleika hennar og heilindi.

Á þeim umbrotatímum, sem framundan eru, verða allir að leggja sitt af mörkum til að efla einingu og samheldni kirkjunnar manna. Ég hef sagt það fullum fetum að skortur á samstöðu og skilningi, á hollustu og umburðarlyndi innan kirkjunnar eigi drjúga sök á því að traust á þjóðkirkjunni hafi farið þverrandi. Ég hef sagt að við ættum að verða við áskorun séra Matthíasar Jochumssonar og senda „út á sextugt djúp sundurlyndisfjandann!“ Sumir hafa kosið að túlka þessa hvatningu mína sem tilburði til þöggunar, viðleitni til að drepa í dróma lífræn skoðanaskipti og gagnrýni á það sem betur megi fara í kirkjunni. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja en ekkert er þó fjær sanni.

Mér er ljóst að þær tillögur sem fram koma í frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga þess efnis að biskupar og prestar verði ekki lengur embættismenn ríkisins heldur embættismenn þjóðkirkjunnar hafa mætt mikilli andstöðu af hálfu mjög margra í hópi hinna vígðu þjóna

kirkjunnar og valdið óróa og ótta um versnandi hag og stöðu. Ég ber fulla ábyrgð á því að hafa lagt tillögu um þetta fyrir millipinganevnd um þjóðkirkjufrumvarpið og fengið nefndina til að fylgja henni fram. Ég er að vísu sannfærður um að einmitt þetta muni framtíðin bera í skauti sínu eftir því sem hinni sjálfstæðu íslensku þjóðkirkju vex fiskur um hrygg. Engu að síður tel ég nú óhjákvæmilegt að horfast í augu við það að deilur um slíka breytingu verði að víkja fyrir brýnni hagsmunum þjóðkirkjunnar af samstöðu og samtakamætti við það mikla verkefni að kirkjan nái vopnum sínum og endurheimti glatað traust. Þörfin fyrir einingu og samhug er aldrei brýnni en nú þegar stöðu kirkjunnar sem þjóðkirkju í stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið teflt í tvísýnu. Ég hef því í gær lagt fyrir millipinganevnd um þjóðkirkjufrumvarpið og fengið einróma samþykki við þá tillögu að horfið verði frá þessu ráði við tillögugerð um ný þjóðkirkjulög. Þess í stað verði allt kapp lagt á að ná sem allra víðtækastri samstöðu um þjóðkirkjufrumvarpið að öðru leyti og fylgja því fram til samþykktar á næsta kirkjuþingi í haust og afgreiðslu á Alþingi á komandi vetri.

Ég bið þess að farsæld og friður megi fylgja störfum og ákvörðunum þessa aukakirkjuþings.

1. mál aukakirkjuþings 2012

Flutt af forsætisnefnd

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum nr. 1108/2011 um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

1. gr.

9. gr. hljóði svo:

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning hefst. Að svo búnu sendir kjörstjórn þeim er kosningarrétt eiga nauðsynleg kjörgögn:

- a) kjörskrá
- b) auðan kjörseðil með nöfnum frambjóðenda auk auðrar línu þar sem kjósandi getur ritað nafn annars kjörgengs manns
- c) óáritað umslag
- d) eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um að hann hafi kosið
- e) umslag með utanáskrift kjörstjórnar
- f) leiðbeiningar um það hvernig kosning fari fram.

Greina skal glögglega fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli sannanlega póstagður. Ákveður kjörstjórn þann tíma. Að jafnaði skal miða við að kosningu sé lokið innan tveggja vikna frá útsendingu kjörgagna.

Kosning skal vera skrifleg og leynileg. Kjósandi merkir við eða ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, á kjörseðil. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Hann setur seðilinn síðan í óáritað umslagið og lokar því, fyllir út eyðublaðið og undirritar, lætur gögnin í áritaða umslagið og afhendir það á biskupsstofu gegn móttökukvittun eða leggur það í póst.

Kjörstjórn telur atkvæði eigi síðar en að viku liðinni frá þeim skilafresti á pósthús sem hún hefur sett og úrskurðar þau.

Réttkjörinn biskup eða vígslubiskup er sá sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda skal kosið að nýju milli þeirra tveggja sem flest fengu atkvæði. Ef tveir fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða milli hverra tveggja kosið er. Sá er réttkjörinn sem fær þá flest atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast þegar gildi.

2. mál aukakirkjuþings 2012

Flutt af forsætisnefnd

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

**Þingsályktun um kosningu nefndar til að endurskoða starfsreglur
um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa**

Kirkjuþing ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Nefndin skal skila tillögum sínum til kirkjuþings 2012. Þessi nefnd og sú nefnd, sem endurskoðar starfsreglur um kjör til kirkjuþings, sbr. 17. mál kirkjuþings 2011, skulu eiga náið samráð um samningu tillagna um framkvæmd kosninga innan þjóðkirkjunnar.

Kjör nefndar til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Gísli Baldur Garðarsson
Þorkell Helgason
Inga Rún Ólafsdóttir
Pétur Björgvin Þorsteinsson
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

GERÐIR AUKAKIRKJUÞINGS II

2012

**48. kirkjuþing, aukakirkjuþing II,
haldið í Háteigskirkju 1. september 2012**

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Margrétar Björnsdóttur	13
Kosning forseta og tveggja varaforseta	17
1. mál. Þingsályktun um að áfram verði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.....	18
2. mál. Þingsályktun um sóknargjöld	19

Setningarræða forseta kirkjuþings Margrétar Björnsdóttur

Samkvæmt heimild í 1. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 lýsi ég því yfir að aukakirkjuþing 2012, 48. kirkjuþing, er sett.

Ágætu kirkjuþingsfulltrúar. Verið öll velkomin til kirkjuþings í dag.

Ég vil í upphafi orða óska biskupi Íslands, séra Agnesi M. Sigurðardóttur til hamingju með biskupskjör hennar og bjóða hana velkomna hingað í dag, en hún situr nú kirkjuþing í fyrsta sinn.

Sömuleiðis vil ég óska nýkjörnum vígslubiskupi í Hólaumdæmi, séra Solveigu Láru Guðmundsdóttur til hamingu með kjör hennar.

Til aukakirkjuþings er kallað til að ræða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna að því er varðar ákvæði þess um þjóðkirkjuna og til að skilgreina og setja fram afstöðu þjóðkirkjunnar þar að lútandi.

Á dagskrá þingsins er einnig tillaga til þingsályktunar um leiðréttingu sóknargjalda.

Þá verður nýr forseti kirkjuþings kjörinn, en Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings, lét af störfum fyrr á þessu ári.

Fyrsta mál þessa aukakirkjuþings er „Tillaga til þingsályktunar um að áfram verði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands“.

Kjörseðillinn fyrir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna var birtur á netinu sl. fimmtudag. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst í dag (laugardag) en sjálf hefst atkvæðagreiðslan þann 20. október. Á kjörseðlinum eru sex spurningar sem svara skal með já eða nei en kjósandi þarf ekki að svara þeim öllum. Í þriðju spurningu er spurt „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi. Jákvætt svar felur í sér að í nýrri stjórnarskrá skuli vera einhver hliðstæða núgildandi 62. gr. stjórnarskrárinnar. Neikvætt svar merkir það hins vegar að í stjórnarskránni skuli a.m.k. ekki gengið lengra en gert er í 19. gr. í frumvarpi Stjórnlagaráðs: „Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar“.

Sjá má kjörseðilinn á kosning.is.

Á kirkjuþingi árið 2011 var samþykkt ályktun um 1. mál þingsins - skýrslu kirkjuráðs. Ályktunin hljóðar svo:

Tillögur um nýja stjórnarskrá.

Kirkjuþing 2011 skorar á Alþingi að hafa ákvæði um íslenska þjóðkirkju í því frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár sem þingið afgreiðir með formlegum hætti eða leggur undir ráðgefandi þjóðaratkvæði.

Að öðrum kosti verði þess gætt að ákvörðun um afnám þjóðkirkju úr stjórnarskrá verði tekin á þann veg sem núgildandi stjórnarskrá býður svo að þjóðin sjálf fái notið þess réttar að greiða sérstaklega atkvæði um slíka ákvörðun.

Þessi ályktun kirkjuþings í fyrra er enn í fullu gildi, en við erum komin saman til að ræða þetta mál sérstaklega m.a. í tilefni af væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Kirkjuráð leggur hér fram tillögu til þingsályktunar fyrir þingið til umræðu og afgreiðslu.

Annað mál þessa aukakirkjuþings er „Tillaga til þingsályktunar um sóknargjöld“.

Innanríkisráðherra skipaði árið 2011 starfshóp til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess ef haldið yrði áfram á þeirri braut, eftir að biskup Íslands hafði lýst áhyggjum sínum af fjárhagsstöðu safnaða þjóðkirkjunnar vegna skerðingar á sóknargjöldum.

Áfangaskýrsla starfshópsins var gefin út í nóvembermánuði 2011 og var hún kynnt kirkjuþingi sem ályktaði um málið með því að skora á ríkisstjórn og Alþingi að beita sér fyrir því að sóknargjöldin verði leiðrétt til samræmis við þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins þannig að sóknargjöldin yrðu 919 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda á árinu 2012.

Sá niðurskurður sem sóknir og yfirstjórn kirkjunnar hafa þurft að glíma við frá efnahagshruni til að mæta tekjumissi og þeirri alvarlegu fjárhagsstöðu sem margar sóknir glíma nú við er víða að sliga starfsemi þeirra. Í lokaskýrslu starfshópsins til ráðherra 30. apríl 2012, segir meðal annars að í ákvæði frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum um upphæð sóknargjalds, hafi þess ekki verið gætt að nú þurfi að verðbæta sóknargjaldið til að gætt sé jafnræðis við aðra aðila sem byggja rekstur sinn á framlögum fjárlaga. Vegna þess hafa sóknargjöld sem ríkið greiðir til sókna þjóðkirkjunnar og til annarra trúfélaga lækkað um nálægt 25% umfram fjárveitingar til reksturs annarra aðila sem sætt hafa skerðingu til samræmis við almennan niðurskurð frá fjárlögum ársins 2008. Hér hafa því trúfélög, söfnuðir og sameiginlegir sjóðir kirkjunnar verið að taka á sig skerðingu langt umfram aðrar stofnanir sem heyra til innanríkisráðuneytisins.

Samkvæmt gögnum frá Ríkisendurskoðun 2010 voru tæplega 100 sóknir sem ekki náðu endum saman í rekstri sínum á síðasta ári og hafði fjölgað um liðlega 67% miðað við árið 2008. Það er því ljóst að með sama áframhaldi mun þjóðkirkjunni á allra næstu árum verða nauðugur sá kostur að leggja niður mikilvægan hluta af kjarnastarfsemi sinni til að forða því að kerfið í heild komist í þrot.

„Óhætt er að draga þá ályktun að grunnstoðir í starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar“ eins og segir í skýrslu til ráðherra.

Sóknargjaldið í dag er 701 kr. en tillaga starfshóps innanríkisráðherra er að hækka það á næsta ári upp í 852 kr.

Það er forvitnisefni að vita hvað standi í fjárlagafrumvarpinu sem verður lagt fram á Alþingi á setningardegi þess 11. sept. nk.

Þjóðkirkjan hefur ekki skorist úr leik í þeim efnahagsþrengingum sem hafa verið í samfélaginu. Hún hefur þegar tekið á sig miklar skerðingar frá efnahagshruni og er reiðubúin til að axla þær byrðar sem sanngirni krefst. Þar biður þjóðkirkjan um skilning og réttssýni ekki um hlífð heldur sanngirni.

Á þessu þingi verður kosinn nýr forseti úr röðum leikmanna á kirkjuþingi. Á kirkjuþingi eiga sæti 29 kjörnir fulltrúar, 12 vígðir menn og 17 leikmenn sem kosnir eru í níu kjördæmum landsins. Kirkjuþing kýs forseta skriflega og í óbundinni kosningu.

Séra Karl Sigurbjörnsson, tilkynnti í ávarpi við upphaf kirkjuþings í nóvember 2011 að hann léti af embætti biskups Íslands þegar skipunartími hans rynni út næsta sumar, eftir rúmlega 14 ára þjónustu eða frá ársbyrjun 1998. Þetta væri því síðasta kirkjuþing sem hann sæti. Hann sagði af þessu tilefni „Ég mun kveðja embætti mitt með þakklæti í huga fyrir það góða fólk sem með mér hefur fetað veginn og á vegi mínum hefur orðið á vettvangi kirkju og samfélags. Ég hef notið mikillar gæfu í starfi og þjónustu á samleið með slíku fólki. Ég bið því öllu blessunar.“

Mikil eftirsjá er af Karli sem leiddi kirkjuna á miklum rósturtímum. Óhætt er að segja að á þeim árum sem síðan eru liðin hafi þjóðfélagið gjörbreyst og taktur mannlífsins orðið annar. Efnahagshrunið haustið 2008 markaði kaflaskil enda komu í ljós miklir brestir og meinsemdir í samfélagsgerð og menningu Íslendinga.

Þá tilkynnti séra Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum, einnig við lok síðasta kirkjuþings að hann hygðist láta af störfum á þessu ári. Við þökkum honum gott samstarf hér á kirkjuþingi.

Nýr vígslubiskup séra Solveig Lára Guðmundsdóttir var vígð á Hólahátíð í ágúst 2012. Við fögnum henni hér í dag á fyrsta degi í nýju embætti og óskum henni allrar blessunar í nýja embættinu. Vegna þessa tekur nýr kirkjuþingsfulltrúi sæti hennar hér í dag.

Á einu ári frá síðsumri 2011 til síðsumars 2012 hefur verið endurnýjun í öllum þremur biskupsembættunum.

Aldrei áður hafa jafn margir haft kosningarétt við biskupskjör.

Formenn sóknarnefnda um land allt, svo og varaformenn í þremur fjölmennustu prófastsdæmunum, voru í lykilhlutverki í þessum kosningum. Þetta er fólk sem hefur valið að axla það ábyrgðarhlutverk að sjá um rekstur í sókn sinni, sem leggur ómælda sjálfboðavinnu í að halda kirkjum og safnaðarheimilum við, sjá um fjármál sóknarnefndar og ýmsa þá umsýslu sem fylgir félagsstarfinu í söfnuðinum. Það var löngu orðið tímabært að mikilvægt starf þeirra fengi þá virðingu sem því ber með því að atkvæðisréttur í biskupskjöri næði einnig til þeirra. Vonandi verður næsta skref að allt sóknarnefndarfólk fái að kjósa.

Á aukakirkjuþingi sem haldið var 4. febrúar 2012 í Grensáskirkju var starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa breytt á þann hátt að taka aftur upp póstkosningar í stað rafrænna kosninga eins og búið var að ákveða. Það var gert að beiðni

kjörstjórnar sem taldi að kosningin yrði öruggari með póstkosningu. Jafnframt var kosin fimm manna nefnd sem er ætlað það hlutverk að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og á hún að skila tillögum á næsta kirkjuþingi.

Pétur Kr. Hafstein ákvað af heilsufarsástæðum að segja af sér embætti forseta kirkjuþings um mánaðarmótin mars-apríl sl. Mikill missir er af Pétri úr þessu embætti en hann er óvenju glöggur og vel að sér í málum er varða íslensku þjóðkirkjuna, hvort heldur sem eru fundarsköp kirkjuþings, löggjöf eða hvað annað er varðar kirkjuna. Alltaf var hægt að leita til hans ef einhver vafi var á ferð. Á þeim 6 árum sem ég hef setið kirkjuþing hef ég verið fyrsti varaforseti þess og nokkrum sinnum stýrt þingi þegar forseti hefur verið frummælandi í málum. Árin á kirkjuþingi hafa verið mér afar dýrmæt, tími lærdóms meðal annars í meðferð mála og fundarskapa. Pétur hefur verið sú fyrirmynd sem hefur nýst mér vel í öðru starfi mínu. Ég vil þakka Pétri mjög góð kynni, hann er drengur góður, sanngjarn, ákveðinn og fastur fyrir, úrræðagóður og með góða nærveru. Ég held að við getum öll tekið undir það.

Ég óska honum af öllu hjarta góðs bata.

Þjóðkirkjan hefur orðið fyrir ágjöf og traust til hennar hefur beðið nokkurn hnekki. Það er því eitt brýnasta verkefni kirkjunnar að endurheimta traust sitt og trúnað og ná til þeirra sem hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Hér verður allt kirkjunnar fólk að leggjast á eitt, ekki síst kirkjuþing, sem verður að leita allra leiða til að styrkja ásýnd og stöðu þjóðkirkjunnar hjá þjóðinni.

Ég bið þess að við höfum það í huga hér í dag og endranær og að farsæld og friður megi fylgja störfum og ákvörðunum þessa aukakirkjuþings.

Kosningar á aukakirkjuþingi II 2012

Kosning forseta kirkjuþings

Magnús E. Kristjánsson

Kosning tveggja varaforseta

1. varaforseti Inga Rún Ólafsdóttir
2. varaforseti Stefán Magnússon

1. mál aukakirkjuþings II 2012

Flutt af kirkjuráði

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd,
fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd:

Þingsályktun um að áfram verði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands

Þjóðin mun ganga til atkvæðagreiðslu þann 20. okt. næstkomandi um eftirfarandi spurningu. „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá Íslands verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi“.

Aukakirkjuþing, haldið 1. september 2012, hvetur kjósendur til að minnast þess að hin evangelíska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar sem og annarra norrænna þjóða. Þjóðkirkjan er opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um land allt. Hún er því mikilvæg grunnstoð íslensks samfélags. Því hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að staða réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð.

2. mál aukakirkjuþings II 2012

Flutt af kirkjuráði

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd,
fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd:

Þingsályktun um sóknargjöld

Aukakirkjuþing, haldið 1. september 2012, lýsir yfir þungum áhyggjum af alvarlegri fjárhagsstöðu sókna landsins.

Sóknir landsins hafa tekið á sig skerðingu eins og allir aðrir í þjóðfélaginu en sú skerðing hefur verið 25% umfram stofnanir innanríkisráðuneytisins.

Kirkjuþing krefst tafarlausrar leiðréttingar sóknargjalda.

GERÐIR KIRKJUÞINGS

2012

**49. kirkjuþing,
haldið í Grensáskirkju 11.-18. nóvember 2012,
í Þjóðmenningarhúsinu 15. desember 2012
og 1.-2. mars 2013**

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar.....	25
Ávarp innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar	29
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	31
Ávarp forseta kirkjuþings unga fólksins, Jónínu Sifjar Eyþórsdóttur	34
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2012	36
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs	39
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar	67
3. mál. Skýrslur nefnda og starfshópa.....	78
4. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	88
5. mál. Þingsályktun um sameiningu prófastsdæma	89
6. mál. Þingsályktun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á suðvesturhorninu	91
7. mál. Þingsályktun um sameiningu Garða- og Saurbæjarprestakalla, Vesturlandsprófastsdæmi.....	97
8. mál. Þingsályktun um skipan prestsþjónustunnar.....	98
9. mál. Þingsályktun um breytingar á ýmsum starfsreglum	99
10. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	100
11. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga	101
12. mál. Tillaga til þingsályktunar um skipan starfshóps vegna breytinga á starfsreglum	102
13. mál. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings	103
14. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009	108
15. mál. Þingsályktun um félagatal þjóðkirkjunnar	109
16. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	110
17. mál. Tillaga til þingsályktunar um uppsögn haldsbréfa vegna hlunninda	112
18. mál. Þingsályktun um upplýsingar varðandi hlunnindi af kirkjujörðum.....	113
19. mál. Þingsályktun um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum þjóðkirkjunnar	114
20. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011	115
21. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011.....	116

22. mál. Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar að vinna tillögur um starfsreglur um biskup Íslands.....	117
23. og 24. mál sameinuð 25. máli	
25 mál. Þingsályktun um skipan fimm manna nefndar til að endurskoða starfsreglur nr. 1109/2011, um val og veitingu prestsembætta	119
26. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prófesta nr. 966/2006	120
27. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um embættaskipti presta og starfsmanna kirkjunnar	121
28. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um presta nr. 1110/2011	122
29. og 30. mál kirkjuþings 2012 voru ekki flutt á kirkjuþingi 2012	
31. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000	124
32. mál. Þingsályktun um að kannaður verði áhugi sóknarnefnda á að stofnað verði Sónnasamband Íslands	125
33. og 34. mál sameinuð 35. máli	
35. mál. Þingsályktun um fjármögnun kirkjustarfs	127
36. mál. Þingsályktun vegna tillögu til þingsályktunar um kirkjulega viðurkenningu	128
37. mál. Þingsályktun um miðaldadómkirkju	129
38. mál. Tillaga til þingsályktunar um Þorlákshúsið	130
39. mál. Tillaga til þingsályktunar um starfsemi Biskupsstofu	131
40. mál. Þingsályktun um gæðakerfi þjóðkirkjunnar	132
41. mál. Þingsályktun um sameiningu prestakalla	133
42. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011 og um sóknarnefndir nr. 1111/2011	134
43. mál. Þingsályktun um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997	135
44. mál. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum	137
45. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999	138
46. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	139
Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2012	140

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2012 er sett, 49. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju.

Hjartanlega velkomin öll hingað í dag, kirkjuþingsfulltrúar og góðir gestir.

Í dagfögnum við og heilsum sérstaklega nýjum biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur sem nú kemur á sitt fyrsta reglulega kirkjuþing. Við væntum mikils af samstarfi við hana á kirkjuþingi sem og af forystu hennar í öllu starfi þjóðkirkjunnar. Frú Agnes hefur tekið við því vandasama hlutverki að leiða okkur sem biskup Íslands og er fyrsta konan sem gerir það. Það er okkar allra sem í þjóðkirkjunni erum að styðja okkar biskup. Við óskum frú Agnesi heilla og biðjum henni Guðs blessunar í þessu starfi.

Þá vil ég fyrir hönd kirkjuþings færa herra Karli Sigurbjörnssyni fyrrum biskupi Íslands bestu þakkir fyrir hans mikla og góða starf og óska þeim hjónum herra Karli og frú Kristínu Guðjónsdóttur alls hins besta og Guðs blessunar á þessum tímamótum í þeirra lífi.

Við heilsum líka nýjum vígslubiskupi á Hólum sr. Sólveigu Láru Guðmundsdóttur og bjóðum hana sérstaklega velkomna í sínu nýja hlutverki til kirkjuþings. Jafnframt þökkum við gott samstarf við sr. Jón Aðalstein Baldvinsson fyrrum vígslubiskup á Hólum og biðjum þeim hjónum sr. Jóni Aðalsteini og konu hans frú Margræti Sigtryggisdóttur blessunar Guðs.

Þá vil ég færa Pétri Hafstein fyrrum forseta kirkjuþings þakkar okkar kirkjuþingsfulltrúa fyrir hans mikla framlag til kirkjuþingsins. Persónulega vil ég þakka einstaklega góð og gefandi samskipti. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra kirkjuþingsfulltrúa þegar ég óska Pétri og frú Ingu Ástu Hafstein Guðs blessunar og allra heilla.

Það eru mikil tímamót þegar svo mikil breyting verður á forystufólki kirkjunnar á stuttum tíma og það minnir okkur á að allt er breytingum háð, ekkert stendur í stað, lífið allt er á stöðugri ferð.

Í því ljósi er ágætt að hugleiða ábendingu herra Karls Sigurbjörnssonar biskups er hann hvatti til þess við setningu prestastefnu 2011 að kirkjan ætti að vera hreyfing lærisveina. Mér þótti þetta gott veganesti. Eins og ég skil þetta þá er hreyfing ekki stöðnuð heldur stöðugt á ferð og lærisveinar eru hópur sem telur sig ekki fullnuma og því viljugur til að læra meira. Í þessu felst auðmýkt því af leiðir að lærisveinar eru ekki orðnir meistarar og ef þeir eru hreyfing þá eru þeir ekki komnir á neinn endanlegan stað. Hreyfing lærisveina hlýtur því að vera síkvik, tilbúin að læra, tilbúin að bregðast við breytingum stöðugt leitandi að aðferðum til að geta gert betur í dag en í gær. Ég vil því gjarnan tilheyra þannig hreyfingu lærisveina.

Það eru svo miklar breytingar á því umhverfi sem við störfum í og ekki minnstar vegna aðgerða stjórnvalda. Þjóðkirkjan taldi sjálfsagt, eðlilegt og sanngjarnt að taka þátt í þeim niðurskurði sem flestir þurftu að gera eftir ósköpin sem á okkur dundu í efnahagsmálum. Ég veit hins vegar ekki hvernig það á að geta talist sanngjarnt að þjóðkirkjan og sóknir hennar

taki á sig meiri niðurskurð en aðrir og mér finnst það í meira lagi undarlegt ef þau mál verða ekki færð í eðlilegri farveg. Það kom okkur jafnmikið á óvart og innanríkisráðherra hve mikilli skerðingu sóknargjöldin hafa sætt umfram almennan niðurskurð. Við væntum þess að á þessum málum verði nú tekið í meðförum Alþingis. Ég er þess fullviss að hér á kirkjuþinginu verða þessi mál til umræðu og veit að kirkjuþingsfulltrúar hafa af þessu miklar áhyggjur.

Jafnframt má búast við að hér verði samskipti þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins til umræðu eins og á fyrri þingum. Það er þörf að ræða þau samskipti. Ekki síst í ljósi þeirra niðurstöðu sem fékkst í atkvæðagreiðslunni í lok október þar sem meirihluti vildi að þjóðkirkjunnar væri getið í stjórnarskrá. Varla fólust þau skilaboð í þessari niðurstöðu að fara mætti að þjóðkirkjunni af sérstakri ósanngirni.

Þeir fjármunir sem þjóðkirkjan fær frá ríkisvaldinu eru annars vegar sóknargjöld sem eru félagsgjöld sem ríkið innheimtir og standa undir því starfi sem sóknirnar í landinu halda uppi. Þau félagsgjöld hafa verið skorin niður og hlutfallslega talsvert umfram þann almenna niðurskurð sem gerður var á fjárframlögum til stofnana innanríkisráðuneytisins. Ég vil ítreka að þetta eru sögulega, og í huga þjóðkirkjufólks, félagsgjöld þótt einstaka stjórnámálamenn vilji skilgreina þetta framlag upp á nýtt sjálfum sér til þæginda.

Hins vegar er gagngjald vegna kirkjujarða og eigna sem ríkissjóði voru endanlega færðar í hendur með kirkjujarðarsamkomulaginu 1997. Þar var kveðið á um yfirfærslu eignarréttarins til ríkisins og framtíðargagngjald úr ríkissjóði á móti. Eins og forseti kirkjuþings Pétur Hafstein sagði við setningu þingsins 2009: „Það hljóta allir sanngjarnir menn og réttýnir að sjá að ríkið getur ekki vanefnt samninginn frá 1997 eða Alþingi breytt honum með lögum í berhögg við vilja þjóðkirkjunnar án þess að það skapi alvarlegan réttarágreining.“

Það ber sérstaklega að þakka innanríkisráðherra fyrir þá hreinskilni sem kom fram í ræðu hans við setningu kirkjuþings 2011, en hann sagði: „Frá því er skemmst að segja að við samanburð á skerðingu sóknargjaldanna og skerðingu á fjárveitingu til annarra ríkisaðila kom í ljós verulegur munur. Sóknargjöldin höfðu lækkað að raungildi, miklu meira en nam almennri skerðingu og samdrætti, nokkuð sem hafði meiri áhrif en ella vegna fækkunar sóknarbarna á sama tíma.“ Seinna í ræðunni sagði ráðherra: „Ég vil að það komi fram að sjálfum kom mér á óvart hve mikilli skerðingu sóknargjöldin hafa sætt umfram almennan niðurskurð og hlýtur það að krefjast sérstakrar skoðunar af hálfu okkar sem förum með fjárveitingarvaldið.“

Ég tel að það sé mikilvægt að fulltrúar ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar ræðist við í hreinskilni og af gagnkvæmri virðingu. Þjóðkirkjan biður aðeins um sanngirni og skilning og ber fulla virðingu fyrir því vandasama verkefni sem ráðamenn hafa staðið frammi fyrir undanfarin ár. Sá vandi sem hinar fjölmörgu sóknir standa frammi fyrir vegna þessa stórfellda niðurskurðar er líka mikill og afar mikilvægt að horft sé af sanngirni til þeirrar stöðu, og af virðingu á þá miklu og fjölbreytilegu þjónustu við fólk og samfélag sem á þeim vettvangi er sinnt.

Á undanförunum árum hefur verið rætt um nauðsyn þess að kirkjuþing komi saman oftar en einu sinni á ári. Á þessu kirkjuþingi verður lagt fram frumvarp um það. Ekki verður framhjá því litið að málum fjölgar og aukakirkjuþing hafa verið fleiri en oft áður. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Annað sem mælir með því að kirkjuþing komi oftar saman er að vönduð umræða þarf tíma og þegar mörg mál liggja fyrir þá kann svo að fara að mikilvæg mál fái ekki þá umræðu í nefnd og á þingi sem nauðsynleg er. Það hefur verið kallað eftir því af mörgum að fastanefndir þingsins starfi utan hefðbundins fundartíma þingsins svo hægt sé að fara vandlega yfir og ræða mikilvæg mál. Einnig eru þau mál sem rædd eru á kirkjuþingi oft þess eðlis að þau varða hagsmuni og störf fjölmargra. Oft heyrir maður að fólk hefði kosið að leitað hefði verið eftir sjónarmiðum þeirra áður en ákvarðanir væru teknar. Tímapressan er alltaf til staðar og kirkjuþingi er markaður tími.

Fulltrúar í forsætisnefnd kirkjuþings er þeirrar skoðunar að það sé rétt að kirkjuþing komi saman tvisvar á ári og að nefndir geti starfað utan þess tíma sem þingið situr. Forsætisnefnd mun koma þeim sjónarmiðum á framfæri í umræðum hér á þinginu.

Góðir kirkjuþingsfulltrúar. Við þurfum að horfast í augu við gamlar og nýjar, og oft erfiðar áskoranir. Það er ekki eitthvað sem við eigum að óttast heldur ganga á hölm við af djörfung, hugrekki og visku. En til þess þarf starfsemi okkar og skipulag að vera í góðu formi. Við þurfum að byggja á styrk kirkjunnar en um leið horfast í augu við veikleika hennar. Taka á móti tækifærum sem umhverfið býður okkur um leið og við verjumst áskorunum sem þarf að glíma við.

Þær eru margar spurningarnar sem við heyrum. Svo sem hvort kirkjan sé með of svifaseint stjórnkerfi, óskilvirkt skipulag og of hæga ákvörðunartöku? Sumum fannst það þegar við stóðum frammi fyrir mjög erfiðum og alvarlegum málum sem við höfum verið að bregðast við, vinna í og vonandi læra af. Hefði skilvirkara skipulag gert okkur hæfari í glímu okkar við tekjusamdrátt, erfiða umræðu, harða gagnrýni og stundum jafnvel beinlínis fjandskap við kirkju og kristni?

Þarf kirkjan annað skipulag í fámennari byggðum en í stórum sóknum? Grundvallarskipulag kirkjunnar hefur verið sjálfstæðar sóknir en getur meira samstarf verið til góðs?

Er ekki þungamiðjan í öllu starfi þjóðkirkjunnar sú þjónusta sem hún veitir?

Á ekki áherslan að vera þar sem fólkið kemur og þiggur þjónustu hennar?

Viljum við að kirkjan sé þátttökusamfélag sem virkjar fólk?

Mun ekki fólk sem kemur með sjálfbodna þjónustu auka við þjónustu kirkjunnar, efla hana og það samfélag sem hún tilheyrir?

Við hljótum að vilja að kirkjan hlúi vel að prestunum sínum og öllu starfsfólki. Að hún stuðli markvisst að því að allt það góða fólk eflist í starfi og fái að njóta sín. Metnaður okkar hlýtur að vera sá að veita betri þjónustu í dag en í gær. Að sú reynsla sem við öðlumst í dag nýtist okkur til að gera enn betur á morgun.

Viljum við ekki að kirkjan sé hreyfing frekar en stofnun? Á vegferð að því góða en ekki á

flóttu frá því vonda? Hreyfing lærisveina sem er ávallt að bæta sig og fólk sem er stöðugt í Jesú Kristi.

Undanfarið höfum við horft á starfsemi kirkjunnar og skoðað alvarlega. Starfshópar og nefndir hafa lagt mat á mál, ráðstefnur og málþing hafa verið haldin, rannsóknarnefnd farið yfir, gagnrýnt, metið og ráðlagt. Ríkisendurskoðun yfirfarið rekstur og skipulag. Leikir og lærðir rætt stöðuna.

Ég hef ekki heyrt af því að nokkurt félag, stofnun, hópur eða samfélag hafi farið í gegnum jafn mikla og oft sára sjálfsskoðun og hin íslenska þjóðkirkja. Okkur ætti að vera ljóst hvar við erum stödd eftir alla þessa skoðun. Mikilvægt er að sammælast um hvert við förum.

Það er afar mikilvægt að við ræðum og komum þjóðkirkjufrumvarpinu í farveg. Frumvarpið hefur verið lengi til umræðu og það hefur tekið ýmsum breytingum.

Það er mín skoðun að kirkjuþing verði nú að leggja sérstaka áherslu á vinnu við þetta frumvarp. Hér á þessu þingi eru lögð fram mörg mál sem og á fyrri þingum.

Stundum koma upp efasemdir hvort allt sem lagt er til passi við þau lög sem við störfum eftir. Sumir ganga svo langt að segja að við séum oft að setja plástur á smásár frekar en að skera upp gera við og sauma. Hvað sem slíkri umræðu líður þá felst í því tækifæri með nýjum lögum og starfsreglum að reyna að ramma skipulag og starfsemi þjóðkirkjunnar inn með heilstæðum hætti. Þá er líka mikilvægt að vel sé vandað til slíks verks og að um niðurstöðuna ríki sæmileg sátt.

Það skiptir því máli að hér verði góð umræða um frumvarpið og þær hugmyndir sem það er grundvallað á. Á þessu máli verður kirkjuþing að taka fulla ábyrgð.

Traust á þjóðkirkjunni fer vaxandi. Íslenska þjóðin vill að hennar sé getið í stjórnarskrá. Fólkið vill að hin evangelíska lúterska kirkja sé samferða því í okkar íslenska þjóðfélagi. Við gleðjumst yfir því, fögnum þeirri niðurstöðu en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að við þurfum að standa undir því trausti og af auðmýkt og trúmennsku uppfylla þær væntingar sem til þjóðkirkjunnar eru og verða gerðar.

Kirkja og kristni eiga erindi við fólk í dag og fólkið vill samfylgd kirkjunnar. Erindi hennar er mikilvægt, starf hennar fjölbreytt og þjónusta hennar víðast hvar vel þegin.

Góðir kirkjuþingsfulltrúar og gestir. Í dag er afmælisdagur Marteins Lúters. Það er góður dagur til að ræða hvernig hægt er að efla starf og þjónustu þjóðkirkjunnar. Við höfum fengið nýjan biskup til að veita þjóðkirkjunni forystu ásamt vígslubiskupum sem nýlega hafa tekið við embættum. Þetta er öflugt og hæfileikaríkt fólk sem við treystum til að leiða kirkjuna af festu, öryggi og áræði. Fulltrúar á kirkjuþingi vilja af einlægni vinna þjóðkirkjunni gagn. Prestar leiða öflugt kirkjustarf um allt land. Sóknarnefndir standa fyrir ótrúlega mikilli starfsemi þrátt fyrir þrönga fjárhagstöðu og sjálfboðaliðar leggja einstaklega mikið af mörkum með fjölbreytilegum hætti á vettvangi þjóðkirkjunnar.

Nú þegar við göngum til þingstarfa vona ég að verklag okkar verði til fyrirmyndar, umræða öll vönduð og góð sátt náist í niðurstöðu mála.

Ávarp innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar

„En nú þykir mér það ráð, að vér látum og eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál á milli þeirra, að hvorirtveggju hafi nokkuð síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.“

Svo mælti Þorgeir Ljósveitningagoði fyrir þúsund árum. Og þjóðin er enn á þessu máli. Því hér er ekki fjallað um trú heldur sið. Við fylgjum kristnum sið og síðan geta menn efast um trúarhita okkar hvers og eins og staðfestu. Kannski erum við sum heit í trúnni þegar við lendum í hafvillum og kólnum svo aftur þegar sér til lands, einsog Jón Helgason ýjaði að.

*Ef skip mitt í villum um höfn hrekst
og himintunglanna leiðsögn bregzt,
en sjórinn þýtur með þungum niði,
þín ég leita drottinn.*

*En þegar hafrænan ljær með lið
og landið rís yfir hafsins svið,
svo þekkja má hinar þráðu hafnir,
þér ég neita drottinn.*

Kristni er trú en kirkjan er siður. Um það var deilt á Alþingi árið þúsund hvort hafa ætti heiðinn sið á Íslandi eða kristinn sið. Þorgeir taldi kristnina á sigurbraut og andóf væri vonlítið. Því skyldi kristni í lög tekin. Síðan var mönnum frjálst hvort þeir vildu trúa á hinn hvíta Krist eða hinn almáttuga Ás, allt eftir sannfæringu sinni. Þessi regla hefur gilt síðan. Og þjóðin var spurð um þetta aftur nú þúsund árum seinna. Það er góð regla að taka málið upp á þúsund ára fresti. Það er eins nálægt dagatali eilífðarinnar og við dauðlegir menn getum skilið.

Og þjóðin svaraði og komst að sömu niðurstöðu og Þorgeir. Við skyldum hafa kristinn sið.

Snorri segir svo frá í Heimskringlu að skömmu eftir kristnitöku hafi Sighvatur skáld þá nýkominn frá Íslandi átt orðastað við Ólaf konung Haraldsson, sem við Íslendingar kölluðum jafnan Ólaf digra.

„Ólafur konungur spurði eftir vendilega hvernig kristinn dómur væri haldinn á Íslandi. Þá þótti honum mikilla muna ávant að vel væri því að þeir sögðu frá kristnihaldinu að það var lofað í lögum að eta hross og bera út börn sem heiðnir menn og enn fleiri hlutir þeir er kristnispell var í.“

Enn er misjafnt hvernig okkur ferst kristnihaldið og er þá átt við siðinn sjálfan. Deilt er um mannanna verk og mun svo verða áfram. En þjóðin var spurð um sið og svarið var afgerandi. Þess vegna verður kirkjan enn um sinn eign þjóðarinnar. Og þjónar kirkjunnar því þjónar okkar allra og þjóðin og kirkjan munu fylgjast að í blíðu og stríðu og verða ekki aðskilin. Kirkjan verður að umbera þjóðina og þjóðin verður að umbera kirkjuna, ekki

síður en Veðurstofan verður að umbera innanríkisráðherra og allir verða að fyrirgefa öllum að lokum.

Sums staðar er kristnihaldið eins og var undir Jökli, eilítið sérviskulegt en kærleiksríkt og hjálpar fólki í hinna hversdagslegu önn í gleði og sorg. Jón Prímus sagði að almættið væri eins og snjótittlingur sem öll veður hafa snúist gegn. Og þótt kirkjan sé ekki almáttug þá hefur henni kannski stundum liðið einsog snjótittlingi í óveðri. Og það hefur þjóðin líka reynt á undanförunum árum. Því saga kirkjunnar og þjóðarinnar verður ekki auðveldlega slitin í sundur.

Umburðarlyndi var það veganesti sem Þorgeir Ljósveitningagoði fékk íslensku kirkjunni. Vonandi hefur það elst vel því margir eru þeir sem hjartað leiðir í aðra átt í trúarlegum efnum. Og vonandi getur umburðarlyndið sameinað okkur öll.

Ég finn að landið er að rísa. Við finnum öll að landið er að rísa. Ísland er að stíga á fætur. Erfiðleikarnir eru vissulega ekki að baki. Enn mun það taka tíma - hugsanlega langan tíma - að vinna okkur út úr þeim vanda sem við höfum átt við að stríða vegna efnahagshrunsins og lýðræðiskreppunnar sem hrininu fylgdi.

En okkur mun takast það; okkur mun takast að sigrast á erfiðleikunum. Þjóðin veit að leiðin út úr vandanum er ekki að höggva á rótina til að ganga inn í nýja veröld sögulaus og allslaus.

Hún veit að við eigum að horfast í augu við okkur sjálf; greina það góða í okkur og okkar arfleifð og menningu og næra þá góðu rót sem hún er sprottin af.

Þetta þarf kirkjan að gera og það veit ég að hún mun gera. Óttalus, staðföst og sterk. Það er sú kirkja sem þjóðin greiddi atkvæði um.

Það er sú kirkja sem þjóðin ákvað að ætti að vera með okkur um ókominn tíma.

Niðurstaða þjóðarinnar er áskorun á hendur kirkjunni. Ég veit að hún mun svara kalli þjóðarinnar; rísa undir þeirri ábyrgð sem ætlast er til að hún axli sem þjóðkirkja.

Ég er hingað kominn til að óska þjóðkirkjunni á Íslandi góðs um ókominn tíma.

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Innanríkisráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Síðastliðið ár hefur verið ár mannaskipta í yfirstjórn kirkjunnar. Ég stend hér við setningu kirkjuþings í fyrsta skipti sem biskup Íslands ef frá er talið aukakirkjuþingið sem haldið var þann 1. september síðast liðinn. Einnig hefur tekið við nýr forseti kirkjuþings. Fyrir mína hönd og kirkjunnar í landinu þakka ég fráfarandi biskupi, herra Karli Sigurbjörnssyni fyrir biskupsþjónustuna sem og fyrrum vígslubiskupi á Hólum Jóni Aðalsteini Baldvinssyni, sem lét af embætti 1. september s.l. Einnig Pétri Kr. Hafstein sem var forseti kirkjuþings sem og Margræti Björnsdóttur er tók við af honum í byrjun þessa árs. Ég vænti góðs samstarfs okkar biskupanna þriggja Kristjáns Vals Ingólfssonar og Solveigar Láru Guðmundsdóttur og ykkar kirkjuþingsfulltrúanna. Þið eruð reynd sem og margt af því starfsfólki biskupsstofu sem undirbúið hefur þingið og vinnur hér á þinginu. Ég þakka þeim undirbúninginn svo og þeim er flutt hafa tal og tóna hér í dag.

Þið kirkjuþingsfulltrúar hafið setið hér áður, sum fleiri kjörtímabil. Ég treysti því að ég deili með ykkur þeim skilningi mínum að við biskupar og kirkjuþingsfulltrúar séum að vinna sameiginlega að því að efla kirkjuna okkar, sem flytur þjóðinni erindi fagnaðar og kærleika. Eitt af hlutverkum biskups er að fylgja eftir reglum er kirkjuþing setur, sem og samþykktum þess og markaðri stefnu. Nauðsynlegt er að sátt og eining ríki sem og traust og heiðarleiki okkar í millum.

Kirkjan okkar er ekki eyland í kirkjusamfélaginu. Hún hefur samstarf við aðrar lúterskar kirkjur erlendis sem og kirkjudeildir hér á landi. Það var ánægjulegt við biskupsvígsluna í sumar að aldrei hafa fleiri erlendir biskupar verið viðstaddir biskupsvígslu á Íslandi. Við eigum því vini í nágrannalöndum okkar og samstarf við aðrar kirkjur. Þar erum við ekki aðeins þiggjendur heldur höfum við einnig ýmislegt fram að færa. Má þar nefna að námskeiðið „Konur eru konum bestar“ hefur nú verið flutt út ef svo má segja öðrum konum til styrktar, en þetta sjálfstyrkingarnámskeið miðar að því að byggja upp sjálfsmynd kvenna og sjá sjálfar sig í ljósi Biblíunnar.

Á erfiðum tímum kirkjunnar bar á því að sjálfsmynd hennar væri ekki sterk. Í mótlæti er auðvelt að efast um sjálf okkur og það sem við höfum fram að færa. Það á jaft við um einstaklinga sem og samfélagið allt þar á meðal kirkjuna. Um tíma var sem sjálfsmynd okkar væri brotin, fórum næstum með veggjum, eins og við værum með smitandi sjúkdóm. Létum telja okkur trú um að nærveru okkar væri ekki óskað. Samt vissum við innst inni að erindi okkar var brýnt, lífgefandi og bætandi. En nú er sem aðeins hafi rofað til í kirkjunnar sál og eru eflaust nokkrar ástæður fyrir því. Ein þeirra er að þjóðinni gafst kostur á því að tjá álit sitt á nokkrum atriðum í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna og tiltekin álitafni þeim tengd, þann 20. október s.l. Ein spurningin fjallaði um þjóðkirkjuna en þar var spurt: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?“ Niðurstaðan var að meira en helmingur þeirra sem kusu vildu áfram hafa ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskránni. Niðurstaðan kom einhverjum

á óvart, mörgum þó gleðilega á óvart, en hún er liður í því að efla og styrkja sjálfsmynd kirkjunnar. Í ljós kom að það góða starf sem unnið er í söfnuðum landsins er metið að verðleikum og þjóðin tók mark á ályktunum Kirkjuráðs, kirkjuþings, leikmannastefnu og fleiri aðila innan Þjóðkirkjunnar, sem hvöttu til þess að spurningunni væri svarað játandi. Þjóð og kirkja hafa átt farsæla samleið í gegnum aldirnar og sá kristni siður sem mótað hefur hugsunarhátt og mannlíf þjóðarinnar er sá trausti grunnur sem þjóðin kys að standa á.

Kirkjan hefur fengið byr í seglin og ljóst að meirihluti þjóðarinnar treystir henni til áframhaldandi góðra verka og forystu í þágu kristni hér á landi. En ábyrgð hennar er líka mikil. Það verðum við alltaf að hafa í huga, bæði hér á kirkjuþingi sem og í söfnuðunum og hjá yfirstjórninni.

Þau sem kirkjunni þjóna, bæði leik og lærð, hafa tekið á sig byrgðar vegna niðurskurðarins sem orðið hefur. Sóknargjöldin hafa lækkað umtalsvert svo nú stefnir í neyðarástand í sumum sóknnum. Fjárhagsstaðan er óviðunandi eins og fram kom í ályktun aukakirkjuþings þann 1. september síðast liðinn. Sóknirnar hafa tekið á sig skerðingu umfram stofnanir innanríkisráðuneytisins, sem nemur 25%. Þetta hefur leitt til fækkunar starfsfólks í sóknunum eins og kunnugt er og álagið á þau er eftir eru er því meira. Auk þess hefur Þjóðkirkjan tekið á sig skerðingu eins og aðrar stofnanir þjóðfélagsins eftir hrun fjármálakerfisins, en kirkjuþing hefur í þriggja samþykkt viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Bág fjárhagsstaða sem og ýmsir aðrir erfiðleikar er Kirkjan hefur gegnið í gegnum hefur þreytt kirkjunnar þjóna og að mínu mati gert okkur tilbúnari til að efast um hugmyndir og aðgerðir og aukið vantraust á þeim er eiga að fylgja þeim eftir og framkvæma. Það örlar á ótta við hið óþekkta og framtíðina en það er afleit tilfinning og gerir engum gott. Það er heldur ekki gott að gera öðrum upp hugsanir. Við verðum að treysta því að hugmyndasmiðum gangi gott eitt til en ekki illt. Við eigum að lifa í samræmi við boðskap Krists. Hann talar oft um óttaleysið. „Vertu ekki hrædd, litla hjörð“ „verið óhræddir“ „óttist ekki“. Hversu oft skyldi vera nefnt í Biblíunni að við eigum ekki að óttast. Við megum ekki ganga fram í ótta. Við megum ekki láta óttann ná tökum á okkur. Við verðum að treysta því að tillögur séu skoðaðar óttalaust svo besta mögulega niðurstaða fáiast. Stundum þarf að afgreiða tillögur fljótt, stundum má leyfa þeim að gerjast.

Í gær var haldið kirkjuþing unga fólksins hér í Grensáskirkju. Þar voru sex tillögur bornar fram. Ein þeirra fjallaði um einelti og Kirkjan hvött til að leggja sitt af mörkum til að vinna gegn einelti og uppræta það. Í fyrradag var minnt á að vinna gegn einelti. Hvatt var til þess að kirkjuklukkum væri hringt af þessu tilefni og var klukkum hringt víða um land. Einelti er alvarlegt vandamál sem víða hefur orðið vart við. Nú hefur ungt kirkjufólk vakið athygli okkar á þessu vandamáli og vil ég fylgja eftir samþykkt kirkjuþings unga fólksins um þetta mál, því líklegt er að engin stofnun þjóðfélagsins sé laus við það, ekki heldur Kirkjan.

Kirkjan er eins og heimili, þar sem fjölskyldumeðlimir eru margir og á öllum aldri. Þar sem allir þurfa sitt rými og samheldni á að ríkja. Heimilisfólk er ekki alltaf sammála, en

markmiðið er að komast að niðurstöðu með málamiðlun. Á þessu heimili þarf að taka til og það getur reynst mikið verk. Þess vegna þarf að skipta með sér verkum til að verkið vinnist. Það er ekki hægt að ætlast til þess að einn vinni fyrir alla, heldur leggi allir sitt af mörkum. Á kirkjuheimilinu er nauðsynlegt að skipta með sér verkum. Á tímum niðurskurðar og endurmats er nauðsynlegt að líta til þess að skipta með sér vekefnum og ábyrgð. Það þarf ekki að vinna alla hluti í hundrað og einum. Það er hægt að fela til dæmis prófastsdæmum ábyrgð á ákveðnum þáttum starfsins kirkjunnar allri til gagns. Það má líka fara að huga að því að leysa mál heima fyrir í nærsamfélaginu, þar sem fólkið þekkir aðstæðurnar best. Þannig eflum við ábyrgðina í kirkjunnar og skilninginn á því sem við er að etja.

Hlutverk kirkjunnar er það sama og áður. Við stefnum öll að sama marki. Störfum öll á sama vettvangi að boða trú á Jesú Krist. Það er gert í orði og í verki. Til þess að það gangi er nauðsynlegt að hafa gott skipulag og þjóna sem sinna því hlutverki. Það er mikilvægt að muna eftir því að kirkjan er það fólk er henni tilheyrir. Kirkjan er fólk á ferð. Þess vegna er það sístætt hlutverk kirkjuþings að huga að skipulagsmálunum og reyna að finna bestu lausnir á hverjum tíma. Það er ekki létt verk en nauðsynlegt. Sú vinna tekur í raun aldrei enda. Skipulagsbreytingar bitna oft en ekki á söfnuðum og starfsfólki og því nauðsynlegt að vanda vinnubrögðin. Við skulum ekki óttast tillögur og umræður í þeim efnum en leggja okkur fram um að ná viðunandi niðurstöðu.

Kirkjan hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Hún sameinar fólk á stundum gleði og sorgar. Hún heldur á lofti lífsgildum sem eru grunnstoðir samfélagsins og hún viðheldur minningu og menningu þjóðarinnar. Hún tekur þátt í lífi einstaklinga og fjölskyldna á tímamótum og mikilvægum stundum. Kirkjan er gömul stofnun en samt síung því hún tekur mið af samtímanum hverju sinni. Framundan eru mikilvæg minningarár. Eftir tvö ár verður haldið upp á 200 ára afmæli Biblíufélagsins, elsta félags landsins og eftir fimm ár verða 500 ár frá því Lúther negldi skjal með 95 greinum upp á dyr hallarkirkjunnar í heimabæ sínum þar sem hann mótmaelti aflátssölu kaþólsku kirkjunnar. Það er gott að nota tækifærin sem gefast til að minnast þeirra stoða er kirkjan okkar hvílir á, Orðs Guðs og kenninga Lúthers. Lúther hafði engan áhuga á því að halda nafni sínu á lofti. Fyrir honum var trúin aðalatriðið. Fagnaðarerindið er aðalatriðið sagði hann og á það við enn þann dag í dag. Þetta skyldum við hafa í huga þegar við tölum um trú og kirkju í orðræðu dagsins. Kirkjan er ekki aðalatriðið, heldur trúin, enda væri engin kirkja til ef trúin væri ekki fyrir hendi.

Við sem kirkjunnar þjónum erum hendur hans er leiðir, styður og blessar. Hans sem sagðist ekki myndi skilja okkur eftir ein heldur senda okkur andann heilaga, sem enn er að verki í Kirkjunnar og heiminum öllum. Í þeirri trú skulum við starfa á þessu kirkjuþingi. Í þeirri vissu að okkur verður leiðbeint og stýrt til góðra verka.

Áfram því með dug og dáð,
Drottins studdir ást og náð.
Sé hann með oss, ekkert er
óttalegt. Þá sigrum vér.

Ávarp forseta kirkjuþings unga fólksins, Jónínu Sifjar Eypórsdóttur

Biskup, vígslubiskupar og aðrir gestir

Kirkjuþing unga fólksins 2012 fór fram hér í Grensáskirkju í gær. Þingið starfaði frá 10-17 og sátu 20 fulltrúar á þinginu þar af um helmingur í fyrsta sinn.

Fyrir kirkjuþingi lágu sex mál sem fulltrúar lögðu fram að eigin frumkvæði. Þess ber að geta að í fyrra lágu þrjú mál fyrir þinginu og er þetta því greinilegur vöxtur milli ára. Hver veit nema 12 mál muni liggja fyrir þinginu á næsta ári.

Málin sem lágu fyrir voru:

Tillaga til þingsályktunar um afstöðu kirkjunnar gegn einelti

Kirkjuþing unga fólksins skorar á kirkjunna að koma aðgerðaráætlunn sinni í gang strax á næsta ári, eigi síðar en 1. mars 2013.

Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi kirkjuþings unga fólksins

Að starfsreglum kirkjuþings unga fólksins verði breytt á þeim forsendum sem Kirkjuþing unga fólksins leggur til í samþykktu nefndar álit.

Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi skimunar starfsfólks í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins krefst þess skilyrðislaust að undantekning á 217. gr almennra hegningarlaga verði tekin úr samþykkt fyrir öflun upplýsing úr sakaskrá, sjálfboðaliða og starfsmanna kirkjunnar.

Ályktun gegn áframhaldandi niðurskurði á sóknargjöldum kirkjunnar

Kirkjuþing unga fólksins krefst tafarlausrar leiðréttingar á niðurskurðinum sem hefur bitnað æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar og beinir því til stjórnvalda að þau leiðrétti hann tafarlaust.

Tillaga til þingsályktunar um innflytjendamál

Kirkjuþing unga fólksins vill benda á mikilvægi þess að efla samtal kirkjunnar við innflytjendur hér á landi.

Tillaga til þingsályktunar um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing unga fólksins vill minna samþykkt um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á Kirkjuþingi 2009. „Virðum sköpunarverkið og tókum græn skref til framtíðar“.

Eins og heyra má fjallaði kirkjuþing unga fólksins um mörg og misjöfn mál sem eiga það þó sammerkt að vera ákaflega mikilvæg. Við köllum eftir skýrum viðbrögðum kirkjuþings og að fulltrúum kirkjuþings unga fólksins verði sýnd sú virðing að unnið verði heilshugar að öllum þessum málum.

Við mælum með því að fulltrúar kirkjuþings kynni sér þessi mál betur, enda eru þau aðgengileg á vef kirkjuþings. Með þeim hætti getum við átt virkt samtal.

Að lokum vill kirkjuþing unga fólksins þakka biskupi, vígslubiskupum, starfsfólki biskupsstofu sem og öðrum sem sóttu kirkjuþing unga fólksins fyrir samveruna á þingdegi. Það gefur ungu fólki sterk skilaboð að sjá að yfirstjórn kirkjunnar lætur sig málin varða.

Og ekki væri úr vegi að minna kirkjuþing á að starfa með sömu gleði í hjarta og bjó í fulltrúum kirkjuþings unga fólksins sem láta sig heildina varða.

Kosningar í upphafi kirkjuþings 2012

Kosning fastra þingnefnda Kirkjuþings

Löggjafarnefnd

Ásbjörn Jónsson
Birgir Rafn Styrmisson
Dagný Halla Tómasdóttir
Ingileif Malmberg
Leifur Ragnar Jónsson
Margrét Björnsdóttir
Magnús Björn Björnsson
Óskar Ingi Ingason
Steindór R. Haraldsson

Fjárhagsnefnd

Bjarni Kr. Grímsson
Egill Heiðar Gíslason
Gunnlaugur Stefánsson
Inga Rún Ólafsdóttir
Ólafur B. Valgeirsson
Skúli Sigurður Ólafsson
Pétur Björgvin Þorsteinsson
Svana Helen Björnsdóttir
Svavar Stefánsson

Allsherjarnefnd

Baldur Kristjánsson
Birna G. Konráðsdóttir
Elínborg Gísladóttir
Gísli Gunnarsson
Þórunn Júlíusdóttir
Margrét Jónsdóttir
Marínó Bjarnason
Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir
Sigurður Árni Þórðarson
Stefán Magnússon

Kosning formanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Ingileif Malmberg

Fjárhagsnefnd

Svana Helen Björnsdóttir

Allsherjarnefnd

Elínborg Gísladóttir

Kosning varaformanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Dagný Halla Tómasdóttir

Fjárhagsnefnd

Inga Rún Ólafsdóttir

Allsherjarnefnd

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Þingskrifrarar

Birgir Rafn Styrmisson

Egill Heiðar Gíslason

Þingforseti er Magnús E. Kristjánsson

Skýrsla kirkjuráðs

Inngangur

Kirkjuráð var kjörið til fjögurra ára á kirkjuþingi 2010, en kosið var til kirkjuþings á því ári. Í kirkjuráði sitja auk biskups Íslands, sem er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt, Ásbjörn Jónsson, sr. Gísli Gunnarsson, sr. Gunnlaugur Stefánsson, og Katrín Ásgrímsdóttir. Varamenn eru Birna G. Konráðsdóttir, sr. Sigurður Árni Þórðarson, sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir og Svana Helen Björnsdóttir.

Pétur Kr. Hafstein sagði þann 27. mars 2012 af sér sem forseti kirkjuþings af heilsufarsástæðum og lét einnig af öðrum trúnaðarstörfum fyrir kirkjuna. Kirkjuráð þakkar Pétri fyrir mikil og farsæl störf sín að málefnum kirkjunnar. Margrét Björnsdóttir, fyrsti varaforseti kirkjuþings, tók sæti hans.

Haldið var aukakirkjuþing laugardaginn 1. september 2012 og var þá kosinn nýr forseti þingsins og varaforsetar úr röðum leikmanna á kirkjuþingi. Magnús E. Kristjánsson var kosinn forseti kirkjuþings og gildir kosning hans út núverandi kjörtímabil kirkjuþings. Fyrsti varaforseti kirkjuþings var kjörinn Inga Rún Ólafsdóttir og annar varaforseti Stefán Magnússon. Kosning beggja varaforseta gildir til reglulegs kirkjuþings 2012.

Kosningar til embættis biskups Íslands og embættis vígslubiskups Hólaumdæmis fóru fram á starfsárinu. Karl Sigurbjörnsson, biskup, baðst lausnar frá embætti biskups Íslands frá 30. júní 2012 að telja. Einnig baðst sr. Jón A. Baldvinsson, vígslubiskup Hólaumdæmis, lausnar frá embætti sínu frá og með 31. ágúst 2012 að telja.

Kirkjuráð ályktaði eftirfarandi um framkvæmd biskupskosninga áður en þær fóru fram:

- Þau sem gefa kost á sér til biskupsembættis og þau sem vinna að kjöri þeirra gæti þess að halda í heiðri siðareglur embættismanna og starfsfólks þjóðkirkjunnar og gæti þess að orð þeirra og athafnir séu þjóðkirkjunni til sóma og málstað hennar til framdráttar.
- Til að auðvelda kynningu á frambjóðendum verði haldnir kynningarfundir í öllum landshlutum. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs skipuleggi þessa fundi í samráði við héraðsnefndir, sem allir frambjóðendur og kosningabærir prestar og leikmenn prófastsdæmisins eru boðaðir til. Kostnaður við fundina greiðist úr kirkjumálasjóði. Ekki er greiddur ferðakostnaður fundarmanna og frambjóðenda.
- Kirkjuráð gangist fyrir og kosti útgáfu á sameiginlegu kynningarefni um frambjóðendur til biskupskjörs. Jafnframt verði kynningarefni um frambjóðendur gert aðgengilegt á sérstöku vefsvæði á vef kirkjunnar. Frambjóðendum og stuðningsmönnum þeirra sé gefinn kostur á að kynna málstað sinn í framangreindum miðlum. Fyllsta jafnræðis sé þar gætt um aðgengi.

Sr. Agnes M. Sigurðardóttir var kosin biskup Íslands og sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup í Hólaumdæmi.

II. Starfsemi og skipulag kirkjuráðs

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknum margháttaða ráðgjöf um fjármál.

Kirkjuráðsfundir

Kirkjuráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði á Biskupsstofu og á þessu starfsári hefur ráðið haldið 12 fundi. Auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra, Guðmundar Þórs Guðmundssonar, sitja að jafnaði fundi ráðsins Ragnildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri Biskupsstofu og sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari. Forseti kirkjuþings hefur setið fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Forsætisnefnd og formenn nefnda kirkjuþings sátu kirkjuráðsfund þann 1. desember sl. þegar ræddar voru ályktanir og samþykktir kirkjuþings 2011. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

Sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, lét af því starfi 30. september 2012. Nýr biskupsritari, sr. Þorvaldur Víðisson, kom til starfa í byrjun október 2012.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs hefur ritað fundargerðir kirkjuráðs en eftirleiðis mun nýr biskupsritari annast ritun fundargerða.

Starfshópar kirkjuráðs

Starfshópar kirkjuráðs eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands.

Skipun hópanna er sem hér segir:

1. Fjármálahópur, sem á sér samsvörun við fjárhagsnefnd kirkjuþings:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður fjárhagsnefndar, fulltrúi kirkjuþings, sr. Gísli Gunnarsson og sr. Gunnlaugur Stefánsson, fulltrúar kirkjuráðs og Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, fulltrúi biskups Íslands.

2. Kirkjustarfshópur sem á sér samsvörun við allsherjarnefnd kirkjuþings:

Sr. Elínborg Gísladóttir, formaður allsherjarnefndar kirkjuþings, fulltrúi kirkjuþings,

Katrín Ásgrímsdóttir, fulltrúi kirkjuráðs og Þorvaldur Karl Helgason, fulltrúi biskups Íslands.

3. Lagahópur kirkjuráðs, sem á sér samsvörun við löggjafarnefnd kirkjuþings: Ingileif Malmberg, formaður löggjafarnefndar, fulltrúi kirkjuþings, Ásbjörn Jónsson, fulltrúi kirkjuráðs og Guðmundur Þór Guðmundsson, fulltrúi biskups Íslands

III. Helstu verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

Ályktanir og samþykktir kirkjuþings 2011

Kirkjuþing 2011 var haldið í Grensáskirkju dagana 10. – 18. nóvember 2011. Á þinginu voru lögð fram 36 mál þar af voru tíu þingmannamál, kirkjuráð flutti 15 mál, biskup Íslands átta mál, forsætisnefnd eitt mál og innanríkisráðherra eitt mál.

Að venju voru *Gerðir kirkjuþings* gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar er finna breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur og ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum. Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykta kirkjuþings.

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs

Í ályktun kirkjuþings í 1. máli segir m.a.:

Tillögur um nýja stjórnarskrá

(Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari).

Þjóðkirkjan líður ekki kynferðisbrot

Kirkjuþing ítrekar að þjóðkirkjan líður ekki kynferðisbrot. Þjóðkirkjan vill:

- efla forvarnir og fræðslu varðandi kynferðisbrot.
- vinna gegn ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist.
- taka sér stöðu með þeim sem brotið er á, styðja og vernda þolendur.
- setja sér vandaðar verklags- og siðareglur.
- eiga í góðu samstarfi við alla sem vinna af fagmennsku að þessum málum.
- læra af þeim sem best þekkja til og hafa mikla reynslu.
- setja sér það markmið að fræðsla, forvarnir og viðbrögð í málum er varða kynferðisbrot skuli alltaf miðuð við það besta sem þekkist.
- hvetja þá einstaklinga sem telja á sér brotið að nýta sér öll þau úrræði sem í boði eru í samfélaginu, sjálfum sér til öryggis, hjálpar og réttlætis.
- vera öruggt skjól til að leita til og veita hjálp, ráð og huggun.

Ályktunin var birt á heimasíðu kirkjunnar.

Opin kirkja

Kirkjuþing 2011 leggur áherslu á að þjóðkirkjan saknar þeirra sem hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni og þar með yfirgefið söfnuði sína. Þjóðkirkjan vill vinna að því að þau finni sig ávallt velkomin í kirkjuna og starf safnaðanna.

Ályktunin var birt á heimasíðu kirkjunnar.

Skóli og kirkja

Kirkjuþing 2011 hvetur til að sveigjanleika sé gætt í samskiptum skóla og trúar- og lífsskoðunarhópa í anda óbreyttrar trúfrelsishefðar á Íslandi. Hún felur í sér víðtækt frelsi til tjáningar og iðkunar trúar en virðir jafnframt ólíkar lífsskoðanir.

Foreldraréttur skal virtur. Trúarleg og siðferðileg mótun ungmenna sé í samræmi við trú eða lífsskoðanir foreldra.

Ályktun þessi birtist á heimasíðu kirkjunnar, var send mennta- og menningarmálaráðherra og öllum sveitarfélögum.

Tilgátu-miðaldakirkja

Kirkjuþingi 2011 hafa verið kynntar hugmyndir áhugahóps fjárfesta um endurgerð miðaldakirkju í Skálholti. Kirkjuþing felur kirkjuráði að kanna, án skuldbindinga, alla þætti í fjármögnun, skipulagi og rekstri varðandi byggingu tilgátukirkju í Skálholti.

(Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari).

Þjónustumiðstöð kirkjunnar

Kirkjuþing 2011 felur kirkjuráði að vinna með tillögur sem Ríkisendurskoðun hefur lagt fram um biskupsstofu, sóknir og sjóði kirkjunnar. Hugmyndirnar hafa áður verið ræddar í þjóðkirkjunni. Þingið felur kirkjuráði að vinna að umbótum í anda skýrslunnar.

(Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari).

Fjármál

Kirkjuþing 2011 felur kirkjuráði að gera fjárhagsáætlanir til lengri tíma og langtímaspá um þróun fjármála kirkjunnar. Forðast verði eins og unnt er að ganga á höfuðstól til að mæta rekstrarútgjöldum. Sala fasteigna verði hófstíllt og skynsamleg. Fjárframlög dugi til reksturs þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð hefur tekið mið af framangreindri ályktun við undirbúning fjárhagsáætlana og sölu fasteigna (sjá einnig umfjöllun um 2. mál kirkjuþings 2011 síðar í skýrslunni).

Kirkjutónlist

Kirkjuþing 2011 felur kirkjuráði að fella ekki niður fjárframlag til Tónskóla þjóðkirkjunnar og til embættis söngmálastjóra því mikilvægt er að hlúa að tónlistarstarfi kirkjunnar.

Kirkjuráð varð við þessum tilmælum. (Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari).

2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

Í nefndaráliti fjárhagsnefndar segir m.a.:

Fjárhagsnefnd beinir eftirfarandi til kirkjuráðs og biskups Íslands:

1. *Að gerður verði formlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda.*
Biskup Íslands hefur unnið greinargerð um sögulega þróun sóknargjalda sem fylgir þessari skýrslu og stefnt er að viðræðum við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda.
2. *Að farið verði að tilmælum Ríkisendurskoðunar um að sjóðakerfi kirkjunnar verði einfaldað og gert gegnsærra.*
Unnið hefur verið að nýrri framsetningu fjárhagsáætlunar þar sem hver starfseining er sett fram og áætlaður rekstrarkostnaður einingarinnar í stað málaflokka og verkefna. Einnig hefur komið fram sú hugmynd að Hinn almenni kirkjusjóður frá 1890 verði samstæða rekstrar, stofnana og sjóða í vörslu kirkjuráðs. Miðað er við, gangi þessar hugmyndir eftir, að áætlanir verði settar fram og bókhald fært í samræmi við framangreinda fjárhagsáætlun frá og með árinu 2014.
3. *Að leitað verði leiða til að efla fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf til sókna þjóðkirkjunnar.*
Starfshlutfall verkefnisstjóra fjármála sókna á Biskupsstofu hefur verið aukið til að mæta þessum tilmælum.
4. *Að fjárhagsáætlun verði gerð til næstu þriggja ára með það að markmiði að jafnvægi ríki í fjármálum kirkjunnar. Áætlun taki mið af þeim skipulagsbreytingum sem unnið er að.*
Kirkjuráð fól starfshópum sínum að ræða þessa samþykkt nánar tiltekið þannig að kirkjustarfshópur ræddi, á grundvelli þjónustunnar, hagnýtingu starfsfólks kirkjunnar og skipulag sókna og prestakalla á þeim grundvelli, fjármalahópur ræddi tekjur þjóðkirkjunnar, sóknargjöld og hugsanlegan samning við ríkið þar að lútandi. Einnig sölu eigna og lántökur.
Lagahópur ræddi um rekstur og aðstöðu embætta þjóðkirkjunnar.
Þá óskaði kirkjuráð eftir að fasteignanefnd kirkjunnar aflaði upplýsinga um hlunnindi af fasteignum kirkjunnar og allar leigutekjur.
Kirkjustarfs- og lagahópur lögðu fram sameiginlega tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem fjalli um skipan prestsþjónustunnar í ljósi hagræðingar í fjármálum kirkjunnar. Kirkjuráð ákvað að flytja ekki tillögu þar að lútandi. Hvað varðar sóknargjöld og hugsanlegan samning við ríkið skal vísað til umfjöllunar um sóknargjöldin síðar í skýrslunni.
Hvað varðar rekstur og aðstöðu embætta þjóðkirkjunnar var m.a. til umfjöllunar erindi frá Prestafélagi Íslands um hækkun embættiskostnaðar en hann hefur í hagræðingarskyni verið lækkaður sl. ár. Hvað varðar hlunnindi og leigutekjur er það mál ennþá í vinnslu.
5. *Að hvatt verði til þess að sóknir og/eða prófastsdæmi sameinist um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi og innkaupum.*
Þessi tilmæli voru kynnt. Sjá einnig bókun við 5. og 6. mál kirkjuþings.
6. *Að kirkjuráð hafi forystu um að fulltrúar sókna upplýsi alþingismenn um alvarlega fjárhagsstöðu sóknanna og mikilvægi þess að sóknargjöld verði leiðrétt. Þannig verði fylgt eftir fundi fulltrúa kirkjuráðs með fjárlaganefnd Alþingis fyrr í nóvember 2011.*
(Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari).

Í ályktun kirkjuþings í 2. máli – Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar - segir m.a.:
Kirkjuþing 2011 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2010 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust.
Farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþingsfrá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2010 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.
Rekstraráætlun fyrir árið 2012 um helstu viðfangsefni þjóðkirkjunnar, er í samræmi við megináherslur kirkjuþings með hliðsjón af þeim fjárhagsramma sem þjóðkirkjan býr við.
Kirkjuþing vekur athygli á því að sóknargjöld hafa lækkað um 20% frá árinu 2008 að teknu tilliti til úrsagna úr þjóðkirkjunni. Á sama tíma hafa greiðslur til stofnana innanríkisráðuneytisins hækkað vegna verðlagsbóta um 5%. Nú er svo komið að ekki er unnt að halda úti grunnstarfi í mörgum sóknum víðsvegar um landið, þar sem rekstrarkostnaður og fjármagnskostnaður hefur hækkað verulega á þessu tímabili.
Kirkjuþing lýsir þungum áhyggjum af þessari þróun. Sóknargjöld eru félagsgjöld og grundvöllur kirkjustarfsins í heimabyggð. Skorað er á ríkisstjórn og Alþingi að beita sér fyrir því að sóknargjöldin verði leiðrétt til samræmis við þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins þannig að sóknargjöldin verði 919 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda á árinu 2012.
(Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari um fjármál).

5. mál. Þingsályktun um sameiningu prófastsdæma

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:
Kirkjuþing 2011 ályktar að beina því til kirkjuráðs að mynda starfshóp sem geri tillögu um framtíðarskipan prófastsdæma í þjóðkirkjunni. Starfshópurinn skili tillögum til kirkjuþings 2012.
Kirkjuráð leggur fram tillögu um málið á kirkjuþingi 2012, eins og nánar er gerð grein fyrir síðar í skýrslu þessari.

6. mál. Þingsályktun um sameiningu sókna innan prestakalla

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:
Kirkjuþing 2011 hvetur sóknarnefndir til að kynna sér kosti sameiningar sókna innan prestakalla og hefja undirbúning að sameiningu þar sem hentugt þykir og sátt næst um.
Kirkjuþing beinir því til kirkjuráðs að fylgja málinu eftir með kynningu og ráðgjöf til sóknarnefnda.
Kirkjuráð kynnti sóknum framangreinda ályktun og einnig var hún send próföstum til kynningar á héraðsfundum. Þá var gefinn út á vegum kirkjuráðs bæklingur til fræðslu og upplýsinga um málið. Bæklingurinn var sendur sóknarnefndum, vígðum þjónum og kirkjuþingsfulltrúum.

7. mál. Þingsályktun um félagatal þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:
Kirkjuþing 2011 ályktar að beina því til kirkjuráðs að skipa starfshóp til að meta hagsmuni og

Þörf þjóðkirkjunnar á rafrænni skráningu félagsmanna sinna, skráningu ýmissa prestsverka og annarrar starfsemi þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn móti tillögur til kirkjuráðs um hvað skrá skuli og hvernig slík skráning verði framkvæmd á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt. Starfshópurinn skili kirkjuráði tillögum sínum fyrir 1. ágúst 2012. Kirkjuráð leggi fyrir kirkjuþing 2012 álit ráðsins á því hvernig best sé staðið að skráningu félagsmanna í þjóðkirkjunni og annarra þátta samkvæmt ályktun þessari.

Kirkjuráð ákvað að skipa starfshóp til að fjalla um málið. Í starfshópnum voru Ægir Örn Sveinsson, starfsmaður Þjóðskrár, Örvar Kárason, verkefnisstjóri upplýsingatæknimála á Biskupsstofu, sr. Gísli Jónasson, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og sr. Axel Árnason, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi. Hópurinn skilaði skýrslu til kirkjuráðs þar sem tillögur voru settar fram um málið. Kirkjuráð flytur mál á grundvelli skýrslunnar á kirkjuþingi 2012 eins og nánar er gerð grein fyrir síðar í skýrslu þessari.

8. mál. Þingsályktun um fimm alda minningu siðbótarinnar

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:

Kirkjuþing 2011 ályktar að fela kirkjuráði að skipa fimm manna nefnd til að undirbúa fimm alda minningu siðbótarinnar árið 2017. Nefndin skal skipuð fimm fulltrúum, einum kjörnum af kirkjuþingi, einum af kirkjuráði, einum fulltrúa tilnefndum af guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af innanríkisráðherra og einum fulltrúa tilnefndum af biskupi og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kirkjuráð skipaði samkvæmt framanskráðu í nefnd til að undirbúa fimm alda minningu siðbótarinnar árið 2017 eftirtalda fulltrúa:

Dr. Gunnar Jóhannes Gunnarsson, tilnefndur af biskupi Íslands og er hann formaður nefndarinnar, sr. Solveigu Láru Guðmundsdóttur, kjörin af kirkjuþingi, dr. Sigurjón Árna Eyjólfsson, kjörinn af kirkjuráði, dr. Arnfríði Guðmundsdóttur, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og Ævar Kjartansson, tilnefndur af innanríkisráðherra.

Að tillögu biskups mun Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri á Biskupsstofu starfa með nefndinni og nefndin mun fá vinnuáðstöðu á Biskupsstofu.

9. mál. Þingsályktun um laun fyrir aukaverk presta

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:

Kirkjuþing ályktar að fyrirkomulagi um greiðslur fyrir aukaverk skuli breytt. Þingið beinir til kirkjuráðs að stofna starfshóp sem geri tillögur og geri grein fyrir niðurstöðum á kirkjuþingi 2012.

Kirkjuráð samþykkti að skipa í starfshóp um framangreint málefni þau Ingu Rún Ólafsdóttur, kirkjuþingsfulltrúa, sem fulltrúa kirkjuráðs, sr. Þorvald Karl Helgason, biskupsritara, sem fulltrúa biskups og sr. Magnús Magnússon, fulltrúa Prestafélags Íslands. Starfshópurinn hefur lokið störfum og er niðurstaða hópsins er sú að kirkjuþing, að núgildandi lögum, einkum með hliðsjón aflögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, komi ekki að ákvörðunum um laun presta eða ákvörðun um gjald fyrir aukaverk presta. Kirkjuráð er sammála niðurstöðu nefndarinnar og telur ekki efni til að bregðast frekar við tillögunni að svo stöddu.

12. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:

Kirkjuþing 2011 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi

1. Jörðin Kálfafellsstaður, Sveitarfélaginu Hornafirði
2. Jörðin Holt undir Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra
3. Tröð, 50 ha. jarðnæði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
4. Jörðin Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi
5. Brattahlíð 5, Hveragerði, Hveragerðisbæ
6. Túngata 20, Eyrarbakka, Árborg
7. Háaleiti, Þorlákshöfn, Ölfus
8. Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi
9. Hólagata 42, Vestmannaeyjum
10. Smáragata 6, Vestmannaeyjum

Kjalarnessprófastsdæmi

11. Ránargata 1, Grindavík
12. Keilisbraut 775 (Kapella ljóssins), Reykjanesbæ
13. Breiðbraut 672 (raðhús b og c), Reykjanesbæ
14. Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði
15. Mosfell I, (íbúðarhús ásamt leigulóð) Mosfellsbæ
16. Tvær lóðir úr Mosfelli II, (Dalsgarður og Víðigerði) Mosfellsbæ

Vesturlandsprófastsdæmi

17. Laugarbraut 3, Akraneskaupstað
18. Staðarhóll, Hvanneyri, Borgarbyggð

Vestfjarðaprófastsdæmi

19. Spilda úr prestssetrinu á Reykhólum
20. Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ
21. Jörðin Árnes I, Árneshreppi

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

21. Hlíðarbraut 20, Blönduósi
23. Barmahlíð 8, Sauðárkróki
24. Jörðin Prestbakki II, Bæjarhreppi
25. Jörðin Borgarhóll, Akrahreppi

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

26. Austurvegur 9, Hrísey, Akureyri

Austurlandsprófastsdæmi

27. Kolfreyjustaður, Fjarðabyggð

Reykjavíkprófastsdæmi vestra

28. Laugavegur 31, Reykjavík
29. Hjarðarhagi 30, l.h.t.h. Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2012.

Eignir sem seldar hafa verið samkvæmt framangreindri söluheimild eru raðhúsaíbúðir

við Breiðbraut 672, jörðin Prestbakki II, Bæjarhreppi og Hlíðarbraut 20, Blönduósi. Viðræður hafa staðið yfir vegna sölu á fleiri eignum en ekki hefur verið gengið frá kaupsamningum um þær. Kirkjuráð hefur í huga samþykkt kirkjuþings um að sala fasteigna kirkjunnar skuli vera hófstíllt og skynsamleg.

13. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1027/2007

Kirkjuþing 2011 samþykkti eftirfarandi starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði og öðlast þær gildi 1. janúar 2012:

1. gr.

12. gr. breytist svo:

Í eftirtöldum prestaköllum fellur brott skylda til að leggja til prestssetur:

Suðurprófastsdæmi.

Eyrarbakkaprestakall

Hveragerðisprestakall

Vestmannaeyjaprestakall

Þorlákshafnarprestakall

Kjalarnesprófastsdæmi

Grindavíkurprestakall

Útskálaprestakall

Mosfellsprestakall

Vesturlandsprófastsdæmi

Garðaprestakall

Hvanneyrarprestakall

Vestfjarðaprófastsdæmi

Ísafjarðarprestakall

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sauðárkróksprestakall

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Dalvíkurprestakall

Húsavíkurprestakall

Austurlandsprófastsdæmi

Eskifjarðarprestakall

Norðfjarðarprestakall

Vallanesprestakall

2. gr.

Við starfsreglurnar bætist ný 13. gr. svohljóðandi:

Embættisbústaðir skulu lagðir til í samræmi við 1. og 2. tl. fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Embættisbústaður er að jafnaði lagður til í prestakalli þar sem búa færri en 1.500 manns. Nú búa fleiri en 1.500 manns í prestakalli og getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- að staðhættir eða aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt.
- að söguleg eða menningarleg rök þykja mæli með því.

Nú búa færri en 1.500 manns í prestakalli og getur þá kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, efsérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

3. gr.

13. gr. starfsreglnanna verði 14. gr.

4. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast gildi 1. janúar 2012.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prestur sem situr í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum við gildistöku þeirra, getur setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum og starfsreglum hverju sinni, uns honum er veitt lausn frá embætti.

Óski prestur, sem situr í prestakalli sem tilgreint er í starfsreglum þessum við gildistöku þeirra, að njóta ekki prestsseturs og biskup Íslands og kirkjuráð samþykkja, skal greiða honum húsaleigustyrk, þann tíma sem hann hefði átt rétt á að sitja prestssetur, enda búi hann í prestakallinu þann tíma og sé þar með skráð lögheimili. Fjárhæð styrksins skal jöfn þeirri fjárhæð sem prestur hefði borið að greiða í leigu af prestssetrinu. Þá er sömuleiðis biskupi Íslands og kirkjuráði heimilt með sama hætti að samþykkja að prestur láti prestsetur afhendi og sé leystur undan búsetuskyldu í prestakallinu en þá stofnast ekki réttur til húsaleigustyrks. Kirkjuráð kynnti þeim prestum sem sitja þau prestssetur sem falla brott samkvæmt þessu, framangreindar starfsreglur með sérstakri áherslu á ákvæði til bráðabirgða. Þegar hafa nokkrir prestar á framangreindum prestssetrum brugðist við og óskað viðræðna um möguleg kaup þeirra á prestssetri því sem þeir sitja. Hafa þegar verið seld tvö prestssetur samkvæmt ósk viðkomandi presta þ.e. Hlíðarbraut 20 á Blönduósi og Ketilsbraut 20, á Húsavík. Síðarnefnda prestssetrið er selt með fyrirvara um samþykki kirkjuþings 2012.

14. mál. Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta

Kirkjuþing 2011 samþykkti starfsreglur um val og veitingu prestsembætta og tóku þær gildi 1. janúar 2012. Meðal nýmæla í starfsreglum er ákvæði um ráðgjafa í 2. gr. en þar segir:

Allt frá því að ljóst er, að embætti er laust til umsóknar, skal ráðgjafi starfa með þeim, sem um málið fjalla af hálfu kirkjunnar. Ráðgjafinn skal vera vel kunnugur reglum stjórnisýslu og regluverki um embættisveitingar presta. Kostnaður af starfi ráðgjafa greiðist af kirkjumálasjóði. Ráðgjafinn starfar á ábyrgð kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs framangreinda ráðgjöf. Hafa verið auglýst og veitt nokkur prestsembætti á tímabilinu á grundvelli hinna nýju starfsreglna.

17. mál. Þingsályktun um kjör til kirkjuþings

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:

Kirkjuþing 2011 ályktar að fela kirkjuráði að kynna sóknarnefndum, héraðsfundum,

leikmannastefnu og prestastefnu tillögur að starfsreglum um kjör til kirkjuþings og gefa kost á umsögn um þær.

Í kynningu skal gefa kost á að fjalla um þrjú mismunandi valkosti:

a) óbreytta kjördæmaskipan, níu kjördæmi

b) óbreytta kjördæmaskipan, níu kjördæmi hjá leikmönnum, en þrjú kjördæmi vígðra

c) óbreytta kjördæmaskipan, níu kjördæmi en eina kjördeild leikra og vígðra

Meðfylgjandi verði útreikningar á atkvæðavægi þessara valkosta.

Lagt er til að frambjóðandi til kirkjuþings þurfi ekki að afla meðmælanda.

Kirkjuráð leggi fram endanlegar tillögur að starfsreglum um kjör til kirkjuþings á kirkjuþingi 2012.

Kirkjuráð leggur fram tillögur að starfsreglum um kjör til kirkjuþings á kirkjuþingi 2012 eins og nánar er gerð grein fyrir síðar í skýrslu þessari.

18. mál. Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Kirkjuþing 2011 samþykkti starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og öðlast þær gildi 1. janúar 2012. Í 5. gr. starfsreglnanna segir:

Kirkjuráð ákveður hvenær kosning skal fara fram.

Í samræmi við þetta ákvað kirkjuráð tímasetningar á kosningum biskups Íslands og vígslubiskups í Hólaumdæmi sem fram fóru á árinu eins og áður hefur komið fram.

21. mál. Þingsályktun um stofnun æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun um stofnun æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar 2. gr. ályktunarinnar er svohljóðandi:

Kirkjuráð skipar æskulýðsnefndina til tveggja ára í senn. Í nefndinni eigi sæti tveir fulltrúar úr öllum prófastsdæmum, þ.e. ungmenni undir tvítugu, og fulltrúa samkvæmt tilnefningu viðkomandi héraðsnefnda, auk fulltrúa frá Æskulýðssambandi þjóðkirkjunnar og fulltrúa frá Biskupsstofu sem sinnir barna- og unglingastarfi.

Auk þess skal fulltrúa KFUM/K boðið að sitja fundi nefndarinnar.

Kirkjuráð skipar formann og varaformann, en ritari nefndarinnar er fulltrúi á þjónustusviði Biskupsstofu.

Kirkjuráð samþykkti að skipa fulltrúa í nefndina og aðra samkvæmt framanskráðu sem hér greinir:

Fulltrúi KFUM og K er Hjördís Rós Jónsdóttir

Fulltrúi ÆSKP er Sunna Dóra Möller.

Fulltrúar prófastsdæma eru eftirtaldir:

Suðurprófastsdæmi:

Eldri: Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, Selfossi

Yngri: Ísak Máni Jarlsson, Vestmannaeyjum

Kjalarnessprófastsdæmi:

Eldri: Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson, Útskálum

Yngri: Torfey Rós Jónsdóttir, Garðabæ

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra:

Eldri: Ísak Toma

Yngri: Katrín Helga Ágústsdóttir

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra:

Eldri: Jónína Sif Eyþórsdóttir, Reykjavík, sem verði jafnframt varaformaður

Yngri: Konný Björg Jónasdóttir

Vesturlandsrófastsdæmi:

Eldri: Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Tilnefning fulltrúa yngri hefur ekki borist.

Vestfjarðarrofastsdæmi:

Eldri: Sr. Fjölur Ásbjörnsson

Yngri: Halldóra Jónasdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarrofastsdæmi:

Eldri: Þorvarður Kristjánsson

Yngri: Sigurveig Anna Gunnarsdóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarrófastsdæmi:

Eldri: Pétur Björgvin Þorsteinsson, sem jafnframt verði formaður

Yngri: Þórkátla Haraldsdóttir

Austurlandsrófastsdæmi:

Eldri: Sr. Þorgeir Arason

Yngri: Jóhanna Sigfúsdóttir.

Biskup tilnefndi sem ritara nefndarinnar, Elínu Elísabetu Jóhannsdóttur, fulltrúa á þjónustusviði Biskupsstofu.

22. mál. Þingsályktun um stefnu þjóðkirkjunnar um kristniboð

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun um stefnu þjóðkirkjunnar um kristniboð.

Í þeim kafla stefnunnar sem nefnist „Aðgerðir“ segir:

Kristniboðs og hjálparstarfsnefnd sem skipuð er af kirkjuráði sem samstarfsvettvangur milli hjálparstarfs og kristniboðs, biskupsstofu, og kirkjuráðs fyrir hönd safnaða þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð skipaði sem aðalmenn í nefndina sem hér greinir:

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, formaður, Jónas Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar og Katrín Ásgrímsdóttir, kirkjuþings- og kirkjuráðsmaður.

Kirkjuráð óskaði eftir að Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og verkefnisstjóri á Biskupsstofu, starfaði með nefndinni. Skipunin gildir til 30. júní 2015.

27. mál kirkjuþings 2011. Þingsályktun um endurskoðun á samkomulagi þjóðkirkjunnar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar um samfylgdarkerfið og samvinnu um kennimannlegt nám

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:

Kirkjuþing 2011 ályktar að kirkjuráð skipi þriggja manna nefnd til að fara yfir samkomulag þjóðkirkjunnar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands um samfylgdarkerfið

og samvinnu um kennimannlegt nám. Nefndin hafi samvinnu við aðila samningsins, þ.e. guðfræði- og trúarbragðadeild og biskup Íslands. Auk þess hafi nefndin samvinnu við vígslubiskupa á Hólum og í Skálholti.

Kirkjuráð skipaði í nefndina þau dr. Sigurð Árna Þórðarson, prest og kirkjuþingsfulltrúa, sr. Magnús Björn Björnsson, prest og kirkjuþingsfulltrúa og sr. Önnu Sigríði Pálsdóttur, prest.

28. mál kirkjuþings 2011. Starfsreglur um sóknarnefndir

Kirkjuþing 2011 samþykkti starfsreglur um sóknarnefndir sem tóku gildi 1. janúar 2012. Meðal ýmissa nýmæla er var eftirfarandi reglu sem beinist að kirkjuráði í 3. mgr. 8. gr. að finna:

Ef fjárhag sókna er stefnt í tvísýnu með miklum hallarekstri eða skuldasöfnun þannig að það hamli eðlilegu safnaðarstarfi, eða ef sókn verður óstarfhæf, er kirkjuráði heimilt að grípa inn í reksturinn, t.d. með skipun fjárhaldsmanns eða eftirlitsnefndar.

Ekki hefur reynt á þessa heimild.

30. mál kirkjuþings 2011. Þingsályktun um að gerð verði úttekt á því hvaða kirkjur eigi að vera höfuðkirkjur

Kirkjuþing 2011 samþykkti ályktun svohljóðandi:

Kirkjuþing 2011 ályktar að kirkjuráð láti gera úttekt á því hvaða kirkjur landsins eigi að vera höfuðkirkjur og hvað það þýðir.

Málinu var vísað til biskups Íslands og fylgir greinargerð hans um málið skýrslu þessari.

33. mál kirkjuþings 2011. Þingsályktun um skipulagningu íbúabyggðar í landi Háls í Fnjóskadal

Kirkjuþing ályktar að beina því til kirkjuráðs að leita eftir samstarfi við sveitarstjórn Þingeyjarsveitar um að skipuleggja íbúabyggð í landi Háls í Fnjóskadal. Arði sem af slíku myndi hljóttast yrði varið til uppbyggingar Kirkjumíðstöðvarinnar við Vestmannsvatn.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fasteignanefnd þjóðkirkjunnar að kanna fjárhagslega og skipulagsþætti verkefnisins. Málið er í vinnslu.

Aukakirkjuþing 2012

Tvö aukakirkjuþing voru haldin á tímabilinu annað þann 4. febrúar 2012 og hitt þann 1. september 2012.

Á aukakirkjuþinginu í febrúar var samþykkt að breyta starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa á þann veg að tekin yrði upp póstkosning að nýju í stað rafrænna kosninga. Jafnframt var samþykkt ályktun um að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Á aukakirkjuþinginu í september var fjallað um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór 20. október 2012 um nýja stjórnarskrá og eftirfarandi samþykkt:

Ályktun í 1. máli þingsins er svohljóðandi:

„Þjóðin mun ganga til atkvæðagreiðslu þann 20. okt. næstkomandi um eftirfarandi

spurningu. „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá Íslands verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi“. Aukakirkjuþing, haldið 1. september 2012, hvetur kjósendur til að minnast þess að hin evangelíska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar sem og annarra norrænna þjóða. Þjóðkirkjan er opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um land allt. Hún er því mikilvæg grunnstoð íslensks samfélags. Því hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð.“

Ályktun þessi var send sóknarnefndum og prestum og birt á heimasíðu kirkjunnar. Hún var einnig send fjölmiðlum og birt þar. (Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari).

Þá var einnig fjallað á auka þinginu um skerðingu sóknargjalda og eftirfarandi samþykkt: „Aukakirkjuþing, haldið 1. september 2012, lýsir yfir þungum áhyggjum af alvarlegri fjárhagsstöðu sókna landsins. Sóknir landsins hafa tekið á sig skerðingu eins og allir aðrir í þjóðfélaginu en sú skerðing hefur verið 25% umfram stofnanir innanríkisráðuneytisins. Kirkjuþing krefst tafarlausrar leiðréttingar sóknargjalda.“ (Sjá umfjöllun síðar í skýrslu þessari).

Mál lögð fram á kirkjuþingi 2012

Kirkjuráð leggur fram eftirfarandi mál:

1. mál 2012. Skýrsla kirkjuráðs ásamt skýrslum og öðrum fylgigögnum.

Að venju leggur kirkjuráð fram skýrslu um störf sín á kirkjuþingsárinu. Skýrsla þessi ásamt fylgiskjölum er lögð fyrir kirkjuþing 2012 skv. starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Vísað er til Árbókar kirkjunnar þar sem einnig er að finna greinargóðar skýrslur um kirkjustarfið.

2. mál 2012. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.

Fjármál þjóðkirkjunnar eru lögð fram á kirkjuþingi. Reikningar stofnana og sjóða vegna ársins 2011 eru aðgengilegir öllum kirkjuþingsfulltrúum. Ríkisendurskoðun skilar endurskoðunarskýrslu vegna sjóða og stofnana kirkjunnar fyrir árið 2011.

5. mál 2012. Tillaga til þingsályktunar um sameiningu prófastsdæma.

Lagt er til að kynnt verði tillaga um sameiningu prófastsdæmanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu í tvö, þ.e. Reykjavíkur- og Reykjanesprófastsdæmi.

13. mál 2012. Tillaga að starfsreglum um kjör til kirkjuþings.

Um er að ræða tillögu að nýjum starfsreglum um kjör til kirkjuþings. Tillögur þessar fela í sér ýmsar breytingar frá núgildandi reglum en lagt er m.a. til að kjördæmi vígðra verði þrjú í stað níu, þ.e. Reykjavíkurkjördæmi, Skálholtskjördæmi og Hólakjördæmi, að kjörgengir menn verði að bjóða sig fram og að ekki þurfi að afla meðmælenda.

15. mál 2012. Tillaga til þingsályktunar um félagatal þjóðkirkjunnar.

Lagt er til að þjóðkirkjan taki upp eigið félagsmannatal er fylgi trúfélagsskráningu í þjóð-

skrá, að eyðublöð vegna starfsskýrsla verði endurskoðuð og tekin verði upp miðlæg rafræn skráning helstu prestsverka.

16. mál 2011. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.

Kirkjuráð óskar eftir að kirkjuþing 2012 heimili sölu þeirra fasteigna sem greinir í málinu. Byggt er á fasteignastefnu kirkjuþings sem samþykkt var á kirkjuþingi 2011. Flestar eignir þær sem beðið er um söluheimild á eru þær sömu og heimild var veitt fyrir á kirkjuþingi 2011, en óskað er eftir heimild til að selja sóknarpresti Húsavíkurprestakalls fasteignina Ketilsbraut 20, Húsavík en það er í samræmi við samþykktir kirkjuþings 2011.

Fasteignir

Um fasteignanefnd

Samkvæmt 5. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, skipar kirkjuráð þriggja manna fasteignanefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára og þrjá varamenn til sama tíma. Í nefndinni eru kirkjuþingsfulltrúarnir Bjarni Kr. Grímsson, formaður, Margrét Jónsdóttir og sr. Svavar Stefánsson. Kirkjuráð hefur sett nefndinni erindisbréf en verkefni hennar eru tiltekin nokkuð nákvæmlega í starfsreglum. Nefndin er skipuð til 31. desember 2013.

Um störf fasteignasviðs

Fasteignasvið Biskupsstofu hefur með höndum umsýslu og rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs og fylgir eftir ákvörðunum fasteignanefndar.

Fasteignir kirkjumálasjóðs eru um 100 talsins, þar af 69 prestssetur. Nýjar starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar tóku gildi í ársbyrjun 2010. Ýmsir verkferlar varðandi fasteignaumsýslu hafa verið endurskoðaðir og leitast hefur verið við að gæta aðhalds í hvívetna við þrengri fjárhagsaðstæður en áður. Skipulag vegna skjala og upplýsinga hefur verið endurbætt.

Starf lögfræðings á fasteignasviði losnaði seinni hluta árs 2011 og var nýr lögfræðingur, Kristín Björg Albertsdóttir, ráðinn í starfið frá 1. febrúar 2012.

Fasteignasvið sinnir almennum daglegum rekstri og umsýslu fasteigna undir stjórn fasteignanefndar og sviðsstjóra. Hlutverk kirkjuráðs hvað varðar fasteignir er einkum, nýbyggingar fasteigna, kaup og sala fasteigna, staðfesting langtímasamninga o.fl.

Helstu verkefni sem kirkjuráð hefur unnið að varðandi fasteignir eru sem hér segir:

Stafholt, Vesturlandsprófastsdæmi

Lokið hefur verið byggingu nýs prestsbústaðar á prestssetursjörðinni Stafholti, Vesturlandsprófastsdæmi og hefur sóknarprestur þegar tekið við húsinu.

Hlíðarbraut 20, Blönduós, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Seldur var prestsbústaðurinn að Hlíðarbraut 20, Blönduósi til skipaðs sóknarprests. Kirkjuþing 2011 heimilaði sölna.

Breiðbraut 672 a, b og c Reykjanesbæ (tvær raðhúsaíbúðir)

Seldar voru þrjár íbúðir í eigu kirkjumálasjóðs að Breiðbraut 672, Reykjanesbæ. Kirkjuþing 2011 heimilaði sölna.

Ketilsbraut 20, Húsavík, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Seldur var prestsbústaðurinn að Ketilsbraut 20, Húsavík til skipaðs sóknarprests með fyrirvara um samþykki kirkjuþings 2012.

Prestsbakki Hrútafirði

Seld var jörðin Prestsbakki II í Hrútafirði. Íbúðarhús jarðarinnar ásamt leigulóð úr landinu hafði áður verið selt Prestsbakkasókn.

Holt undir Eyjafjöllum, Suðurprófastsdæmi

Seld hefur verið 2500 fm. landspilda úr landi Holts til Rafmagnsveitna ríkisins.

Jörðin Holt hefur verið auglýst til sölu á almennum markaði án árangurs.

Hólakirkja í Eyjafirði

Kirkjuráð fjallaði um erindi frá sóknarpresti Laugalandsprestakalls, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, dags. 1. desember 2011, þar sem kynnt eru þau áform eigenda jarðarinnar Hóla í Eyjafirði að bjóða Hólasókn Hólakirkju, sem er bændakirkja, til sölu eða leigu.

Um afhendingu bændakirkna til safnaða gilda ákvæði laga um umsjón og fjárhald kirkna nr. 22/1907. Í 2. gr. laganna segir: „Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuðinum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, og samþykki héraðsfundar og biskups kemur til. Í 3. gr. segir síðan: „Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefur haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinnst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins. Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gera álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eftirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafé til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun“.

Kirkjuráð telur að eigi að selja umsjón og fjárráð Hólakirkju í hendur söfnuðinum verði um það að fara eftir ákvæðum framangreindra laga. Málið er í vinnslu.

Fjármál

Fjármálakreppa sem skall á í lok septembermánaðar 2008 hefur enn veruleg áhrif á störf kirkjuráðs og hefur verið unnið að því á undanförunum árum að draga úr útgjöldum og auka tekjur. Í fjárlögum árið 2011 var gerð 7,5% hagræðingarkrafa á Biskupsstofu og árið 2012 gerði ríkið 3% hagræðingarkröfu, en launa- og verðlagsbætur koma á móti bæði árin. Greiðslur í Kristnisjóð lækka á árinu 2011 sem nemur 7,2% og aftur árið 2012 sem nemur 3% en engar verðlagsbætur koma á móti. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs lækkuðu sem nemur 9% á árinu 2011. Eins voru sóknargjöld skert um 9% árið 2011. Árið 2012 hækkar sóknargjaldið úr 698 kr. fyrir hvern gjaldanda í þjóðkirkjunni í 701 kr. og greiðslur í Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð í hátt við það eða innan við

0,5%. Heildarkerðing sóknargjalda miðað við árin 2008 til 2012 nemur tæplega 20%. Við úthlutanir úr Jöfnunarsjóði sókna og kirkjumálasjóði fyrir árin 2011 og 2012 voru flestir útgjaldaliðir lækkaðir. Prestsembætti voru lögð niður, starfsmönnum á Biskupsstofu fækkað, rekstrar- og aksturskostnaðar presta lækkaður o.fl. Kirkjuráð hefur gengið frá fjárhagsáætlun fyrir biskup Íslands (einkum 138 prestsembætti, skv. samningi ríkis og kirkju), Jöfnunarsjóð sókna og kirkjumálasjóð vegna ársins 2012. Tekjur byggjast einkum á samningum og lögum en einnig er um að ræða sértekjur t.d. vegna húsaleigu. Umsóknum um framlög vegna úthlutunar ber að skila fyrir 15. júní ár hvert sem og fjárhagsáætlunum stofnana. Almennt voru styrkir lækkaðir í samræmi við skerðingu á tekjum sjóðanna og jafnframt endurskoðað hvaða verkefni skyldu styrkt og þeim fækkað. Fjárlagafrumvarp var lagt fram 11. september 2012 og þá varð ljóst hver fjárhagsstaða sjóðanna verður árið 2013. Fyrri umræða um fjárhagsáætlanir sjóðanna fyrir árið 2013 fór fram á kirkjuráðsfundi í októbermánuði 2012. Áætlanirnar verða kynntar á kirkjuþingi 2012 og þær ræddar þar. Gengið er frá endanlegum fjárhagsáætlunum að jafnaði á desemberfundi kirkjuráðs, eftir kirkjuþing.

Fjárhagsáætlun 2013

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2013 hefur verið lagt fram. Gert er ráð fyrir 1,2% niðurskurði á á fjárlagalið 06-701 Þjóðkirkjunnar eða um 16,5 m.kr. en launa- og verðlagsbætur koma móti. Einnig er gert ráð fyrir 1,2% niðurskurði hjá Kristnisjóði, en engar verðlagsbætur koma þar á móti. Sóknargjöld og greiðslur í Jöfnunarsjóð sókna og kirkjumálasjóð breytast sem nemur 3,9% verðlagshækkun. Ekki er gerð hagræðingarkrafa á þessa liði. Miðað við að sóknargjöld ársins 2012 hækki um 3,9% eins og boðað er í fjárlagafrumvarpi ársins 2013 – verður sóknargjald 728 kr. á hvern gjaldanda.

Unnin hafa verið drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og fyrri umræða kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna og um fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs 2013 hefur farið fram og verður yfirfarin og samþykkt á desemberfundi kirkjuráðs.

Skýrsla starfshóps innanríkisráðherra um mat á áhrifum niðurskurðar fjárframlaga á þjóðkirkjunna

Vegna erfiðrar stöðu hjá sóknum vegna fjárhagsvanda og skerðingar sóknargjalda skipaði innanríkisráðherra nefnd á árinu 2011 til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess að haldið yrði áfram á þeirri braut. Nefndina skipuðu þau Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi ráðherra, formaður, án tilnefningar, Oddur Einarsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu, án tilnefningar, séra Gísli Jónasson, prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra, tilnefndur af kirkjuráði og séra Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur Suðurprófastsdæmis, tilnefnd af kirkjuráði. Fram kemur í skýrslunni að eftir athuganir á ársreikningum sókna og aflýsingum fulltrúum sóknarnefnda sé óhætt að draga þá ályktun að grunnstoðir í starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar vegna fjárhagsvanda.

Skýrsla nefndarinnar var kynnt á aukakirkjuþingi 1. september 2012, sbr. ályktun þingsins

sem birtist fyrr í skýrslu þessari. Viðræður eru hafnar við stjórnvöld um að sóknargjöldin verði leiðrétt í samræmi við niðurstöður skýrslunnar og mikilvægt er að málinu verði fylgt fast eftir af hálfu kirkjustjórnar og sóknarnefnda.

Kirkjuráð hefur undirbúið drög að bréfi fyrir kirkjuþingsfulltrúa og sóknarnefndarfolk til að senda alþingismönnum. Málið verður einnig rætt á væntanlegum fundi biskups með fjármála-, forsætis- og innanríkisráðherra.

Upplýsingatækni

Nýtt IP-símkerfi var tekið í notkun á Biskupsstofu eftir úttekt og skoðun á mögulegum kostum. Símtæki í eldra kerfi voru mörg tekin að bila og ekki var lengur hægt að fá rekstrar- eða viðgerðarþjónustu fyrir það kerfi. Nýju símtækin eru leigð og er rekstrarkostnaður nýja kerfisins ásamt leigu tækja lægri en rekstrarkostnaður eldra kerfisins.

Fjöldi kirkna sem nýta sér stöðluðu veflausnina sem Biskupsstofa býður gegn vægri kostnaðarhlutdeild hefur aukist. Kostnaður sókna lækkar við vefhýsingu- og umsjón lækkar með því að nýta þennan kost. Í dag hýsir Biskupsstofa sextíu slíka vefi.

Starfsskýrsla presta var lítillega endurskoðuð um síðustu áramót samkvæmt ábendingum frá prestum. Kallað hafði verið eftir ábendingum og athugasemdum frá þeim sem skiluðu reglulega. Prestar hafa þú aðgang að samantektum fyrir starfsskýrslur og messugjörðarskýrslur hvers árs inni á þjónustuvef kirkjunnar. Prófastar hafa að sama skapi aðgang að þessum samantektum fyrir þá presta sem heyra undir þá. Djáknar byrjuðu að skila mánaðarlegum starfsskýrslum í gegnum þjónustuvefinn um seinustu áramót.

Unnið hefur verið að vali, kaupum og svo innleiðingu á nýju skjalavistunarkerfi fyrir Biskupsstofu. Eldra kerfi var úr sér gengið og ónýtanlegt af hluta starfsmanna. Innleiðingunni lýkur í nóvember og kerfið verður tekið í notkun fyrir næstu áramót.

Vegna þrenna biskupskosning og stjórnarskrárkosningar bættist við vinna við sérstaka kynningavefi sem ekki hafði verið gert ráð fyrir.

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrá

Á kirkjuþingi 2011 var svofelld ályktun samþykkt:

Kirkjuþing 2011 skorar á Alþingi að hafa ákvæði um íslenska þjóðkirkju í því frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár sem þingið afgreiðir með formlegum hætti eða leggur undir ráðgefandi þjóðaratkvæði. Að öðrum kosti verði þess gætt að ákvörðun um afnám þjóðkirkju úr stjórnarskrá verði tekin á þann veg sem núgildandi stjórnarskrá býður svo að þjóðin sjálf fái notið þess réttar að greiða sérstaklega atkvæði um slíka ákvörðun.

Forseti kirkjuþings sendi Alþingi bréf, dags. 26. nóvember 2011, þar sem komið er á framfæri framangreindri ályktun kirkjuþings. Kirkjuráð sendi síðan bréf forseta kirkjuþings til allra alþingismanna og stjórnlagaráðsmanna.

Kirkjuráð fjallaði um þingsályktunartillögu stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á 140. löggjafarþingi um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur að frumvarpi til stjórnskipunarlaga og tiltekin álitæfni þeim tengd. Í tillögunni var m.a. lagt til að spurningar yrðu bornar upp um nokkur efnisleg atriði í hugsanlegri nýrri stjórnarskrá. Ein

þeirra var sú hvort kjósandi vilji að í nýrri stjórnarskrá Íslands verði ákvæði um þjóðkirkju Íslendinga óbreytt frá því sem nú er. Kirkjuráð óskaði þá eftir því að biskup hlutaðist til um að undirbúin yrði kynning fyrir sóknarnefndum og þjóðkirkjumönnum um stöðu þjóðkirkjunnar í núgildandi stjórnarskrá og löggjöf og að tillögur yrðu lagðar fyrir næsta kirkjuráðsfund. Í því sambandi skýrði biskup frá því að haldinn hefði verið samráðsfundur um kynningu á stöðu þjóðkirkjunnar og að í undirbúningi væri vefur þar sem settar yrðu fram upplýsingar um ríki og kirkju svo og svör við nokkrum grundvallarspurningum.

Á fundi þann 20. júní 2012 samþykkti kirkjuráð svofellda ályktun:

„Kirkjuráð minnir á að hin evangelísk lúterska þjóðkirkja er einn mikilvægasti grunnþáttur samfélagsins, opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um landið allt, opinber og lögbundin stofnun sem myndar ramma um trúarhefð meirihluta þjóðarinnar, einstaklinga, fjölskyldna og heimila, og heldur utan um mikilvæga arfleifð og minningu og menningu samfélagsins.

Í samfélagi þar sem æ fleiri trúarhreyfingar, trúarhættir og trúarhugmyndir hasla sér völl og kalla til áhrifa felst menningarlegur og samfélagslegur styrkur í því að hafa opna og rúmgóða þjóðkirkju sem stendur vörð um grundvallargildi á traustum stöðum sögu og menningar.

Í vaxandi fjölmenningu hefur þjóðkirkjan stuðlað að virðingu og skilningi milli trúarbragða og menningarheima. Þjóðkirkjan er auk þess einn mikilvægasti menningarmiðill í landinu og gegnir lykilhlutverki gagnvart þeim veiku í samfélaginu og sem samstarfsaðili við þau sem vinna að réttlæti og friði í heiminum.

Mikilvægt er að pólitísk og samfélagsleg sátt sé um þjóðkirkjuna sem og aðrar grundvallarstofnanir menningar og samfélags.

Kirkjuráð hvetur til þess að við væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá verði þess minnst, og að ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands geymi ákvæði um hina evangelísk lútersku þjóðkirkju eins og verið hefur. Jafnframt því verði staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga tryggð með hliðstæðum hætti og gert var í stjórnarskrá Noregs en þar segir:

„Allir þegnar ríkisins skulu njóta frelsis til trúariðkunar. Norska kirkjan, evangelísk-lútersk kirkja er þjóðkirkja og skal sem slík njóta stuðnings ríkisins. Nánar skal það ákvarðað með lögum. Öll trú- og lífsskoðunarfélög skulu njóta stuðnings með ámóta hætti.“

Í 19. gr. tillagna stjórnlagaráðs, að nýrri stjórnarskrá, sem afhentar voru forseta Alþingis 29. júlí 2011 segir:

„Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar“.

Á fundi kirkjuráðs þann 13. ágúst 2012, þar sem m.a. var rætt um undirbúning aukakirkjuþings þann 1. september 2012, var samþykkt að flytja tillögu til þingsályktunar um að áfram yrði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Aukakirkjuþing sem haldið var þann 1. september 2012 samþykkti svofellda ályktun:

„Þjóðin mun ganga til atkvæðagreiðslu þann 20. okt. næstkomandi um eftirfarandi spurningu. „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá Íslands verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi“. Aukakirkjuþing, haldið 1. september 2012, hvetur kjósendur til að minnst þess að hin evangelíska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar sem og annarra norræna þjóða. Þjóðkirkjan er opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um land allt. Hún er því mikilvæg grunnstoð íslensks samfélags. Því hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð.“

Ályktun aukakirkjuþingsins var send sóknarnefndum og prestum og kynnt í fjölmiðlum. Þá beitti kirkjuráð sér fyrir kynningu og upplýsingamiðlun á grundvelli samþykktu kirkjuþings og kirkjuráðs um stöðu þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá vegna hinnar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór 20. október 2012.

Meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá, sem fram fór 20. október 2012, vilja að áfram verði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá. Af því tilefni hefur kirkjuráð sent erindi til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um orðalag um þjóðkirkju í nýrri stjórnarskrá svohljóðandi:

„Í nýafstaðinni ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá kom fram að meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði vilja að áfram verði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá. Kirkjuráð telur að þessi niðurstaða feli í sér að ákvæði 62. gr. í núgildandi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands um þjóðkirkjuna nr. 33/1944 skuli haldast óbreytt í tillögu að nýrri stjórnarskrá.

Enn fremur skuli haldast óbreytt ákvæði 79. gr. núgildandi stjórnarskrár um málsmeðferð varðandi breytingar á kirkjuskipun ríkisins.“

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Biskupsstofu, sóknir og sjóði kirkjunnar

Á síðasta kirkjuþingi var lögð fram og kynnt skýrsla Ríkisendurskoðunar 2011 um Biskupsstofu, sóknir og sjóði kirkjunnar

Ábendingar Ríkisendurskoðunar eru sem hér segir:

1. Breyta þarf skipan kirkjuráðs

Það er mat Ríkisendurskoðunar að breyta þurfi lögum á þann veg að dregið verði sem mest úr skyldum biskups til að sinna fjármálaumsýslu kirkjunnar. Endurskoða þarf ákvæði í 10. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 þess efnis að biskup sé forseti kirkjuráðs í þá veru að hann sitji í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Kirkjuráð lítur svo á að millipinganefnd kirkjuþings hafi þetta mál til athugunar sbr. ályktun kirkjuþings 2011 í 10. máli þingsins.

2. Vinna þarf að heildarstefnumótun um málefni Biskupsstofu

Ríkisendurskoðun bendir á að þjóðkirkjan þurfi að móta stefnu um þá starfsemi sem fram fer á Biskupsstofu, þar sem fram komi lykilmarkmið og árangursmælikvarðar. Þá þurfi að

forgangsraða og tímasetja aðgerðir til að framfylgja stefnunni. Liður í slíkri stefnumótun sé að meta hvort kirkjan á að sinna öllum þeim verkefnum sem nú er sinnt á Biskupsstofu. Kirkjuráð taldi eðlilegt að nýkjörinn biskup leiddi framangreinda stefnumótun og er sú vinna hafin.

3. Skipta ætti upp núverandi verkefnum Biskupsstofu

Skipta ætti upp verkefnum sem nú eru unnin á Biskupsstofu í trúarleg verkefni og veraldleg verkefni. Verkefnin ættu að falla undir tvær stjórnunarlega aðskildar skipulagseiningar sem hvor hefði sinn yfirmann. Móta þyrfti skipurit og skriflegar starfsreglur fyrir báðar einingarnar.

Kirkjuráð telur eðlilegt að þessi tilmæli verði athuguð nánar um leið og unnið er að heildarstefnumótun um málefni Biskupsstofu, sbr. hér að ofan. Eins og áður hefur komið fram hefur verið unnið að gerð nýs skipurits fyrir Biskupsstofu.

4. Auka þarf gagnsæi í fjármálum þjóðkirkjunnar

Ríkisendurskoðun bendir á að fjármál þjóðkirkjunnar verði að vera gagnsærri en nú er.

a) Þannig sé t.d. æskilegt að helstu sjóðir kirkjunnar, þ.e. Kirkjumálasjóður, Kristnisjóður, Jöfnunarsjóður sókna og Hinn almenni kirkjusjóður verði sameinaðir í einn Kirkjusjóð. (Sjá umfjöllun um málið fyrr í skýrslunni).

b) Að auki þarf að vinna skýrar verklagsreglur um styrkveitingar á vegum kirkjunnar, þar sem m.a. komi fram með hvaða hætti umsóknir eru metnar og hvernig eftirfylgni með nýtingu fjárens sé háttað.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir að fjármálastjóri og framkvæmdastjóri vinni að tillögum að verklagsreglum samkvæmt framanskráðu. Málið er í vinnslu.

5. Sameina verður sóknir

Sóknir á Íslandi eru margar og algengt að þær séu fámennar.

a) Ríkisendurskoðun telur að stefna eigi að sameiningu fámennra og illa starfhæfra sókna í stað þess að leggja einungis áherslu á að efla samvinnu milli þeirra. Stofnunin telur því að nauðsynlegt sé að sett verði skilyrði um lágmarksfjölda sóknarbarna í hverri sókn.

b) Færa ber frumkvæði að sameiningu sókna frá biskupafundi til kirkjuþings.

Kirkjuráð leggur áherslu á að frumkvæði komi frá heimamönnum og nú sem endranær verði haft fullt samráð við heimamenn um þessi mál.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir að biskupafundur ræði málið og kanni hvort rétt geti verið að biðja prófasta að fjalla um endurskoðun sóknarskipunar á héraðsfundum eða öðrum vettvangi. Þá gaf kirkjuráð út bækling um sameiningu sókna eins og fyrr er getið.

6. Umsýsla og eignarhald prestssetra verði hjá sóknum

Ríkisendurskoðun telur að eignarhald og viðhald prestssetra eigi að vera hjá sóknum, að undanskildum prestssetursjóðum. Sóknirnar eru grunneiningar kirkjunnar og það er þeirra að ákvarða um heimilisfesti sóknarpresta í samráði við þá og hvernig að þeim skuli búið. Þessari breytingu þyrfti að fylgja fjármagn til sóknanna frá Kirkjumálasjóði.

Húsaleigutekjur vegna prestssetranna myndu með sama hætti renna til þeirra. Þá þyrfti við úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna að horfa til þeirra viðhaldsverkefna sem munu hvíla á sóknunum.

Málið er í athugun en kirkjuráð telur, að ef talið verður að breyta þurfi skipan prestssetursmála, þá þarfnist slíkt miklu meiri undirbúnings og umræðu.

Frumvarp innanríkisráðherra til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999

Mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi 15. febrúar 2012 og því vísað til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Í frumvarpinu er lagt til að svonefnd lífsskoðunarfélög geti fengið skráningu líkt og trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð veitti umsögn um frumvarpið. Frumvarpið ásamt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og umsögn kirkjuráðs fylgir skýrslu þessari.

Stofnanir, nefndir og starfshópar sem kirkjuráð skipar o.fl. verkefni

Stofnanir og nefndir skila skýrslum í Árbók kirkjunnar eins og fyrr hefur verið greint frá og er vísað þangað til nánari greinargerða um starfsemi þeirra. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er til fyllingar því eða sérstakrar áréttingar á atriðum sem kirkjuráð vill vekja athygli kirkjuþings á.

Samkvæmt 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, er meginreglan sú að í nefndum sem kirkjuráð skipar sitji þrír menn og þrír til vara til fjögurra ára og er skipað frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör.

Skálholt

Kirkjuráð ber ábyrgð á Skálholtsstað, sbr. lög nr. 32/1963. Skálholtsskóli og Skálholtsstaður eru rekinn sem ein rekstrareining. Vígslubiskup fer með daglega yfirstjórn Skálholts og skrifstofustjóri er Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Stjórn og rekstur Skálholts

Kirkjuráð hefur unnið að endurskoðun á fjárhag, stjórn og rekstri Skálholts og hefur verið unnið að því að lækka kostnað með því að draga úr starfsemi. Starfsfólki í Skálholti hefur verið fækkað.

Unnin var skýrsla að beiðni kirkjuráðs þar sem gerð er grein fyrir þeim viðfangsefnum sem sinnt er í Skálholti og lagðar fram hugmyndir að framtíðarsýn. Skýrslan; „*Yfirlit og tillögur - Skýrsla til kirkjuráðs 18. janúar 2012*“ fylgir skýrslu þessari.

Kirkjuráð fjallaði um skýrslu Ríkisendurskoðunar, vegna fjármála Skálholts frá því í febrúar 2012, sem kirkjuráð óskaði eftir síðsumars 2011 að yrði unnin. Tekið hefur verið tillit til ábendinga sem þar koma fram. Skýrsla Ríkisendurskoðunar fylgir.

Kirkjuráð samþykkti endurskoðaðar samþykktir um stjórnun og rekstur Skálholts og Skálholtsskóla. Samþykktirnar fylgja skýrslu þessari.

Þá samþykkti kirkjuráð að hefja vinnu að deiliskipulagi fyrir Skálholt og er sú vinna hafin.

Miðaldadómkirkja

Kirkjuráð hefur haft til umfjöllunar hugmyndir um smíði miðaldadómkirkju í Skálholti. Samþykkt var að ganga til samstarfs um endurreisn hennar, enda verði unnt að staðsetja hana þannig að vel fari. Þjóðkirkjan mun ekki taka fjárhagslegan þátt í verkefninu og ekki bera áhættu af því.

Friðun mannvirkja í Skálholti

Kirkjuráð fjallaði um erindi frá Húsafriðunarnefnd, þar sem kynnt eru áform Húsafriðunarnefndar að friðun ytra byrðis Skálholtsskóla, Skálholtskirkju í heild sinni og nánasta umhverfis. Kirkjuráð mótmælti tillögunni með svofelldri bókun:

„Samkvæmt lögum um heimild til handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað nr. 32/1963, var þjóðkirkju Íslands afhent endurgjaldslaust til eignar og umsjár jörðin Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem þá voru í eign ríkisins á staðnum, enda veittu biskup Íslands og kirkjuráð eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands, og hafa haft þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu.

Samkvæmt lögum um Skálholtsskóla nr. 22/1993 er skólinn kirkjuleg menningar- og menntastofnun, í eigu þjóðkirkju Íslands og starfar á grunni fornrar skólahefðar í Skálholti og norrænnar lýðháskólahefðar. Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkju Íslands. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum þann 2. nóvember 2011, að undangenginni könnun á málavöxtum vegna byggingar Þorláksbúðar í Skálholti svofellda bókun: „Samkvæmt bókun kirkjuráðs frá 21. september 2011 var málið kannað, en fyrir liggur af hálfu skipulags- og byggingaryfirvalda Bláskógabyggðar að byggingarleyfi verði gefið út. Í ljósi þeirrar könnunar gerir kirkjuráð ekki athugasemdir við að Þorláksbúðarfélagið ljúki framkvæmd verksins. Biskup sat hjá við afgreiðslu málsins.“

Kirkjuráð bendir á að skyndifriðun er íþyngjandi úrræði og ber að beita varfærnislega. Kirkjuráð mótmælir þeirri skyndifriðun sem Húsafriðunarnefnd ríkisins hefur beitt gagnvart fasteignum kirkjunnar í Skálholti og telur hennar ekki þörf.

Kirkjuráð mótmælir þeim skilningi Húsafriðunarnefndar ríkisins að skyndifriðun nái til alls þess svæðis sem nefndin telur að skyndifriðun nái til þ.e. milli Skálholtsdómkirkju og Skálholtsskóla. Kirkjuráð álitur að skýra beri hið íþyngjandi ákvæði 8. gr. laga um húsafriðunarnefnd nr. 104/200.

Þröngt. Kirkjuráð áskilur sér allan rétt í þessu sambandi. Bent skal á að það er óviðunandi að framkvæmdir á einu mikilvægasta svæði Skálholtsstaðar, þar sem meginþjónusta kirkjunnar í Skálholti fer fram, sé háð þeirri miklu takmörkun að leyfi Húsafriðunarnefndar ríkisins þurfi til hverju sinni.

Kirkjuráð telur ákvörðun Húsafriðunarnefndar ríkisins of seint fram komna þar sem undirbúningur að framkvæmdum hefur staðið yfir í nokkur ár og engum hefur getað dulist hvaða fyrirætlanir voru uppi.

Kirkjuráð telur samkvæmt framanskráðu að mennta- og menningarmálaráðherra skuli ekki friða hús í Skálholti samkvæmt ákvörðun Húsafriðunarnefndar ríkisins um skyndifriðun.

Kirkjuráð samþykkti að kynna mennta- og menningarmálaráðherra álit ráðsins samkvæmt framanskráðri bókun“.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ekki veitt úrlausn um tillögu Húsafriðunarnefndar.

Tónlistarmál Þjóðkirkjunnar

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir. Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson, organisti.

Starfshópur um skipulag tónlistarmála kirkjunnar sem skipaður var af biskupi í ársbyrjun 2012 skilaði skýrslu til kirkjuráðs. Þar eru lagðar til viðamiklar breytingar á skipulagi tónlistarmála m.a. að sameinað verði í eitt starf, embætti verkefnisstjóra á helgihalds- og tónlistarsviði Biskupsstofu, söngmálastjóra og skólastjóra Tónskólans. Stofnað verði þriggja manna fagráð - Kirkjutónlistarráð. Hafin verði endurskoðun á tónlistarstefnu kirkjunnar og starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar og um organista. Tónskólinn flytji úr núverandi húsnæði í Grensáskirkju en kennsla geti eftirleidis farið fram í kirkjum og í húsnæði Háskóla Íslands. Kirkjuráð féllst á megingtillögur nefndarinnar og hefur verið unnið að því að undirbúa framkvæmd þeirra. Skýrsla starfshópsins fylgir skýrslu þessari.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Ný skipulagsskrá fyrir Hjálparstarf kirkjunnar var staðfest á síðasta ári. Meðal breytinga þar er að þeir fimm fulltrúar í fulltrúaráði Hjálparstarfsins sem kirkjuráð skipar og tveir varamenn þeirra eru nú allir skipaðir til tveggja ára í senn. Kirkjuráð samþykkti samkvæmt því að skipa til eins árs sem aðalmenn í fulltrúaráði, þau Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóra, Rannveigu Sigurbjörnsdóttur, hjúkrunarfræðing og Þorstein Pálsson, fyrrverandi ráðherra. Þá var samþykkt að skipa sem varamann í fulltrúaráðið til eins árs Kristínu Magnúsdóttur kennara.

Á næsta ári mun kirkjuráð síðan skipa alla fulltrúa sína og varamenn til tveggja ára.

Stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar

Tilnefning fulltrúa í stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá menn í stjórn stofnunarinnar af níu til þriggja ára í senn. Einn er skipaður á ári.

Kirkjuráð samþykkti að tilnefna sr. Bernharð Guðmundsson til þriggja ára sem fulltrúa kirkjuráðs.

Strandarkirkjunefnd

Í nefndinni sitja Ragnildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu, formaður, sr. Jón Ragnarsson, sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Nefndin er skipuð til 31. maí 2015.

Úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar - málskotsréttur kirkjuráðs

Úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar hefur fjallað um tvö mál á starfsárinu.

Mál nr. 1/2011 Kristinn Ágúst Friðfinnsson og Karl Sigurbjörnsson.

Málið snerist um aðdraganda að ákvörðun biskups Íslands um skiptingu starfa í Selfossprestakalli og ákvörðunina sjálfa sem er frá 11. maí 2010. Kærandi taldi að biskup hafi verið vanhæfur til að fjalla um málið vegna fyrri afskipta sinna af því og að ákvörðunin

samrýmdist hvorki lögum né starfsreglum þjóðkirkjunnar. Niðurstaða úrskurðarnefndar var sú að nefndin hefði ekki vald, samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir, til að hnekkja ákvörðun biskups. Slíkri ákvörðun verði einungis hnekktt með dómi. Úrskurðarnefnd geti því ekki tekið erindið til efnislegrar umfjöllunar og vísaði því frá Úrskurðarnefnd.

Mál nr. 1/2012: Stjórn Prestafélags Íslands og Karl Sigurbjörnsson

Málið snerist um heimildir biskups Íslands til þess að vígja guðfræðimenntaða einstaklinga til prests án þess að á undan færi auglýsing um það preststarf sem guðfræðingur væri vígður til. Úrskurðarnefnd taldi málið tækt til efnislegrar meðferðar sbr. 12. gr. l. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Úrskurðarnefnd taldi að sýnt hafi verið fram á að sú framkvæmd sem málshefjandi telur ólögsmæta sé venjuhelguð framkvæmd sem hafi verið við lýði um áratuga skeið. Úrskurðarnefnd hafi ekki vald til að hnekkja þessari venjuhelguðu framkvæmd, henni verði annað hvort hnekktt með dómi eða með því að kirkjuþing setji starfsreglur um það hvenær sé heimilt að vígja guðfræðinga til starfa að beiðni safnaða eða stofnana án undangenginnar auglýsingar á starfinu. Af þessum ástæðum vísaði nefndin málinu frá Úrskurðarnefnd kirkjunnar.

Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 1997 13. gr. er m.a. kveðið á um að niðurstöðu úrskurðarnefndar megi skjóta til áfrýjunarnefndar sem ráðherra skipi til fjögurra ára í senn og hafi málsaðilar og kirkjuráð heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur. Kirkjuráð hefur kynnt sér ofangreinda úrskurði Úrskurðarnefndar kirkjunnar og ákvað að áfrýja þeim ekki til Áfrýjunarnefndar kirkjunnar.

Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson hefur áfrýjað úrskurði nefndarinnar í máli 1/2011 til Áfrýjunarnefndar kirkjunnar og er málið til meðferðar þar.
(Úrskurðirnir fylgja skýrslu þessari).

IV. Lokaorð

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær yfir tímabilið frá 1. júní 2011 til 31. maí 2012. Árbókin var send þingfulltrúum eftir að hún kom út. Kirkjuráð hefur fjallað um ýmis önnur mál sem unnt er að lesa um í fundargerðum ráðsins á heimasíðu kirkjunnar, <http://www2.kirkjan.is/stjornsysla/>. Einnig skal vísað til greinagerðar framkvæmdastjóra kirkjuráðs í Árbók kirkjunnar 2011-2012. Þá fylgja skýrslu þessari gögn til frekari skýringa.

Reykjavík í október 2012

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir

Ásbjörn Jónsson

Gísli Gunnarsson

Gunnlaugur Stefánsson

Katrín Ásgrímsdóttir

Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.

Á fund nefndarinnar komu framkvæmdastjóri kirkjuráðs, vígslubiskup í Skálholti og biskup Íslands.

Nefndin hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgiskjöl með henni, ásamt ræðum og ávörpum við upphaf kirkjuþings. Tekið er undir þakkir í skýrslu kirkjuráðs til fráfarandi forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein. Einnig tekur allsherjarnefnd undir þakkarorð til fráfarandi biskups, Karls Sigurbjörnssonar og fyrrum vígslubiskups á Hólum, Jóns Aðalsteins Baldvinssonar ásamt fráfarandi forseta kirkjuþings, Margrétar Björnsdóttur sem tók við forsetastörfum í byrjun þessa árs, auk Þorvaldar Karls Helgasonar, fráfarandi biskupsritara. Þá býður allsherjarnefnd nýjan biskup Íslands, Agnesi Sigurðardóttur, velkomna til starfa og einnig nýjan vígslubiskup á Hólum, Solveigu Láru Guðmundsdóttur. Nýjum biskupsritara, Þorvaldi Víðissyni er einnig heilsað sem og nýjum forseta kirkjuþings, Magnúsi E. Kristjánssyni. Óvenjulegt er að svo miklar mannabreytingar verði á svo skömmum tíma í yfirstjórn þjóðkirkjunnar, en aðeins er eitt ár frá því að Kristján Valur Ingólfsson tók við embætti vígslubiskups í Skálholti.

Tillögur um nýja stjórnarskrá

Niðurstaða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna er skýr. Hún tjáir ljóslega vilja þjóðarinnar um stöðu þjóðkirkjunnar og hlutverk hennar í íslensku samfélagi, þar sem meirihluti þeirra sem kusu var fylgjandi því að hafa ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá. Allsherjarnefnd er sammála því að greinar um þjóðkirkju í núverandi stjórnarskrá (62. og 79. grein) komi óbreyttar inn í nýja stjórnarskrá sbr. frumvarp til stjórnskipunarlaganna (19. grein).

Um þetta sagði biskup í ræðu sinni við upphaf kirkjuþings: „Niðurstaðan kom einhverjum á óvart, mörgum þó gleðilega á óvart, en hún er liður í því að efla og styrkja sjálfsmynd kirkjunnar. Í ljós kom að það góða starf sem unnið er í söfnuðum landsins er metið að verðleikum...“. Þá minnti biskup á að ábyrgð þjóðkirkjunnar væri mikil þar sem „meirihluti þjóðarinnar treystir henni til áframhaldandi góðra verka og forystu í þágu kristni hér á landi“. Síðar í ræðu sinni kom biskup aftur inn á hið mikilvæga hlutverk sem kirkjan hefur að gegna í samfélaginu sem sameiningarafl á stundum gleði og sorgar: „Hún [kirkjan] heldur á lofti lífsgildum sem eru grunnstoðir samfélagsins og hún viðheldur minningu og menningu þjóðarinnar“.

Í setningarræðu Magnúsar E. Kristjánssonar kemur fram svipað viðhorf sem allsherjarnefnd tekur undir:

„Traust á þjóðkirkjunni fer vaxandi. Íslenska þjóðin vill að hennar sé getið í stjórnarskrá. Fólkið vill að hin evangelíska lúterska kirkja sé samferða því í okkar íslenska þjóðfélagi. Við gleðjumst yfir því, fögnum þeirri niðurstöðu en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að við þurfum að standa undir því trausti og af auðmýkt og trúmennsku uppfylla þær væntingar sem til þjóðkirkjunnar eru og verða gerðar“.

Í ávarpi innanríkisráðherra, Ögmundar Jónssonar, kom fram sú sýn á þjóðkirkjuna að hún sé „óttalaus, staðföst og sterk. Það er sú kirkja sem þjóðin greiddi atkvæði um“, sagði

ráðherra og bætti við: „Niðurstaða þjóðarinnar er áskorun á hendur kirkjunni. Ég veit að hún mun svara kalli þjóðarinnar, rísa undir þeirri ábyrgð sem ætlast er til að hún axli sem þjóðkirkja“.

Allsherjarnefnd tekur undir þessi hvatningarorð.

Vinna gegn einelti

Allsherjarnefnd vekur athygli á tillögu kirkjuþings unga fólksins, sem haldið var í Grensáskirkju föstudaginn 9. nóvember 2012 og varðar einelti og tekur undir orð biskups: „Einelti er alvarlegt vandamál sem víða hefur orðið vart við. Nú hefur ungt kirkjufólk vakið athygli okkar á þessu vandamáli og vil ég fylgja eftir samþykkt kirkjuþings unga fólksins um þetta mál“.

Allsherjarnefnd lýsir ánægju sinni með vinnu úrbótanefndar kirkjuþings varðandi viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot, einelti og annað ofbeldi innan hennar og felur kirkjuráði að vinna eftir ábendingum nefndarinnar.

Fjármál

Allsherjarnefnd áréttar ályktun aukakirkjuþings í september 2012 þar sem krafist er tafarlausrar leiðréttingar sóknargjalda og bendir á mikilvægi þess að fulltrúar ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar ræðist við í hreinskilni og af gagnkvæmri virðingu.

Allsherjarnefnd hafnar þeirri túlkun Fjármála- og efnahagsráðuneytis, fjárlagaskrifstofu, á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999 sem fram kemur í fylgiskjali með frumvarpinu, að lækka skuli einingaverðsviðmið framlaga vegna sóknargjalda þannig að heildarútgjöldin verði óbreytt þótt einstaklingum í trúfélögum og lífsskoðunarfélögum fjölgi.

Tónlistarmál þjóðkirkjunnar

Í skýrslu starfshóps um skipulag tónlistarmála eru lagðar til miklar breytingar á skipulagi tónlistarmála m.a. að:

1. Stofnað verði þriggja manna fagråd – Kirkjutónlistarråd;
2. Sameinað verði í eitt störfverkefnisstjóra á helgihalds- og tónlistarsviði Biskupsstofu, söngmálastjóra og skólustjóra Tónskólans;
3. Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar verði endurskoðuð;
4. Tónskóli þjóðkirkjunnar verði fluttur úr núverandi húsnæði í Grensáskirkju.

Allsherjarnefnd telur tillögurnar áhugaverðar en óskar eftir ítarlegri greinargerð um faglega þætti málsins. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að ekki megi slá af kröfum í menntun organista og tónlistarfólks kirkjunnar. Þá er bent á nauðsyn þess að aðilum máls séu kynntar tillögurnar áður en lengra er haldið.

Um málefni Skálholts

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málefni Skálholts og hvetur til þess að treystur verði rekstrargrundvöllur staðarins og nýjar leiðir skoðaðar, bæði í rekstri og yfirstjórn

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

Þingsályktun

Kirkjuþing 2012 lýsir ánægju sinni með vinnu úrbótanefndar kirkjuþings varðandi viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot, einelti og annað ofbeldi innan hennar og felur kirkjuráði að vinna eftir ábendingum nefndarinnar.

Kirkjuþing 2012 telur skýrslu starfshóps um tónlistarmál áhugaverða, en óskar eftir ítarlegri greinargerð um faglega þætti málsins. Kirkjuþing leggur áherslu á að ekki megi slá af kröfum í menntun organista og tónlistarfólks kirkjunnar. Þá er bent á nauðsyn þess að aðilum máls séu kynntar tillögurnar áður en lengra er haldið.

Kirkjuþing 2012 hefur fjallað um málefni Skálholts og hvetur til þess að treystur verði rekstrargrundvöllur staðarins og nýjar leiðir skoðaðar, bæði í rekstri og yfirstjórn

Kirkjuþing 2012 áréttar ályktun aukakirkjuþings í september 2012 þar sem krafist er tafarlausrar leiðréttingar sóknargjalda og bendir á mikilvægi þess að fulltrúar ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar ræðist við í hreinskilni og af gagnkvæmri virðingu.

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

Helstu þættir til umræðu og ályktunar

Heildartekjur þjóðkirkjunnar í frumvarpi til fjárlaga árið 2013 eru áætlaðar 3.738,1 m.kr. að frádregnum 264 m.kr. sértekjum sem Þjóðkirkjunni 06-701 (Biskupsstofu) er ætlað að afla. Áætlaðar sértekjur í fjárlagafrumvarpinu hækka milli ára um rúmlega 160 m.kr. vegna leiðréttingar á rekstrarumfangi, en útgjaldarammi stendur óbreyttur. Áætlaðar greiðslur til þjóðkirkjunnar í heild hækka um 75,9 m.kr. milli áráanna 2012 og 2013 eða um 2,1% ef miðað er við fjárlög 2012 að teknu tilliti til endurmats vegna launa. Aðhaldsaðgerðir árið 2013 vegna 06-701 Þjóðkirkjunnar eru 16,5 m.kr. en launa- og verðlagsbætur koma ofan á fjárlög 2012 þannig að lækkunin verður 6 m.kr. milli ára. Vegna 06-707 Kristnisjóðs eru aðhaldsaðgerðir að fjárhæð 0,9 m.kr. en engar launa- og verðlagsbætur eru reiknaðar á þann lið. Aðhaldsaðgerðir eru ekki vegna sóknargjalda þjóðkirkjunnar en verðlagsbætur gera það að verkum að fjárlög 2013 hækka um 62,8 m.kr. eða um 3,9% milli ára vegna sóknargjalda. Jöfnunarsjóður sókna og Kirkjumálasjóður hækka í samræmi við sóknargjöldin (sjá töflu 1)

Tafla 1

Fjárlagaliður í milljónum króna	Fjárlaga- frumvarp 2013	Fjárlög og launabætur 2012	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.434,0	1.440,0	-0,4%	-6,0
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	310,8	299,5	3,8%	11,3
06-705 Kirkjumálasjóður	240,2	231,5	3,8%	8,7
06-707 Kristnisjóður	73,1	74,0	-1,2%	-0,9
06-735 Sóknargjöld	1.680,0	1.617,2	3,9%	62,8
Samtals	3.738,1	3.662,2	2,1%	75,9

Miðað við að sóknargjöld hefðu verið óskert frá árinu 1999 og hækkað í samræmi við lög nr. 91/1987 og ekki hefði verið vikið frá kirkjujarðasamkomulaginu - er boðaður niðurskurður í fjárlagafrumvarpi 2013 um 1.500,6 m.kr. eða um 29% í heildina milli áráanna 2012 og 2013 (sjá töflu 2). Þetta þýðir að ríkið er að greiða laun 109 presta í stað þess að greiða laun 138 presta eins og samningur ríkis og kirkju gerir ráð fyrir.

Tafla 2

Samanburður á frumvarpi 2013 og óskertum framlögum 2012 í milljónum króna	Fjárlaga- frumvarp 2013	Óskert framlag 2012	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.434,0	1.789,2	-20%	-355,2
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	310,8	466,3	-33%	-155,5
06-705 Kirkjumálasjóður	240,2	360,5	-33%	-120,3
06-707 Kristnisjóður	73,1	102,0	-28%	-28,9
06-735 Sóknargjöld	1.680,0	2.520,7	-33%	-840,7
Samtals	3.738,1	5.238,7	-29%	-1.500,6

Tafla 3

06-701 Þjóðkirkjan án sérframlaga í milljónum króna	Fjárlaga- frumvarp 2013	Samkvæmt kirkjujarða- samkomulagi 2013	Mism. %	Mism. kr.
Laun presta, prófesta og biskupa	1.156,6	1.447,6	-20%	-291,0
Rekstrarkostnaður presta	144,5	180,8	-20%	-36,3
Launakostnaður biskupsstofu	104,9	131,3	-20%	-26,4
Annar rekstrarkostnaður Biskupsstofu	6,0	7,5	-20%	-1,5
Samtals	1.412,0	1.767,2	-20%	-355,2

06-701 Þjóðkirkjan/Biskup Íslands

Í fjárlagafrumvarpi (án sérframlaga) 2013 í undirlið 06-701 Þjóðkirkjan viðfang 101-Biskup Íslands er framlag 1.412,0 m.kr. þegar búið er að draga frá sértekjur að fjárhæð 264 m.kr. Hér er átt við laun biskups Íslands, tveggja vígslubiskupa, 138 presta og prófesta og 18 starfsmanna Biskupsstofu auk rekstrarkostnaðar. Niðurskurður miðað við óskertan samning er um 20%. Tafla 3 að ofan sýnir hvernig niðurskurður einstakra liða samningsins lendir miðað við jafnan niðurskurð. Jafngildir þetta því að ríkið greiði fyrir 109 presta í stað 138 eins og samningur ríkis og kirkju gerir ráð fyrir og 14 starfsmanna á Biskupsstofu í stað 18.

Hagræðingarkrafa ríkisins var 160 m.kr. árið 2010, 100 m.kr. árið 2011 og 37,2 m.kr. árið 2012, en árið 2013 er boðaður 16,5 m.kr. niðurskurður til viðbótar og er þá heildarniðurskurður orðinn um 313,7 m.kr. miðað við fjárlög 2009 – á verðlagi hvers árs. Ráðgert er að selja eignir Kirkjumálasjóðs sem ekki er talin þörf fyrir eða þykja óhagkvæmar í rekstri og leggja áætlað andvirði að fjárhæð 80 m.kr. til Biskupsstofu til þess m.a. að tryggja þjónustu kirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna.

Rekstraráætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar 2013

Biskupsstofa - almennur rekstur – í milljónum króna	Áætlun 2013	Áætlun 2012	%	Breyting 12-13	Rauntölur 2011
Launakostnaður	126,8	114,4	11%	12,4	118,2
Annar kostnaður	43,6	39,6	10%	4,1	41,8
Rekstrarkostnaður alls	170,4	153,9	11%	16,5	160,0
Sértekjur	-56,3	-48,0	17%	-8,3	-62,6
Mismunur tekna og gjalda	114,1	106,0	8%	8,1	97,4
Biskup Íslands					
Launakostnaður	15,3	18,5	-17%	-3,2	12,7
Annar kostnaður	4,1	4,1	0%	0,0	4,3
Rekstrarkostnaður alls	19,4	22,6	-14%	-3,2	17,0
Vígslubiskupar					
Launakostnaður	24,5	23,7	4%	0,8	20,0
Rekstrarkostnaður alls	24,5	23,7	4%	0,8	20,0
Prestar og prófastar					
Launakostnaður	1.282,4	1.294,5	-1%	-12,1	1.209,0
Annar kostnaður	127,6	134,0	-5%	-6,4	139,9
Rekstrarkostnaður alls	1.410,0	1.428,5	-1%	-18,6	1.348,9
Sértekjur	-9,6	-23,4	-59%	13,7	-33,4
Mismunur tekna og gjalda	1.400,3	1.405,1	0%	-4,8	1.315,5
Sérframlög					
Skálholtsstaður	10,0	10,1	-1%	-0,1	10,4
Hallgrímskirkja	3,0	15,7	-81%	-12,7	16,2
Hóladómkirkja	4,3	4,4	-2%	-0,1	4,5
Dómkirkjan í Reykjavík	4,7	4,8	-2%	-0,1	4,9
Rekstrarkostnaður alls	22,0	35,0	-37%	-13,0	36,0
Tekjur samtals	-65,9	-71,3	-8%	5,4	-96,0
Gjöld samtals	1.646,3	1.663,8	-1%	-17,4	1.581,9
Mism. tekna og gjalda	1.580,4	1.592,4		-12,0	1.485,9
Fjárlög	-1.434,0	-1.440,0	0%	6,0	-1.319,8
Rekstrarhalli/ - rekstrarafg.	146,4	152,4		-6,0	166,1
Gr. úr Kmsj. vegna eignasölu	-80,0	-83,0	-4%	3,0	-80,5
Gr. úr Kmsj. v. hagr.kröfu ríkis	-33,0	-35,0	-6%	2,0	-35,0
Gr. úr Jöfnsj. v. hagr.kröfu ríki	-33,0	-15,0	120%	-18,0	-40,0
Framlag v. hagr.kröfu	-146,0	-133,0	10%	-13,0	-155,5
Mismunur - halli	0,4	19,4		-19,0	10,6

Rekstraráætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar árið 2013 - forsendur

Á Biskupsstofu og Kirkjumálasjóði fjölgar starfsmönnum sem nemur hálfu stöðugildi. Áætlun stöðugildi á Biskupsstofu árið 2012 voru 13,9 en samkvæmt áætlun 2013 verða stöðugildi 15. Áætlun stöðugildi Kirkjumálasjóðs voru 9,7 árið 2012 en verða 9,1 samkvæmt áætlun 2013. Samtals verða starfsmenn 24,1 árið 2013 í stað 23,6 árið 2012 – eða hálfu stöðugildi fleiri.

- Aðalbókari á Biskupsstofu fer úr 80% starfi í 100% starf m.a. vegna yfirtöku bókhalds Skálholts.
- Verkefnisstjóri fjármála sókna fer úr 50% starfi í 80% starf, en auknar sértekjur koma á móti úr Jöfnunarsjóði sókna.
- Verkefnisstjóri á fræðslu- og þjónustusviði verður í 100% starfi árið 2013 en árið 2012 var verkefnisstjórinn í 50% starfi á Biskupsstofu vegna afleysinga í prestaköllum.
- Verkefnisstjóri guðfræði- og þjóðmálasviði lætur af störfum og við það sparast 50%.
- Sínavörður á Biskupsstofu í 60% starfi lætur af störfum og verður starfið ekki auglýst.

Ráðgert er að spara sem nemur um fjórum prestsembættum árið 2013. Prestsembætti verða þannig 128 samkvæmt rekstraráætlun 2013 í stað 132 samkvæmt rekstraráætlun 2012.

- Héraðsprestur í Austfjarðaprófastsdæmi fer úr 50% starfi í 100% starf.
- Hríseyjarprestakall og Möðruvallaprestakall sameinast og við það sparast eitt embætti sóknarprests.
- Héraðsprestur II í Kjalarnesprófastsdæmi lætur af störfum – við það sparast hálf embætti, en biðlaun voru greidd á árinu 2012 sem svarar til 20% embættis.
- Frestað er að auglýsa 100% embætti í Grafarvogsprestakalli. Við það sparast sem nemur 100% prestsembættis.
- Frestað verður að auglýsa embætti í Háteigsprestakalli, sem losnar 1. ágúst 2013 við starfslok sóknarprests. Við það sparast 40% sóknarprestsembættis.
- Frestað að auglýsa embætti sóknarprests í Staðastaðarprestakalli við starfslok sóknarprests 1. júlí 2013, en við það sparast 50% sóknarprestsembættis.
- Skipaður hefur verið prestur í 50% embætti vegna niðurlagningar prestakallanna Holts og Kálfafellsstaðar. Aukning útgjalda sem nemur 50% prestsembættis.
- Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli verður þjónað með aukþjónustu – við það sparast sem nemur 50% sóknarprestsembættis.
- Embætti 50% héraðsprests Þingeyjarprófastsdæmis hefur verið lagt niður, en biðlaun voru greidd árið 2012. Sparnaður árið 2013 nemur 50% prestsembættis.
- Frá 1. júní 2012 fór sérþjónustuprestur á Biskupsstofu í 50% starf. Sparnaður árið 2013 nemur 30% prestsembættis.
- Frá 1. september 2012 fór sérþjónustuprestur á Biskupsstofu í 50% starf. Sparnaður árið 2013 nemur 40% prestsembættis.
- Árið 2011 var lagt niður embætti vímuvarnaprests, en 50% biðlaun voru greidd árið 2012. Sparnaður nemur 50% prestsembættis árið 2013.

Gert er ráð fyrir óbreyttum embættiskostnaði presta frá árinu 2012 og ekki er gert ráð fyrir námsleyfum, nema í þeim tilfellum sem það hefur ekki kostnaðarauka í för með sér.

Sérframlög

Sérframlög lækka í heildina um rúm 37% milli ára 2012 og 2013 eða sem nemur 13 m.kr.:

Í fjárlagafrumvarpi 2013 er stofnkostnaðargreiðsla ríkisins til Skálholts 10,0 m.kr. og lækkar þannig um 100 þús. kr. milli ára. Af framlaginu eru 7 m.kr. sjötta greiðsla sem veitt er í átta ár vegna samnings við ríkið í tilefni af 950 ára afmæli biskupsstóls í Skálholti.

Sérframlag ríkisins árið 2012 til Hallgrímskirkju vegna viðgerða á turni að fjárhæð 12,4 m.kr. var síðasta greiðsla af sex ára greiðsluloforði sem var samtals um 74,5 m.kr. Nýtt samkomulag við ríkið tekur við og samkvæmt því verður árlega veitt 5 m.kr. í sex ár til sama verkefnis. Þannig mun framlag til Hallgrímskirkju væntanlega hækka sem nemur 5 m.kr. við 2. umræðu fjárlaga 2013. Auk þess eru veittar 3,0 m.kr. vegna annars stofnkostnaðar og er því heildarframlag ríkisins til Hallgrímskirkju 8,0 m.kr. árið 2013 og lækkar um 7,7 m.kr. milli ára 2012 og 2013.

Framlag til Hóladómkirkju verður 4,3 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013 og lækkar því um 100 þús.kr. Framlag til Dómkirkjunnar í Reykjavík verður 4,7 m.kr. og lækkar um 100 þús.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Rekstraráætlun – í milljónum króna	Áætlun 2013	Áætlun 2012	Raun- tölur 2011	Áætlun 2011	Mism. %	Mism. kr.
Tekjur						
Greiðsla úr ríkissj. sbr. lög nr. 138/1993	240,2	231,5	229,6	233,3	-2%	3,7
Greiðsla úr ríkissj. sbr. lög nr. 35/1970	73,1	74,0	76,4	76,3	0%	-0,1
Greiðsla úr Jöfnunarsjóðs sókna	75,9	64,7	68,1	63,1	8%	-5,0
Greiðsla ríkis vegna stofnkostn. í Skálh.	10,0	10,1	8,6	10,4	-17%	1,8
Leigutekjur	80,0	75,9	95,0	96,6	-2%	1,6
Tekjur vegna sameiginlegs kostnaðar	20,0	20,0	19,9	0,0	***	-19,9
Hagnaður af sölu fastafjármuna		22,4	62,1	31,1	100%	-31,0
Aðrar tekjur	1,1	2,6	31,9	18,5	72%	-13,4
Tekjur samtals	500,3	501,1	591,5	529,3	12%	-62,2
Gjöld						
Stjórn og starfsskipan	94,0	105,0	126,6	125,4	1%	-1,2
Fasteignir og fjármál	135,0	125,2	151,5	146,2	4%	-5,3
Starfsmannamál og endurmenntun	4,4	4,2	5,8	5,4	8%	-0,4
Upplýsingamál, bóka- og skjalamál	23,7	24,8	23,7	23,2	2%	-0,5
Ráðstöfunarfé Biskups Íslands	2,0	2,8	3,0	3,0	0%	0,0
Helgihald og kirkjutónlist	19,2	18,4	31,8	31,7	0%	-0,1
Fræðslumál	41,6	42,0	52,6	46,6	13%	-6,0
Kærleikspjónusta, hjálparstarf og boðun	34,5	27,3	56,1	50,0	12%	-6,1
Guðfræði- þjóðmál og samkirkjumál	5,2	6,2	5,9	6,4	-9%	0,6
Menningarstarf	3,6	4,7	4,9	5,8	-15%	0,9
Prests- og djáknaþjónusta	7,3	7,6	12,2	11,9	2%	-0,3
Gjöld vegna sameiginlegs kostnaðar	20,0	20,0	19,9	0,0	***	-19,9
Annar kostnaður			7,3	0,0	***	-7,3
Framlag til Biskupsstofu v.hagr.kröfu	33,0	35,0	35,0	35,0	0%	0,0
Andvirði eignasölu greitt til Biskupsstofu	80,0	83,0	80,5	0,0	***	-80,5
Samtals gjöld	503,4	506,2	616,7	490,6	26%	-126,1
Vaxtagjöld	22,0	30,0	29,3	31,2	-6%	1,9
Áætlaður tekjuafgangur/-tekjuhalli	-25,2	-35,1	-54,5	7,4		

Greiðslur til Kirkjumálasjóðs miðast við 14,3% tekjur sem reiknast ofan á sóknargjöld. Árið 2013 hækkar framlag í sjóðinn um 3,8% eða 8,7 m.kr. miðað við fjárlög 2012. Greiðsla ríkis lækkar um 120,3 m.kr. eða 33,4% árið 2012 ef miðað er við óskertan grunn sóknargjalda árið 2012 (sbr. töflu 2)

Fyrri umræða um fjárhagsáætlanir 2013 fór fram á fundi kirkjuráðs í október. Starfsfólki Kirkjumálasjóðs fækkar um 0,6 stöðugildi á árinu 2013.

Gert er ráð fyrir sölu eigna Kirkjumálasjóðs að fjárhæð 80 m.kr., en andvirðið rennur til Biskupsstofu til að tryggja þjónustu þjóðkirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna.

Auk þess greiðir Kirkjumálasjóður 33 m.kr. til þjóðkirkjunnar. Ráðgert er að selja eignir sem ekki er talin þörf fyrir eða þykja óhagkvæmar í rekstri, en eignasafnið hefur vaxið undanfarinn áratug. Árið 2013 er gert ráð fyrir svipuðum heildartekjum og gjöldum og árið 2012. Fjármagnskostnaður lækkar vegna endurfjármögnunar óhagstæðra lána.

Rauntölur og áætlun Kirkjumálasjóðs 2011

Tekjuhalli Kirkjumálasjóðs árið 2011 er 54,5 m.kr. Helstu skýringar eru að andvirði eignasölu Kirkjumálasjóðs sem var greitt til Biskupsstofu var aðeins í greiðsluáætlun en ekki rekstraráætlun – þannig að greiðsluafkoma stenst en rekstraráætlun verður skökk. Framsetning rekstraráætlunar hefur verið lagfærð vegna áranna 2012 og 2013. Einnig er breytt framsetningu vegna sameiginlegs kostnaðar Laugavegi 31. Áður var þessi kostnaður nettaður út en nú eru bókfærð gjöld og tekjur á móti - en rekstrarniðurstaða er sú sama. Annar kostnaður fór fram úr gjaldaáætlun en tekjur hækkuðu á móti. Hagnaður af sölu fastafjármuna er hærri en gert var ráð fyrir í áætlun, en um bókhaldslegan hagnað er að ræða þannig að áhrif eru ekki á innstreymi fjármagns.

06-707 Kristnisjóður

Greiðslur ríkisins til Kristnisjóðs samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu samsvarar 15 árslaunum presta í fámennustu prestaköllunum og er 73,1 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013. Samkvæmt frumvarpinu er gerð krafa um 0,9 m.kr. niðurskurði eða um 1,2% ef miðað er við fjárlög 2012. Greiðsla ríkis lækkar um 28,9 m.kr. eða 28,3% árið 2012 ef miðað er við óskert kirkjujarðasamkomulag (sbr. *töflu 2*).

06-735 Sóknargjöld

Árið 2008 voru sóknargjöld komin í kr. 872 á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í þjóðkirkjunni og hefði átt að hækka um 6,1% í janúar 2009 eða í 925 kr. á mánuði. Sóknargjöldin voru hins vegar lækkuð með lagasetningu í byrjun árs 2009 í 855 kr. og aftur með annarri lagasetningu 1. júlí 2009 í 811 kr. á mánuði út árið. Sóknargjöld urðu því að meðaltali 833 kr. fyrir allt árið 2009. Árið 2010 voru sóknargjöld 767 kr. á mánuði og lækkuðu enn í 698 kr. árið 2011.

Samkvæmt fjárlögum 2012 eru sóknargjöld til þjóðkirkjunnar alls 1.680,0 m.kr. eða kr. 701 á mánuði fyrir hvern einstakling. Sóknargjöld hækka um 62,8 m.kr. árið 2013 eða 3,9% miðað við fjárlög 2012. Sóknargjald árið 2013 miðað við fjárlagafrumvarp 2013 er 727 kr. fyrir hvern gjaldanda.

Ef miðað er við óskertan grunn sóknargjalda árið 2012 (sbr. *töflu 2*) eru sóknir að taka á sig 840,7 m.kr. skerðingu eða 33,4% frá - því ef sóknargjaldið hefði verið reiknað samkvæmt óbreyttum lögum nr. 91/1987 ætti það vera kr. 1.101 árið 2012.

Frá fjárlögum ársins 2008 hafa sóknargjöld lækkað um sem nemur 20% miðað við árið 2012. Þegar skoðuð er þróun fjárveitinga vegna annarra fjárlagaliða undir innanríkisráðuneytinu

kemur í ljós að þar hafa fjárveitingar hækkað að meðaltali um rúmlega 5%. Skýringin er að stofnanir innanríkisráðuneytisins hafa notið launa- og verðlagsbóta – en sóknargjöldin ekki. Ef sóknargjöldin hefðu verið skert í sama mæli og framlög til stofnana ríkisins ættu sóknargjöldin að vera 919 kr. árið 2012.

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Rekstraráætlun í milljónum króna	Fjárhags- áætlun 2013	Fjárhags- áætlun 2012	Raun- tölur 2011	Fjárhags- áætlun 2011	Mism. %	Mism. kr.
Tekjur						
Greiðsla úr ríkissj. skv. lögum nr. 91/1987	310,8	299,5	297,0	302,0	-2%	5,0
Vaxtatekjur - fjármagnstekjuskattur	5,0	3,0	9,6	5,0	92%	-4,6
Tekjur	315,8	302,5	306,6	307,0	0%	0,4
Gjöld						
Greiðsla til Kirkjumálasjóðs	54,9	52,4	59,1	59,1	0%	0,0
Kostn.hlutd. í rekstri Bisk. 5% af framlagi	15,5	15,0	15,1	15,1	0%	0,0
Framlag til Bisk. vegna verk. Jöfnsj.	7,0	3,0	6,3	6,3	0%	0,0
Framlag til Kmsj. vegna skulda Skálholts	14,0	14,0	9,0	9,0	0%	0,0
Framlög til sókna	190,0	200,8	190,6	211,5	-10%	20,9
Til Bisk. v. hagræðingarkröfu ríkisins	33,0	15,0	40,0	39,5	1%	-0,5
Gjöld	314,4	300,2	320,1	340,5	-6%	20,4
Tekjuafgangur/ - tekjuhalli	1,4	2,4	-13,5	-33,5		

Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sókna miðast við 18,5% tekjur sem reiknast ofan á sóknargjöld. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013 hækkar framlag í Jöfnunarsjóð sókna um 3,8% frá fjárlögum ársins 2012 um 11,3 m.kr. Ef fjárlagafrumvarp 2013 er borið saman við óskertan grunn sóknargjalda árið 2012 er um 33,4% niðurskurð að ræða eða um 155,5 m.kr.(sbr. töflu 2).

Fyrri umræða um úthlutun Jöfnunarsjóðs sókna til sókna fór fram á fundi kirkjuráðs í október 2012, en héraðsnefndum gefst kostur á að skoða úthlutanir og gera breytingatillögur. Gert er ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sókna greiði Biskupsstofu 33 m.kr. vegna hagræðingarkröfu ríkisins. Í fjárhagsáætlun 2013 er gert ráð fyrir að 15% af ráðstöfunartekjum Jöfnunarsjóðs renni inn í Kirkjumálasjóð eins og undanfarin ár vegna styrkja til kirkjulegrar starfsemi. Við úthlutun nú úr Jöfnunarsjóði sókna eru nýframkvæmdir að jafnaði ekki styrktar og mælst til að fresta þeim sem hafnar eru ef kostur er.

Fjárhagsáætlanir næstu ár

Kirkjuþing hefur óskað eftir að sett verði fram þriggja ára áætlun. Ekki er unnt að verða við því að svo stöddu þar sem óvissa ríkir um greiðslur næstu árin og ekki hægt að ganga út frá gefnum forsendum.

Komið hefur fram hugmynd um að taka Hinn almenna kirkjusjóð í notkun sem umgjörð um stofnanir og sjóði í vörslu kirkjuráðs. Þannig myndu lög og samningar ekki breytast, en eigið fé og verkefni myndu færast á einn stað. Þá er auðveldara að sjá tekjur og gjöld af verkefnum kirkjunnar út frá skipulagseiningum og fjármálin þar með gerð gegnsærri. Fjárhagsáætlanir myndu þá einnig verða sameinaðar vegna rekstrarársins 2014. Til samanburðar er bent á samruna Kristnisjóðs og Kirkjumálasjóðs sem hefur einfaldað umsýslu töluvert.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir ársreikninga og fjárhagsáætlanir þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og sjóða. Nefndin fékk glögg yfirlit um fjárhagsstöðu kirkjunnar, kröfur ríkisvaldsins um hagræðingu á kostnaði vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs og tillögur kirkjuráðs um lækkun framlaga á ýmsum sviðum til þess að mæta hagræðingarkröfu ríkisins.

Sérstaklega var farið yfir fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar og sjóða kirkjunnar. Nefndin þakkar skýra framsetningu reikninga og áætlana og yfirgripsmikil yfirlit og skýringar á öllum rekstri sem undir þjóðkirkjuna heyra. Nefndin fór yfir endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar, en í skýrslunni er fjallað um ársreikninga embætta, sjóða, stofnana og fyrirtækja þjóðkirkjunnar. Nefndin hafði einnig til umfjöllunar skýrslur frá Ríkisendurskoðun um yfirlit um ársreikninga sókna fyrir árið 2011 og yfirlit um ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2011.

Kirkjubing þakkar safnaðafólki um allt land sem lagt hefur svo mikið af mörkum á erfiðum tímum niðurskurðar í fjármálum sóknanna.

Nefndin fékk á sinn fund Svein Arason, ríkisendurskoðanda, Inga K. Magnússon, sviðsstjóra. Þeir svöruðu spurningum nefndarfólks um skýrslu um endurskoðun kirkjustofnana 2011. Einnig kom fulltrúi stjórnar Prestafélags Íslands (PÍ), sr. Kristján Björnsson, kjaramálafulltrúi. Rætt var um lækkun á rekstrarkostnaði til presta, námsleyfi, auglýsingu embætta og um niðurskurð á starfsemi Biskupsstofu.

Fjárhagsnefnd beinir því til kirkjuráðs og biskups Íslands að áfram verði unnið að eftirfarandi atriðum:

1. Að gerður verði formlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda.
2. Að farið verði að tilmælum Ríkisendurskoðunar um að sjóðakerfi kirkjunnar verði einfaldað og gert gegnsærra.
3. Að leitað verði leiða til að efla fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf til sókna þjóðkirkjunnar.
4. Að fjárhagsáætlun verði gerð til næstu þriggja ára með það að markmiði að jafnvægi ríki í fjármálum kirkjunnar. Áætlun taki mið af þeim skipulagsbreytingum sem unnið er að.
5. Að leitað verði leiða til þess að sóknir og/eða prófastsdæmi sameinist um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi, sameiginlegum útboðum og innkaupum.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing 2012 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2011 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust.

Farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2011 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Undanfarin fjögur ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskurðingu þar sem greiðslur ríkisins til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur ríkisins vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997. Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Nú liggur fyrir tillaga ríkisvaldsins að enn verði skert um 1,2% til viðbótar.

Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar.

Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987 og veldur það kirkjuþingi vonbrigðum.

Framundan eru viðræður þjóðkirkjunnar og ríkisins um fjárhagsleg samskipti. Markmið þeirra viðræðna er m.a. leiðrétting á sóknargjöldunum, að gerður verði skriflegur samningur um sóknargjöldin og að skerðingar undanfarinna ára á kirkjujarðasamkomulaginu gangi til baka.

3. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Baldri Kristjánssyni, Sigurði Árna Þórðarsyni,
Magnúsi E. Kristjánssyni og Solveigu Láru Guðmundsdóttur

Skýrslur nefnda og starfshópa

Þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar Skýrsla til kirkjuþings

Þjóðmálanefnd hélt fjóra fundi á starfsárinu. Nefndin gaf út bæklinginn Velferð barna sem var dreift til allra sem voru á kjörskrá við biskupskosningu, allra fulltrúum í sveitarstjórnnum 513 að tölu. Bæklingurinn var einnig sendur í tölvupósti til þjóðkirkjufólks, alþingismanna og fjölmiðla. Loks var honum dreift á vef þjóðkirkjunnar.

Hér er um mikilvægt málefni að ræða sem varðar þjóðkirkjuna og ástæða er til að halda á lofti. Bæklinginn má finna á vefsvæði kirkjunnar.

Þjóðmálanefnd ályktaði einnig í aðdraganda ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012 og hvatti til þátttöku í atkvæðagreiðslunni og til þess að kjósendur íhuguðu spurningarnar í ljósi kristinna grunngilda. Ályktunin var send til fjölmiðla og fylgt eftir með greinarskrifum.

Á árinu 2011 var kostnaður við Þjóðmálanefnd 296.969 . 2/3 hlutar þeirrar upphæðar laun starfsmanns. Fyrstu átta mánuði ársins 2012 hefur nefndin ráðstafað 147.641 krónu, að mestu kostnaður við bæklinginn Velferð barna.

Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, starfaði með nefndinni þetta árið.

Útskrift af peningaúttreymi vegna Þjóðmálanefndar fylgir skýrslu þessari til Kirkjuráðs.

Baldur Kristjánsson,
formaður Þjóðmálanefndar þjóðkirkjunnar

Framtíðarhópur Kirkjubings Skýrsla til kirkjubings

Kirkjubing 2010 samþykkti þingsályktun um skipun þriggja manna starfshóps „er meti nýlega þróun samfylgdar og tengsla ríkis og kirkju. Starfshópurinn skoði aukna fjölbreytni í menningar- og trúarlífi Íslendinga og hvernig þjóðkirkjan taki með skapandi hætti þátt í samfélagsþróuninni.“ Starf, málþing og miðlun framtíðarhóps hefur tekið mið af þessum þáttum. Hópurinn efndi til málþinga um þessi efni og skilaði skýrslu um starf sitt til kirkjubings 2011.

Kirkjubing 2011 samþykkti svo áframhaldandi starf hópsins, en í honum voru Birna G. Konráðsdóttir, Hjalti Hugason og Sigurður Árni Þórðarson, formaður hópsins. Varamenn voru sem fyrra árið: Katrín Ásgrímsdóttir, Magnús E. Kristjánsson og Solveig Lára Guðmundsdóttir. Fyrir hönd Biskupsstofu lagði Árni Svanur Daníelsson hópnum lið. Sigurður Árni fékk leyfi frá störfum hópsins í mars – júní og þá kom Solveig Lára til starfa í hans stað.

Umfang og kostnaður

Kirkjuráð veitti til starfs hópsins árið 2012 þrjú hundruð þúsund krónum. Ljóst var að sú upphæð gæti dugað fyrir ferðakostnaði en vart fleiru. Framtíðarhópur brást við með því að nýta netið sem mest og efna til málþinga sem voru haldin með lágmarkskostnaði. Það hefur lánast og starf hópsins hefur verið ríkulegra en fjárveiting gaf tilefni til. Þing framtíðarhópsins hafa verið fjölbreytileg. Þau hafa skilað upptökum sem hafa ratað í hljóðvarp, í fréttir hljóðvarps og sjónvarps og á netið. Þá hafa greinar sem hafa orðið til í tengslum við þessi þing birst í prentmiðlum og á netinu. Allt þetta efni hefur orðið til samtals og haft áhrif á umræðu um kirkju og kristni í landinu og stöðu kirkjunnar í samfélaginu.

Framtíð landsbyggðarkirkju og framtíð þjóðkirkju

Á starfsárinu hélt framtíðarhópur tvö málþing um knýjandi mál í þróun þjóðkirkjunnar, stöðu hennar og þjónustu í samfélagi Íslendinga. Fyrra þingið var um framtíð kirkjunnar á landsbyggðinni. Hitt var um stöðu þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá Íslands og að gefnu tilefni þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október.

Framtíð kirkjunnar á landsbyggðinni

Málþingið um framtíð kirkjunnar á landsbyggðinni var haldið í safnaðarheimili Glerárkirkju 2. júní 2012. Fjórir frummælendur ræddu um hlutverk, verkefni og aðstæður kirkjunnar utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrirlesarar og efni þeirra voru:

Halldór Guðmundsson: *Kirkjan í velferðinni á landsbyggðinni.*

Kristín Ástgeirsdóttir: *Kirkjan á landsbyggðinni og jafnrétti*

Arna Ýrr Sigurðardóttir: *Kirkjan í þéttbýli á landsbyggðinni.*

Þorgrímur Daníelsson: *Kirkjan í sveitinni á landsbyggðinni.*

Til undirbúnings ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu

Þriðja spurningin á atkvæðaseðlum þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október var þessi: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?“

Vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar hélt framtíðarhópurinn – og í samvinnu við Kjalarnesprófestsdæmi - málþing í Vídalínskirkju 1. október. Yfirskrift þess þings var: „Já“ við þjóðkirkjuákvæði í stjórnarskrá? Þingið var haldið í tveimur en líkum hlutum. Fyrri hluti var kl. 13-15 og endurtekinn kl. 20-22. Tilgangurinn var að koma til móts við mismunandi tímaþarfir fólks og gefa fleirum kost á að koma til fundar.

Á málþinginu var glímt við spurningar á borð við:

Á að vera ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá? Hvað merkir *Já* og hvað merkir *Nei* í þjóðaratkvæðagreiðslunni? Samræmist þjóðkirkjuákvæði í stjórnarskrá grunngildum samfélagsins á borð trúfrelsi, jöfnuð og sanngirni?

Málsefni og málshefjendur voru:

„Já, en...“ Hjalti Hugason

„Já, og...“ Gunnar Kristjánsson

„Já, sko...“ Kristín Þórunn Tómasdóttir

Stjórn og umræðustjórn: Sigurður Árni Þórðarson og Birna G. Konráðsdóttir.

Málþingið var hljóðritað og upptökur voru gerðar aðgengilegar á vefnum á slóðinni:

<http://kirkjuritid.is/2012/10/malthing-um-thjodkirkjuakvaedid/>

Kannanir á viðhorfum þjóðkirkjufólks

Framtíðarhópur efndi til könnunar í október og nóvember 2011 á viðhorfum fólks til ýmissa þátta í starfi þjóðkirkjunnar. Könnunin var send rafrænt til sóknarnefndafulltrúa, fulltrúa á leikmannastefnu, fulltrúa í héraðsnefndum, biskupa, kirkjuþingsfulltrúa, formanna sóknarnefnda, djákna og presta. Spurt var um líf, skipulag og starf þjóðkirkjunnar, um tengsl ríkis og þjóðkirkju, sem og kirkju- og þjóðfélagsbreytingar á Íslandi. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á kirkjuþingi 2011.

Framtíðarhópur leggur til að viðhorf ábyrgðarfólks kirkjunnar til stefnu- og álitamála verði reglulega könnuð. Reynslan af fyrstu könnun framtíðarhópsins sýnir hve auðvelt er að gera kannanir varðandi kirkjuleg og samfélagsleg álitamál. Svona kannanir geta stuðlað að bættu flæði upplýsinga og hjálpað við ákvörðun í stefnu- og starfsmálum þjóðkirkjunnar.

Á vefnum

Framtíðarhópur hefur stofnað sértaka heimasíðu þar sem efni frá þingum hópsins er vistað og miðlað. Þegar skýrsla þessi er rituð hefur verið gengið frá flestu sem verður sett á síðuna og má vænta að þeirri vinnu ljúki á næstu vikum. Slóðin er: kirkjan.is/framtidarhopur.

Meðal efni eru hljóðskrár fyrirlestra og umræðna sem og textaskrár fyrirlestra. Þetta er hagnýtt efni fyrir þau er vinna að stefnumótun kirkjunnar almennt og einnig varðandi einstaka þætti sem fjallað hefur verið um á þingum framtíðarhópsins. Þá gefur þetta efni innsýn í viðhorf og sýn varðandi breytingar þjóðkirkjunnar og hvernig brugðist er við samfélagsbreytingum í byrjun 21. aldarinnar.

Reykjavík 1. nóvember 2012

Birna G. Konráðsdóttir

Hjalti Hugason

Sigurður Árni Þórðarson

Úrbótanefnd kirkjuþings Skýrsla til kirkjuþings

Á aukakirkjuþingi þann 14. júní 2011 var kosinn fimm manna nefnd til að fylgja eftir ábendingum um úrbætur þær sem rannsóknarnefnd kirkjuþings setti fram í skýrslu um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot.

Í nefndina voru kosin; Birna Guðrún Konráðsdóttir, Sr. Elínborg Gísladóttir, Margrét Jónsdóttir, Sr. Svavar Stefánsson og Magnús E. Kristjánsson sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Aukakirkjuþing 2011 taldi mikinn feng að skýrslu rannsóknarnefndar og ótvírætt að niðurstöður hennar væru mikilvægt veganesti til að bæta starfshætti og skipulag þjóðkirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot innan hennar og byggja upp traust og trúnað innan kirkjunnar og gagnvart samfélaginu.

Nefndinni var ætlað að hafa sérstaka hliðsjón af þeim tillögum sem fram eru settar í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings og leita sér jafnframt sérfræðilegrar aðstoðar eftir því sem þurfa þykir.

Í áfangaskýrslu sem lögð var fyrir kirkjuþing 2011 voru rædd m.a. atriði til úrbóta. Nefndin horfði því sérstaklega til þeirra tillagna sem rannsóknarnefnd kirkjuþings setti fram í skýrslu sinni.

1. Rannsóknarnefnd Kirkjuþings gerði tillögur um úrbætur og flokkaði tillögur sínar í 4 flokka.
2. Þróun verklagsreglna um hvernig eigi að fylgja eftir stefnumótun um meðferð kynferðisbrota.
3. Þróun verklagsreglna um bakgrunnsathugun sem taki til umsækjanda um starf hjá þjóðkirkjunni.
4. Fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti.
5. Samstarfs fagráðs um meðferð kynferðisbrota við biskup og kirkjuþing.

Í umræðum í nefndinni var rætt um að það þyrfti öðru fremur að horfa til þriggja þátta sem væru; forvarnir, fræðsla og viðbrögð. Var fullkomin samstaða um það í nefndinni að stefna bæri að því að viðhorf, viðbrögð og öll vinnubrögð skuli vera til fyrirmyndar innan þjóðkirkjunnar í þessum málum. Þ.e. taka mið af því besta sem þekkist á hverjum tíma og að ávallt skuli stefnt að því sem fagfólk nefnir fyrirmyndarviðbrögð.

Til þess að átta sig á stöðunni í þessum málaflokki var ákveðið að óska eftir samtali við þá aðila sem störfuðu að þessum málum og best þekktu til. Tilgangurinn með slíku samtali var að læra af því sem vel er gert og átta sig á hvernig hægt væri hægt að bæta starf kirkjunnar er varðar forvarnir, fræðslu og viðbrögð.

Flest erum við líklega sammála um að eitt það mikilvægasta í öllu því sem snýr að kynferðisbrotamálum séu forvarnir. Það er að allt sé gert sem hægt er til að koma í veg fyrir að slík brot verði framin. Forvarnir þurfa fyrst og fremst að stuðla að öryggi og velferð þeirra sem leita eftir þjónustu kirkjunnar eða taka þátt í starfi á hennar vegum. Það sama á við um þau sem vinna störf í kirkjunni, bæði sem launað starfsfólk og sjálfboðaliðar.

Það er skynsamlegt að koma á vönduðum verklagsreglum í öllu starfi kirkjunnar sem hafa forvarnargildi. Til þess að slíkar reglur verði sem bestar þarf að fá fólk sem þekkir til á sem flestum sviðum í starfsemi kirkjunnar til að taka þátt í útfærslu slíkra reglna. Þá þarf að hafa í huga þegar slíkar reglur eru útfærðar að aðstæður og starfsemi á vegum kirkjunnar eru mjög mismunandi eftir stöðum. Taka þarf tillit til þess það er margt ólíkt í þéttbýli og dreifbýli.

Þjóðkirkjan hefur sett sér siðareglur. Eins hefur prestafélag Íslands siðareglur. Í umræðum sem nefndarfólk hefur átt við ýmsa aðila hefur komið fram að vera kunnir að það væri til bóta að skerpa á og skýra ýmislegt í siðareglum þjóðkirkjunnar. Siðareglur þurfa að vera meira en falleg orð á blaði. Þær þurfa allir að kannast við og nota. Þá geta siðareglur sett ákveðin ramma sem fólk undirgangist að starfa innan. Þá verði það skýrt að það fólk sem ekki getur farið eftir siðareglum þjóðkirkjunnar geti ekki starfað innan hennar.

Hafa þarf í huga að siðareglur snúast ekki eingöngu um presta heldur og allt starfsfólk á biskupsstofu, í öllum stofnunum kirkjunnar og á vettvangi sókna. Siðareglur eiga að gilda bæði um launað starfsfólk sem og sjálfboðaliða.

Það eru margir sem starfa að fræðslu, forvörnum og viðbrögðum í málaflokknum kynferðisbrot og kynferðisofbeldi. Nefndarfólki finnst sjálfsagt að kirkjan hafi gott samstarf við öll þau sem vinna að slíkum málum af heilindum og á heilbrigðan hátt. Engin ástæða er til annars en að þjóðkirkjan nýti sér þá þekkingu og þau úrræði sem slíkir aðilar búa yfir og sæki í reynslu þeirra. Lagt er til að þjóðkirkjan leiti samstarfs um fræðslu sem nýtist í forvörnum og hefji nú þegar viðræður við þá aðila sem bjóða upp á slíkt með það í huga að allir sem starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar sæki slík námskeið.

Nauðsynlegt er að endanleg aðgerðaáætlun sé unnin í umboði kirkjuráðs því hve hratt eða bratt er hægt að fara í verkefni sem snúa að fræðslu og forvörnum byggist á þeim fjármunum sem unnt er að verja til verksins. Verkefni sem þessu er ekki hægt að ljúka í eitt skipti fyrir allt. Verkefni sem snúast um að verja fólk fyrir hverskonar ofbeldi þarf að vera stöðugt á dagskrá. Viðbrögð og verkáætlanir sem eru til fyrirmyndar er aðeins hægt að koma á með því að hafa stöðuga árvekni og fylgjast með því sem best er hægt að gera á hverjum tíma.

Það er afar brýnt að fyrstu skref verði tekin strax og því mikilvægt að taka þau í samstarfi við það fólk sem hefur unnið að þessum málum með góðum árangri og geta stýtt þann tíma sem þarf til að koma málum í mótaðan farveg.

Mikilvægt er að fagfólk með sérþekkingu á málefnum taki við þessu verkefni.

Nefndin leggur til að horft verði til þeirra sem hafa nú þegar þekkingu, reynslu og fræðsluefni til að miðla til kirkjunnar og í því sambandi bendum við á samtökin „Blátt áfram“ og efnið „Verndum þau“ sem er á vegum Barnaverndarstofu. Einnig viljum við benda á dr. Berglindi Guðmundsdóttur sálfræðing sem væri tilbúin til samstarfs ef eftir því væri leitað.

Á fundi nefndarinnar með Berglindi í júní síðastliðinn var því velt upp hvernig við gætum hagað þeirri vinnu sem eftir er. Svo hægt væri að móta tillögur að fyrirmyndar viðbrögðum kirkjunnar í kynferðisbrotamálum, einelti svo og öðrum ofbeldismálum. Nefndinni var falið af kirkjuþingi 2011 að útvíkka verksvið sitt með það af leiðarljósi að allt ofbeldi færi í farveg þannig að hægt væri að taka á því og vinna með það. Það var skoðun Berglindar að hægt væri að fella saman forvarnir sem ættu við kynferðisofbeldi, einelti og annað ofbeldi.

Nefndin leggur það til að búin verði til aðgerðaráætlun fyrir sóknir landsins sem hefur það að markmiði að verja þolendur annars vegar og starfsfólk kirkjunnar hins vegar. Fyrsta skrefið væri fræðsla, annað skrefið væri aðgerðaráætlun og síðan yrði þetta útfært betur. Grunnur lagður sem byggt væri ofan á.

Dr. Berglind er tilbúin að leggja kirkjunni lið hvað varðar þessa vinnu.

Það er skoðun nefndarinnar að það eigi að bjóða upp á öflugra fræðslu. Mikilvægt er að allir sem starfa með einum eða öðrum hætti á vettvangi þjókkirkjunnar þurfi og eigi að sitja einhver námskeið og þá fyrst námskeið sem snýr að forvörnum. Þá þurfa allir sömuleiðis að þekkja þau viðbrögð sem ber að fara eftir kunni einhver mál að koma upp.

Það var mikill áfangi þegar þjóðkirkjan setti á stofn fagrað og mótaði viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi. Æskilegt er að meta verkefni fagraðs og skoða hvernig best verður búin að starfi þess áfram. Skynsamlegt er að fara yfir reglur um fagraðið og athuga hvort þær þurfi að endurskoða og hvort æskilegt sé að víkka starfsemi þess er varða viðbrögð gegn öðru ofbeldi. Leggur nefndin áherslu á að það sé gert í samvinnu við það góða fagfólk sem starfar í fagraði þjóðkirkjunnar.

Eins og kynnt var í áfangaskýrslu nefndarinnar á kirkjuþingi árið 2011 náðist sátt milli þjóðkirkjunnar og þriggja af þeim fjórum konum sem nefndar eru í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þann 10 júlí síðastliðinn var gengið frá niðurstöðu og sátt milli þjóðkirkjunnar og Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur.

Nefndin hefur nú lokið því verkefni sem henni var falið á kirkjuþingi 2011. Við þökkum öllu því góða fólki sem hefur komið á fund nefndarinnar og miðlað okkur af þekkingu sinni og reynslu.

Við bendum á áfangaskýrslu úrbótanefndar sem skilað var til kirkjuþings 2011 til frekari upplýsingar um störf nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar

Skýrsla til kirkjuþings

Í jafnréttisnefnd íslensku þjóðkirkjunnar eru aðalmenn þessir: Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup, formaður, sr. Sigurður Ægisson, ritari, og sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir, Ólafur Ólafsson héraðsdómari og sr. Sunna Dóra Möller. Og varamenn eru í stafrófsröð þessir: Agnar Gunnarson, sr. Guðmundur Guðmundsson, Pétur Björgvin Þorsteinsson, Seselía María Gunnarsdóttir og Sólrún Dögg Árnadóttir

Alls hefur nefndin komið fimm sinnum saman, og ávallt í Glerárkirkju á Akureyri.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 7. desember 2011, sá næsti 9. janúar 2012, sá þriðji 20. mars 2012, sá fjórði 18. september 2012 og sá fimmti 6. nóvember 2012.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var einkum rætt um Jafnréttisstefnuna og framkvæmdaáætlun hennar og hvaða verkefni væru brýnust í ljósi þess að starf nefndarinnar hafði þá legið niðri í heilt ár vegna veikinda fyrrverandi formanns. Lagt var til að nefndin minnti Skálholtsútgefuna og fræðslusvið Biskupsstofu á að fylgja Jafnréttisstefnunni og gefa út 2-4 samverur fyrir barna- og æskulýðsstarf um kynjasamþættingu. Og auk þess að athuga hvort fræðslusviðið gæti útbúið námskeið um kynjasamþættingu fyrir sóknir sem aðgengilegt væri á Netinu.

Var nefndarfólk sammála því, að brýnustu verkefni væru þau að safna upplýsingum um laun starfsfólks kirkjunnar, annars vegar á prófastsdæmisvísu hvað varðar starfsfólk safnaða og hins vegar á landsvísu hvað varðar presta og starfsfólk Biskupsstofu og stofnana kirkjunnar, sbr. kafla 3 í framkvæmdaáætlun. Einnig að brýnt væri að taka saman tölulegar upplýsingar um starfsfólk kirkjunnar, greina þær út frá kyni og gera skýrslu um stöðuna, sem og að taka saman upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum kirkjunnar. Varðandi þetta var lagt til að fá fulltrúa frá Jafnréttisstofu til fundar við nefndina á næsta fundi, í janúarbyrjun 2012, til ráðgjafar um framkvæmdina, og mætti Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur til þess fundar. Kvaðst hann þá vera búinn að skoða jafnréttisstefnu kirkjunnar, sagði hana lofa góðu og í raun væri það plagg með því betra sem hann hefði séð af því taginu. Fannst honum ekkert því til fyrirstöðu að ráðast í verkefnið. Var því næst skipulega flett í gegnum jafnréttisstefnuna og rætt nánar um einstaka liði hennar og möguleika á útfærslum.

Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir lagði þarna fram áhugaverða samantekt um kynjaskiptingu ákveðins hluta starfsfólks þjóðkirkjunnar í Hóla- og Skálholtsstifti (biskupa, prófata, sóknarpresta, presta, djákna, formanna sóknarnefnda, héraðsnefnda, kirkjuþings og kirkjuráðs). Var í kjölfarið ákveðið að taka næsta skref og afla frekari gagna. Var ritara falið að gera uppkast að bréfi sem sent yrði til prófata, þar sem þess yrði farið á leit að þeir kölluðu eftir upplýsingum frá sóknarnefndum um launuð og ólaunuð störf í söfnuðunum, starfslýsingum og kynjaskiptingu. Sunna Dóra bauðst til að athuga hvernig þessu væri háttað hjá æskulýðsfulltrúum kirkjunnar.

Á þriðja fundi nefndarinnar, 20. mars 2012, lá eitt mál fyrir, sem var fyrirhuguð könnun jafnréttisnefndar um kynjaskiptingu í hinum ýmsu störfum, launuðum og ólaunuðum, á vegum 272 sókna þjóðkirkjunnar. Sr. Sigurður Ægisson lagði fram drög að slíku verki og voru þau rædd. Ákveðið var að bæta við nokkrum spurningum og fá jafnframt ráðleggingar hjá Ingibjörgu Elíasdóttur, lögfræðingi á Jafnréttisstofu á Akureyri, um ýmis mál þar að lútandi, m.a. varðandi upplýsingar um launakjör og upplýst samþykki.

Sunna Dóra Möller lagði til hliðsjónar fram óformlega samantekt á stöðu æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

Vegna bágrar fjárhagsstöðu jafnréttisnefndar þótti réttast að senda könnunina sem PDF-skjal í tölvupósti á prófasta landsins og biðja þá um að koma henni til formanna sóknarnefnda. Frestur til að skila henni útfylltri var gefinn til 15. maí 2012.

Fram kom sú spurning hver ætti að vinna úr niðurstöðum er þar að kæmi og var samþykkt að leita aðstoðar Jafnréttisstofu í því sambandi. Var sr. Sigurði Ægissyni og Ólafi Ólafssyni, héraðsdómara, falið að ræða við Kristínu Ástgeirsdóttur um það og að kynna þar endanlega útgáfu könnunarinnar, áður en hún yrði sett í loftið, til að tryggja að allt væri eins og það ætti að vera. Jafnframt skyldu formaður og ritari skrifa undir bréf til prófastanna, þar sem aðdragandinn var rakinn, málið kynnt og vitnað í Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

Umrædd könnun jafnréttisnefndar var svo send út 15. apríl 2012 - eftir að ritari og Ólafur Ólafsson höfðu fundað 26. mars með Kristínu Ástgeirsdóttur, framkvæmdastýru Jafnréttisstofu á Akureyri, og áðurnefndum Tryggva Hallgrímssyni, - og prófastar þar beðnir um að kalla inn svör fyrir 15. maí og senda ritara nefndarinnar í ábyrgðarpósti.

Þegar frestur var útrunninn höfðu einungis borist svör frá tveimur sóknum. Formaður ákvað því að fresta fyrirhuguðum fundi, sem vera átti 29. maí, og lagði til að ritari sendi tölvubréf til prófasta og bæði þá um að ýta á formenn sóknarnefnda. Þetta var gert 3. júní síðastliðinn. Í kjölfarið bárust svör frá fimm í viðbót. En svarhlutfall var þó ekki nema 2,57%.

Eftir miklar umræður á fjórða fundi nefndarinnar, 18. september, þar sem m.a. barst í tal hvort nefndin ætti ekki hreinlega að segja af sér, vegna stöðunnar sem upp væri komin, var ákveðið að bíða um sinn og láta ljósrita könnunina og senda í bréfpósti á prófasta, ásamt með umslögum, og biðja þá um að koma þessu til sóknarnefndarformanna öðru sinni. Þótti rétt að prófa þessa leið vegna þess, að a.m.k. einn prófaste landsins hafði haft á því orð, að hann hefði ekki getað sent könnuna út til sóknarnefndarformanna í fyrri atrennu, því hann hefði ekki haft neina ljósritunarvél til afnota.

Könnunin fór því út öðru sinni 26. september.

Jafnframt var á þessum fjórða fundi nefndarinnar ákveðið að biðja starfsfólk Biskupsstofu um að gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum og ráðum kirkjunnar og senda jafnréttisnefndinni. Hefur það verið gert en engin svör borist.

Rætt um um starfið framundan, hvað það ætti að vera, en skipunartími nefndarinnar

rennur út á miðju næsta ári, 2013. Voru öll sammála um að þar ætti kynning á niðurstöðum úr téðri könnun að vega þyngst, yrðu heimtur öllu betri en síðast.

En því miður kom í ljós, þegar frestur var útrunninn, að einungis 22 sóknir höfðu brugðist jákvætt við hinu endurnýjaða erindi nefndarinnar, sem er svörun upp á einungis 8,08% og var þá heildarsvörun komin upp í rúm 10%. Það voru nefndarfélki mikil vonbrigði, eins og gefur að skilja, eftir alla þá vinnu sem lögð hafði verið í umrædda könnun.

Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin er brýnt að Kirkjuþing taki afstöðu til framhaldsins. Nefndin telur mikilvægt að þessi vinna fari ekki forgörðum og það þurfi að leiða hana til lykta með einum eða öðrum hætti. Þarna er mikilvægt sóknarfæri fyrir kirkjuna, að sýna fram á það að unnið sé með faglegum hætti að jafnréttismálum innan vébanda hennar. Við eigum ekki að láta slíkt tækifæri ónýtt, ekki síst í ljósi nýrra fréttu um aukinn launamun kynjanna og aukna íhaldssemi ungs fólks í jafnréttismálum. Til þess þarf nefndin umboð kirkjuþings, ekki síst fjárhagslegt, og einnig þarf að ræða hvort ekki þurfi að gera ákveðnar breytingar, t.d. á aðkomu prófasta að þessu máli.

4. mál kirkjuþings 2012

Flutt af biskupi Íslands

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

1. gr.

Patreksfjarðarprestakall og Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakall, Vestfjarðaprófastsdæmi sameinast. Heiti hins sameinaða prestakalls er Patreksfjarðarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2013.

5. mál kirkjuþings 2012

Flutt af kirkjuráði

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Þingsályktun um sameiningu prófastsdæma

Kirkjuþing 2012 ályktar að afla umsagna sókna, presta og héraðsfunda í Reykjavík-
prófastsdæmi vestra Reykjavíkprófastsdæmi eystra og Kjalarnesprófastsdæmi um
eftirfarandi tillögu að skipan prófastsdæma á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkprófastsdæmi.

Seltjarnarnesprestakall	Seltjarnarnessókn
Nesprestakall	Nessókn
Ásprestakall	Ássókn
Bústaðaprestakall	Bústaðasókn
Dómkirkjuprestakall	Dómkirkjusókn
Grensásprestakall	Grensássókn
Hallgrímsprestakall	Hallgrímssókn
Háteigsprestakall	Háteigssókn
Langholtsprestakall	Langholtssókn
Laugarnesprestakall	Laugarnessókn
Breiðholtsprestakall	Breiðholtssókn
Seljaprestakall	Seljasókn
Fellaprestakall	Fellasókn
Hólabrekkuprestakall	Hólabrekkusókn
Árbæjarprestakall	Árbæjarsókn
Grafarholtsprestakall	Grafarholtssókn
Grafarvogsprestakall	Grafarvogssókn
Mosfellsprestakall	Lágafellssókn
Reynivallaprestakall	Brautarholts- og Reynivallasóknir

Reykjanesprófastsdæmi

Digranesprestakall	Digranessókn
Hjallaprestakall	Hjallasókn
Kársnesprestakall	Kársnessókn
Lindaprestakall	Lindasókn
Garðaprestakall	Bessastaða- og Garðasóknir
Hafnarfjarðarprestakall	Hafnarfjarðarsókn
Víðistaðaprestakall	Víðistaðasókn
Tjarnaprestakall	Ástjarnar- og Kálfatjarnarsóknir
Grindavíkuprestakall	Grindavíkursókn

Keflavíkurstakall
Njarðvíkurstakall
Útskálurstakall

Keflavíkursókn
Kirkjuvogs-, Njarðvíkur- og Ytri-Njarðvíkursóknir
Hvalsness- og Útskálásóknir

Gildistaka miðist við 1. janúar 2014.

6. mál kirkjuþings 2012

Flutt af biskupi Íslands

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Þingsályktun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á suðvesturhorninu

Kirkjuþing 2012 samþykkir að vísa til kirkjuráðs tillögum nefndar um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á suðvesturhorninu til gaumgæfilegrar athugunar.

NEFND UM FRAMTÍÐARSKIPAN SÓKNA, PRESTAKALLA OG PRÓFASTSDÆMA Á SUÐVESTURHORNINU

Nefndarálit

Inngangur

Nefndin var skipuð með bréfi biskupsritara, sr. Þorvalds Karls Helgasonar, dags. 19. desember 2011, skv. ákvörðun biskupafundar 29. september 2011. Var henni hleypt af stokkunum af biskupi Íslands á fyrsta fundi nefndarinnar 6. janúar 2012.

Nefndina skipa: Sr. Gísli Jónasson prófastur og Kristín Línal formaður sóknarnefndar Kársnessóknar, tilnefnd af Reykjavíkurrófastsdæmi eystra. Sr. Sigurður Jónsson sóknarprestur og Hjördís Þorgeirsdóttir, sóknarnefnd Hallgrímskirkju, tilnefnd af Reykjavíkurrófastsdæmi vestra. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir héraðsprestur og Sigurjón Pétursson formaður sóknarnefndar Hafnarfjarðarsóknar, tilnefnd af Kjalarnessrófastsdæmi. Formaður nefndarinnar er sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson vígslubiskup á Hólum, tilnefndur af biskupafundi.

Nefndin hefur haldið tíu fundi og aflað ýmissa gagna, þar á meðal tölulegra upplýsinga sem fram koma í nefndarálitinu. Einnig lagði Jóhann E. Björnsson nefndinni lið.

Markmiðssetning

Á fyrsta fundi nefndarinnar lagði formaður fram tillögu að eftirtöldum markmiðum sem nefndin skyldi hafa að leiðarljósi í störfum sínum:

1. FJÁRHAGSLEGUR ÁVINNINGUR.
2. BETRI NÝTING STARFSKRAFTA.
3. BÆTT ÞJÓNUSTA.
4. AUKIN STARFSÁNÆGJA.

Verksvið nefndarinnar

Verksvið nefndarinnar var að skoða framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á svæði Reykjavíkurprófastsdæma vestra og eystra og Kjalarnessprófastsdæmis. Nefndin taldi það ekki hlutverk sitt að endurskoða sóknarmörk einstakra sókna.

Tillögur nefndarinnar

a. Sóknir

Nefndin leggur ekki til breytingar á skipan sókna á svæðinu, með undantekningum þó. Aftur á móti leggur hún til að samstarf sókna verði stóreflt.

Nefndin minnir á eftirfarandi:

Kirkjusóknin er grunneiningþjónustu kirkjunnar. Í hverri sókn er veitt þjónusta í helgihaldi, kærleiksþjónustu og trúfræðslu. Sú þjónusta stendur öllum til boða, sbr. Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar. Í þjónustu kirkjunnar er lögð áhersla á nærsamfélagið, - virka þátttöku í safnaðarstarfi og sjálfbóðaliðastarfi. Sérstaklega er mikilvægt að skipuleggja þjónustu við börn og aldraða þannig að hún sé sem aðgengilegust. Störf sjálfbóðaliða á borð við messuþjóna, kóra og aðstoð við fræðslu er best að efla í nærsamfélaginu þar sem fólk tengist kirkju sinni oft sterkum böndum. Þegar starfseining er lítil, nálægð mikil og persónuleg tengsl til staðar er auðveldara að virkja fólk til þátttöku. Það eykur líkur á að fólk sé tilbúið til að gefa af tíma sínum og kröftum í þágu safnaðarstarfs sem er ein af forsendum bættrar þjónustu. Nefndin telur að markmið safnaðarstarfsins sé að kalla sem flesta til þátttöku og ábyrgðar og að ofangreind atriði mæli gegn sameiningu þeirra sókna sem telja má sjálfbærar.

Nefndin álitur að sameining sókna á svæðinu sé almennt ekki fýsileg við núverandi aðstæður. Til viðbótar framangreindum ástæðum vekur nefndin athygli á afar mismunandi fjárhagsstöðu sóknanna. Vandséð er að sémilega stæðar sóknir séu reiðubúnar að sameinast skuldsettum sóknum. Samtals nema skuldir allra 36 sóknanna í prófastdæmunum þremur, sem um ræðir, rétt yfir þremur milljörðum króna. Fáeinar sóknir eru skuldlausar. Í þremur skuldugustu sóknunum nema skuldirnar um 297, 480 og 623 milljónum, sem er nærri helmingur heildarskulda sókna á svæðinu. Sumar sóknir eru varla sjálfbærar lengur þar sem sóknargjöld standa ekki undir hefðbundnum rekstri og aðrar eru mjög skuldsettar vegna byggingaframkvæmda.

Nefndin telur brýnt að leitað verði heildarlausna varðandi fjárhag sókna enda er slíkt forsenda frekari breytinga á skipan sókna. Slíkar tillögur eru þó ekki á verksviði nefndarinnar.

Undantekningar frá ofangreindri niðurstöðu þ.e. að sóknir haldist óbreyttar, er annars vegar staða Kirkjuvogssóknar í Kjalarnessprófastsdæmi, sem nefndin leggur til að verði sameinuð annarri sókn, og hins vegar Fella- og Hólabrekkusóknir í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra sem nefndin leggur til að verði sameinaðar.

Enda þótt ekki séu lagðar til frekari sameiningar sókna, er niðurstaða nefndarinnar sú, að augljós ávinningur felist í aukinni samvinnu sókna. Má í því sambandi nefna samnýtingu starfsfólks t.d. organista og æskulýðsfulltrúa. Þá gætu svokölluð sóknasamlög verið hjálpleg til að standa straum af kostnaði við samnýtta þjónustu.

b. Prestaköll

Nefndin leggur til miklar breytingar á prestakallaskipan á umræddu svæði. Við skoðun sína hafði hún samstarfssvæði sókna til hliðsjónar (sbr. . mál kirkjuþings 2011). Gerir nefndin að tillögu sinni að þau verði gerð að prestaköllum með þeim breytingum þó að Kálfatjarnarsókn á svæði 7 færist á svæði 8. Á því svæði verði tvö prestaköll sem annars vegar samanstandi af Ástjarnarsókn, Hafnarfjarðarsókn, Kálfatjarnarsókn og Víðistaðasókn, og hins vegar óbreyttu Garðaprestakalli. Þá verði svæði 12 skipt upp þannig að Bústaðasókn, Grensásókn og Háteigssókn verði að einu prestakalli en Ássókn, Langholtssókn og Laugarnessókn að öðru. Svæði 13 verði skipt upp í tvö prestaköll, annars vegar Nessókn og Seltjarnarnessókn og hins vegar Dómkirkjusókn og Hallgrímssókn. Samkvæmt tillögum nefndarinnar verða prestaköllin á svæðinu því ellefu í stað þrjátíu og eins (sjá Fylgiskjal 2). Í því skjali má sjá tillögu nefndarinnar um skipan prestakalla á svæðinu með óbreyttum fjölda presta. Nefndin bendir á augljóst misvægi í þjónustubyrði milli einstakra prestakalla sem ástæða er til að skoða nánar, t.d. með tilfærslu embætta milli prestakalla og tengingu sérþjónustupresta við einstök prestaköll.

Helstu rök nefndarinnar fyrir tillögum þessum eru eftirfarandi:

1. Fjárhagslegur ávinningur

Reynsla innanlands og utan sýnir að verulegur hluti sameininga misheppnast og skilar alls ekki þeim fjárhagslega árangri sem að var stefnt. Vanda þarf því vel til verka svo fjárhagslegur ávinningur verði af sameiningu prestakalla, eins og nefndin leggur til.

Engu að síður telur nefndin að með tillögum sínum megi ná fjárhagslegum ávinningi að gefnum eftirfarandi forsendum sem hún telur nauðsynlegar í þessu sambandi.

1. Starfsreglum um presta verði breytt á þann veg að verkstjórnarvaldið í prestakallinu sé skýrt og óumdeilt.
2. Kjarasamningum við organista verði breytt.
3. Samstarfsnefnd sókna í viðkomandi prestakalli verði komið á fót.

Þó miðað sé við að öll grunnþjónusta safnaðarstarfsins sé veitt í hverri sókn fyrir sig, má með samvinnu sókna og góðri verkstjórn ná fram hagræðingu og þar með betri nýtingu starfskrafta. Með því að ráða fáa starfsmenn í fullt starf til að þjóna öllum þessum þáttum í sóknum prestakallsins mætti ná fram fjárhagslegum ávinningi.

Með góðri skipulagningu helgihalds má hagræða og spara. Mismunandi messutímar í sóknum prestakallsins gefa færi á betri nýtingu presta og organista. Með góðri skipulagningu ætti prestateymi hvers prestakalls að vera sjálfbært um afleysinga- og forfallaþjónustu.

Hver sókn hefur á sínum snærum launað og ólaunað starfsfólk sem sinnir mismunandi verkefnum. Sem dæmi má nefna umsjón með bókunum á húsnæði, pöntun auglýsinga, greiðslu reikninga, vinnslu á launa- og fjárhagsbókhaldi, fasteignarekstur, starfsmannahald, viðhald heimasíðu og fjöldamörg önnur atriði sem fylgja rekstri og umsjón með miklu

og verðmætu húsnæði. Sum framangreindra starfa eru unnin af verktökum, svo sem viðhald fasteigna, lóðahirðing og bókhald. Í minni sóknum eru þessi störf einnig unnin af sóknarnefndarfólki. Samstarfsnefndir sókna skapa möguleika til að ná fram hagræðingu í rekstri með því að steypa saman umsjón og framkvæmd ofangreindra kostnaðar- og verkþátta.

2. Betri nýting starfskrafta

Að mati nefndarinnar stuðla stærri prestaköll að betri nýtingu kirkjunnar þjóna, bæði presta og annarra leiðtoga safnaðarins. Síðustu áratugi hafa söfnuðir þjóðkirkjunnar búið við öruggt fjárhagsumhverfi sem gert hefur þeim kleift að gera áætlanir um framkvæmdir og rekstur, þar með talið starfsmannahald. Þessar aðstæður eru óðum að breytast og starfsfólki safnaðanna á suðvesturhorninu hefur fækkað jafnt og þétt síðustu misseri og hefur stöðugildum fækkað um þriðjung frá árinu 2003. Margt bendir til þess að þessar breytingar á fjárhag kirkjunnar séu til frambúðar.

Þegar að þrengir, þarf að finna nýjar leiðir til að boða fagnaðarerindið og láta kirkjulífið blómstra. Stærri prestaköll gefa söfnuðunum færi á að skipuleggja sig með markvissari hætti, samnýta verkstjórn, eftirfylgni og starfsþjálfun. Sérhæfing starfsfólks nýtur sín betur og auðveldara er að ná fram hagræðingu í starfsmannahaldi í stærri prestaköllum. Verksvið framkvæmdastjóra sókna getur, eins og áður segir, náð yfir sóknir prestakallsins. Tónlistarstarf má skipuleggja þannig að kantórar og organistar þjóni fleiri en einni kirkju, og þar fram eftir götunum. Umsjón og þjálfun sjálfbodaliða, t.a.m. messuþjóna svo og fræðslu- og hópastarf, getur verið sameiginlegt verkefni.

Skipulag samstarfssvæða og áherslur í kirkjustarfi liggja nú þegar fyrir á svæðinu. Með því að gera samstarfssvæði að prestaköllum, verður mun auðveldara að hrinda í framkvæmd markmiðum sem búa að baki samstarfssvæðum.

Í stækkuðum prestaköllum vinna prestar saman í teymi undir verkstjórn eins úr þeirra hópi. Forsenda slíks fyrirkomulags er að breyting verði gerð á starfsreglum um presta eins og fyrr er getið. Betri nýting starfskrafta þýðir þó ekki fækkun presta sem þjóna kirkjunni á þessu svæði. Stærri starfseiningar bjóða hins vegar upp á skýrari verkaskiptingu, minnka líkur á einangrun í starfi og draga úr hættu á árekstrum og streitu, sem talinn er óhjákvæmilegur fylgifiskur ein- og tvímenningsprestakalla (sjá doktorsritgerð Ásdísar Emilsdóttur Petersen 2012 „Á grænum grundum...“ – Rannsókn á leiðtogaeinkennum íslenskra presta og grósku í safnaðarstarfi).

3. Bætt þjónusta

Meðal þeirra markmiða sem nefndin hafði fyrir augum í verki sínu var að bæta þjónustu kirkjunnar á svæðinu í sem flestum greinum. Í sameinuðum prestaköllum mun reynast auðveldara að skipuleggja helgihald í kirkjum þeirra m.a. á þann veg að fleiri sóknarbörn finni sér messutíma við sitt hæfi, þar sem messur í prestakallinu yrðu ekki ævinlega allar á sama tíma, eins og áður segir.

Með tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því að sérhæfing starfsmanna innan hvers prestakalls um sig nýtist sem best. Þannig mætti mynda teymi, skipuð presti, djákna

og e.t.v. fleiri leiðtogum, sem stæðu fyrir mismunandi þáttum safnaðarstarfsins, s.s. barnastarfi, unglingastarfi, samverum eldri borgara svo nokkuð sé nefnt. Þannig ættu fleiri sóknarbörn sama prestakalls greiðari aðgang að bæði sérhæfðari og breiðari þjónustu.

Í prestaköllum með fleiri en einni misfölmennri sókn má vænta þess að samstarf fámennari sókna við hinar fjölmennari skili sér í fjölbreyttari og markvissari þjónustu, bæði í helgihaldi og öðru safnaðarstarfi. Minni sóknin nýtur styrks hinnar stærri í starfi sem ekki er á hennar færi að halda uppi, og söfnuður fjölmennu sóknarinnar nýtur góðs af greiðum aðgangi að litlum guðshúsum til margvíslegra kirkjuathafna. Hreyfanleiki starfsfólks á milli kirkna/sókna í sama prestakalli mun þegar fram í sækir auka fjölbreytni og fagmennsku og, ef vel tekst til, stuðla að aukinni samkennd meðal starfsfólks og sóknarbarna, milli sókna og kirkna, og glæða starfsánægju þeirra sem að verki koma.

4. Aukin starfsánægja

Nefndin telur að með tillögum sínum um sameiningu prestakalla skapist aðstæður sem líklegar séu til að auka starfsánægju þeirra sem að safnaðarstarfinu koma.

Samstarf sókna í prestaköllunum sem um ræðir veitir tækifæri til margvíslegrar hagræðingar og styrkingar kirkjulegs starfs. Við þessar aðstæður þarf margt að skoða. Glæða þarf starfsánægju þeirra er vinna innan kirkjunnar.

Sameining og aukið samstarf stofnana og fyrirtækja er þekkt ferli og má því styðjast við reynslu annarra í þessu efni, jafnframt því að tekið er tillit til sérstakra aðstæðna kirkjunnar. Ánægja í starfi byggist m.a. á eftirtöldum þáttum (sjá Guðbjörg Sigurðardóttir, *Ánægja í starfi 2008*):

Starfsmaður þarf að:

- a. vita til hvers er ætlast af honum
- b. geta náð tökum á verkefnum sínum
- c. hafa ábyrgð og vera treyst
- d. geta haft áhrif á stefnu og ákvarðanir
- e. sjá tilgang með starfinu
- f. fá eðlilega umbun, t.d. hrós

Með þeirri góðu skipulagningu, samvinnu og verkstjórn sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir er ástæða til að ætla að allra þessara þátta verði gætt.

Hvað varðar prestsþjónustuna varðar mestu að einyrkjastörfin verði aflögð, svo íþyngjandi sem þau eru að flestra dómi. Teymisvinnan gefur kost á því að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín og meira svigrúm verður til afleysinga, sveigjanleika og rýmri frítíma.

c. Prófastsdæmi

Skiptar skoðanir eru í nefndinni um skipan prófastsdæma á svæðinu. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar og falla þær í eftirfarandi þrjá meginflokka:

- Mikil fjölgun prófastsdæma, sem gætu þá jafnvel verið jafnmörg og samstarfssvæðin.
- Sameining svæðisins í eitt stórt prófastsdæmi.
- Lítið eða jafnvel óbreytt fyrirkomulag á skipan prófastsdæmanna.

Allar hafa þessar hugmyndir kosti og galla. Kosturinn við fjölgun prófastsdæmanna virðist fyrst og fremst sá, að allt samstarf innan þeirra verður auðveldara eftir því sem þau eru minni og líkurnar á virku samstarfi þannig meiri. Helstu gallarnir við fjölgun prófastsdæmanna eru, að margvíslegt samstarf á svæðinu yrði mun flóknara með fjölda nefnda og starfsmanna. Héraðssjóðirnir yrðu ekki eins burðugir til að takast á við stærri verkefni. Þá var á það bent, að með stækkun prestakalla mætti um margt ná fram hliðstæðum áhrifum og fengjust með fjölgun prófastsdæma.

Sameining svæðisins alls í eitt prófastsdæmi hefði hugsanlega í för með sér ýmiskonar hagræðingarmöguleika og betri nýtingu starfskrafta. Slíkt prófastsdæmi yrði mjög fjölmennt með yfir 70% landsmanna og með 53 prestum, miðað við núverandi fjölda, auk sérþjónustuprestanna. Það er því ljóst að slíkt prófastsdæmi kallaði á prófast í fullu starfi, og dygði varla til. Bent var á að slíkt starf væri varla í samræmi við íslenska kirkjuskipan, enda yrði slíkt prófastsdæmi í mörgu líkara sjálfstæðu biskupsdæmi. Þá var einnig á það bent, að sameining prófastsdæma á landsbyggðinni hefði ekki gefist nægilega vel og hvorki skilað þeirri hagræðingu sem að var stefnt né því aukna samstarfi sem margir vonuðust eftir. Því væri skynsamlegt að staldra við og skoða málin betur áður en hreyft væri við prófastsdæmunum á svæðinu. Aukinni hagræðingu og betri nýtingu starfskrafta mætti hugsanlega ná með auknu samstarfi núverandi prófastsdæma. Var í því sambandi vísað til þess, að góð reynsla er af ýmsum samstarfsverkefnum Reykjavíkurprófastsdæmanna. Það er því niðurstaða nefndarinnar, að leggja ekki til breytingar á skipan prófastsdæma á svæðinu, að svo komnu máli. Nefndin telur þó að í framtíðinni hljóti núverandi skipan að verða endurskoðuð í ljósi reynslunnar af þeirri skipan prestakalla sem nefndin leggur til.

Lokaorð

Tillögur nefndarinnar um breytta skipan prestakalla kallar á róttæka endurskoðun á starfsreglum og starfsháttum kirkjunnar. Telur nefndin að ekki verði undan því vikist í ljósi breyttrar stöðu kirkjunnar í samfélaginu. Þannig verði vörn snúið í sókn. Enda þótt nefndinni hafi aðeins verið fengið það verkefni að gera tillögur að framtíðarskipan þjónustunnar á suðvesturhorninu lítur hún svo á að tillögur hennar gætu gagnast landinu öllu.

7. mál kirkjuþings 2012

Flutt af biskupi Íslands

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

**Þingsályktun um sameiningu Garða- og Saurbæjarprestakalla,
Vesturlandsprófastsdæmi**

Kirkjuþing 2012 ályktar að beina því til biskups Íslands að kynna tillögu að sameiningu Garða- og Saurbæjarprestakalla, Vesturlandsprófastsdæmi.

8. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Elínborgu Gísladóttur, Katrínu Ásgrímsdóttur, Ásbirni Jónssyni, Ingileif Malmberg, Agli H. Gíslasyni, Bjarna Kr. Grímssyni, Ingu Rún Ólafsdóttur, Stefáni Magnússyni og Svönu Helen Björnsdóttur

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um skipan prestsþjónustunnar

Kirkjuþing 2012 samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd sem geri tillögur um skipan prestsþjónustunnar fyrir kirkjuþing haustið 2013.

Starf hópsins byggist meðal annars á samþykkt kirkjuþings 2010 um þjónustu kirkjunnar.

9. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Baldri Kristjánssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Þingsályktun um breytingar á ýmsum starfsreglum

Kirkjuþing 2012 ályktar að beina því til kirkjuráðs að gerð verði úttekt á því hvernig þær breytingar hafi reynst sem gerðar hafa verið á prófastsdæmaskipan landsins.

10. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Baldri Kristjánssyni og Margréti Jónsdóttur

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

1. gr.

Við 12. gr. starfsreglnanna bætist að leggja skuli til prestssetur í Vestmannaeyjum, Suðurprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2013.

11. mál kirkjuþings 2012

Flutt af millipinganevnd kirkjuþings

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnevnd:

Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga

Kirkjuþing 2012 ályktar að kjósa fimm manna nefnd kjörinna kirkjuþingsfulltrúa til að fara yfir frumvarp það til þjóðkirkjulaga sem lagt var fram í 11. máli þingsins. Nefndin skili tillögum að frumvarpi til þjóðkirkjulaga á kirkjuþingi að hausti 2013.

12. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Steindóri Haraldssyni, Elínborgu Gísladóttur, Svönu Helen Björnsdóttur, Birnu G. Konráðsdóttur og Birgi Rafni Styrmissyni

Tillaga til þingsályktunar um skipan starfshóps vegna breytinga á starfsreglum

Kirkjuþing 2012 ályktar að kjósa fimm manna starfshóp úr röðum kirkjuþingsfulltrúa til að vinna tillögur um breytingar á starfsreglum þjóðkirkjunnar með tilliti til frumvarps um ný þjóðkirkjulög, sem unnið er að. Starfshópurinn skal skila kirkjuþingi tillögum sínum á fyrsta kirkjuþingi, sem haldið verður eftir að frumvarpið hefur hlotið samþykki á Alþingi.

Málið var dregið til baka.

13. mál kirkjuþings 2012

Flutt af kirkjuráði

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Starfsreglur um kjör til kirkjuþings

Kjör til kirkjuþings

1. gr.

Á kirkjuþingi eiga sæti 29 þjóðkirkjumenn, kjörnir til fjögurra ára í senn. Eru 12 þeirra úr hópi vígðra manna, þ.e. presta og djákna, sem kosnir hafa verið samkvæmt ákvæðum starfsreglna þessara. Leikmaður telst sá sem ekki hefur tekið vígslu til prests eða djákna. Miða skal kosningarrétt og kjörgengi samkvæmt starfsreglum þessum við 1. apríl á kosningári.

Kjördæmi kirkjuþings

2. gr.

Kjördæmi kirkjuþings eru:

a) Vígðra:

1. Reykjavíkurborgkjördæmi, þ.e. Reykjavíkurborgkjördæmi vestra og eystra- og Kjalarnessprófastsdæmi.
2. Skálholtskjördæmi, þ.e. Suður-, Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmi.
3. Hólakjördæmi, þ.e. Húnavatns og Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjar- og Austurlandsprófastsdæmi.

b) Leikra:

1. Reykjavíkurborgkjördæmi vestra
2. Reykjavíkurborgkjördæmi eystra
3. Kjalarnessprófastsdæmi
4. Vesturlandsprófastsdæmi
5. Vestfjarðaprófastsdæmi
6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
8. Austurlandsprófastsdæmi
9. Suðurlandsprófastsdæmi.

Kjörgengi

3. gr.

Leikmenn skulu uppfylla skilyrði til að taka sæti í sóknarnefnd í kjördæmi sínu. Þjónandi prestar og djáknar eru kjörgengir innan þess kjördæmis þar sem aðalstarfsstöð þeirra er. Biskupar og kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands njóta ekki kjörgengis.

Fjöldi leikmanna á kirkjuþingi í einstökum kjördæmum og kosningarréttur

4. gr.

Sóknarnefndarmenn í 1., 2. og 3. kjördæmi, hverju fyrir sig og varamenn þeirra kjósa úr röðum leikmanna, þrjá kirkjuþingsmenn og þrjá varamenn.

Aðalmenn í sóknarnefndum í 7. og 9. kjördæmi, hvoru fyrir sig, kjósa úr röðum leikmanna, tvo kirkjuþingsmenn og tvo varamenn.

Aðalmenn í sóknarnefndum í 4., 5., 6. og 8. kjördæmi, hverju fyrir sig, kjósa úr röðum leikmanna, einn kirkjuþingsmann og tvo til vara.

Miða skal kosningarrétt samkvæmt ákvæði þessu við 23. mars á kosningarári.

Fjöldi presta og djákna á kirkjuþingi í einstökum kjördæmum og kosningarréttur

5. gr.

Þjónandi prestar og djáknar í föstu og launuðu starfi njóta kosningarréttar innan þess kjördæmis þar sem aðalstarfsstöð þeirra er.

Biskupar og kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands njóta ekki kosningarréttar.

Þjónandi prestar og djáknar í Reykjavíkurbjördæmi kjósa sex kjörgenga kirkjuþingsfulltrúa fyrir kjördæmið og þrjá til vara.

Þjónandi prestar og djáknar í Skálholtskjördæmi kjósa þrjá kjörgenga kirkjuþingsfulltrúa fyrir kjördæmið og tvo til vara.

Þjónandi prestar og djáknar í Hólakjördæmi kjósa þrjá kjörgenga kirkjuþingsfulltrúa fyrir kjördæmið og tvo til vara.

Prestur sem settur er til þjónustu til eins árs eða lengri tíma nýtur kosningarréttar. Prestur sem settur er í embætti, þar sem ekki er skipaður prestur fyrir, skal hafa kosningarrétt í því kjördæmi sem hann þjónar í. Prestur, sem sinnir aukþjónustu, getur ekki greitt atkvæði fyrir það embætti. Prestur í launalausum leyfi eitt ár eða lengur, nýtur ekki kosningarréttar. Djákni skal vera ráðinn ótímabundið eða til a.m.k. eins árs til að njóta kosningarréttar.

Framboð til kirkjuþings

6. gr.

Kjörstjórn auglýsir eigi síðar en 1. mars á kosningarári eftir framboðum til þingsins.

Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuþings skulu hafa tilkynnt kjörstjórn framboð sitt skriflega eigi síðar en 1. apríl það ár sem kjósa skal.

Ef ekki berast nægilega mörg framboð þ.e. jafnmörg og aðal- og varamenn eru í viðkomandi kjördeild skal kjörstjórn gera próföstum viðvart. Kjörstjórn óskar eftir að prófastar úr viðkomandi kjördæmi tilnefni sameiginlega þá frambjóðendur sem á vantar. Skal sú tilnefning hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 15. apríl.

Kjörskrá.

7. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá fyrir 1. apríl það ár sem kjósa skal og leggur hana fram sama dag.

Kjörskrá skal liggja frammi í eina viku á biskupsstofu og hjá próföstum. Heimilt er kjörstjórn að láta kjörskrá liggja frammi á fleiri stöðum svo og að birta hana á vefsvæðum. Kjörstjórn auglýsir framlagningu kjörskrár og kærufrest, sem skal vera ein vika frá framlagningu.

Kjörstjórn úrskurðar kærur, og gengur endanlega frá kjörskrá innan viku frá lokum kærufrests. Niðurstöður kjörstjórnar skulu liggja frammi á biskupsstofu og skulu kærendur kynna sér þær þar. Heimilt er að skjóta úrskurði kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, innan þriggja daga frá því að kærufrestur rann út. Yfirkjörstjórn skal hafa lokið úrlausnum kærumála innan viku frá því kæra barst.

Útsending kjörgagna – kosning.

8. gr.

Kosning skal vera rafræn og hefjast eigi síðar en 1. maí á því ári sem kjósa skal. Þá sendir kjörstjórn öllum þeim sem kosningarrétt eiga nauðsynleg kjörgögn, þ.e. skrá yfir frambjóðendur í hlutaðeigandi kjördæmi og kjördeild. Þá skulu fylgja leiðbeiningar um það hvernig kosning fari fram.

Kjörgögn þessi eru send rafrænt með staðfestri móttöku. Hafi kjósandi ekki rafrænt póstfang skal senda lykilorð til hans í pósti ásamt leiðbeiningum um hvert hann skuli snúa sér. Allar upplýsingar og nauðsynleg gögn skulu einnig vera aðgengileg á vef þjóðkirkjunnar.

Rafrænni kosningu skal vera lokið á miðnætti 15. maí.

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör.

9. gr.

Kjörstjórn skipa þrjú menn til fjögurra ára.

Biskup skipar formann og varaformann. Kirkjuþing kýs tvo kjörstjórnarmenn og tvo varamenn hvors þeirra um sig. Varamenn skulu kosnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns.

Kjörstjórnarmenn mega hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.

Kosning til kjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kjör kirkjuþings. Biskup skal kunngera skipun formanns og varaformanns á því kirkjuþingi, áður en þingið kýs til kjörstjórnar.

Kjörtími kjörstjórnar er frá 1. desember það ár sem þriðja kirkjuþing er haldið. Kjörstjórn hefur aðsetur á Biskupsstofu. Kjörstjórn er heimilt að fela starfsmönnum eða trúnaðarmönnum þjóðkirkjunnar að annast á ábyrgð kjörstjórnar framkvæmd tiltekinna þátta í kosningu til kirkjuþings.

Niðurstaða kosningar og útgáfa kjörbréfa

10. gr.

Kjörstjórn úrskurðar atkvæði og staðfestir niðurstöðu kosningar.

Sá er kjörinn aðalmaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður. Sá er kjörinn 1. varamaður

sem flest fær atkvæði sem varamaður að viðbættum þeim atkvæðum sem hann fær sem aðalmaður, sá 2. varamaður sem næstflest fær atkvæðin talin með sama hætti og sá 3. varamaður, þar sem það á við, sem fær atkvæði talin með sama hætti.

Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði ræður hlutkesti og gildir það einnig um röð varamanna ef því er að skipta.

Kjörstjórn skal birta nöfn þeirra er kosningu hlutu, strax að lokinni talningu.

Kjörstjórn gefur út kjörbréf til þingmanna, aðalmanna og varamanna og skal röð varamanna greind sérstaklega.

Gerðabók kjörstjórnar

11. gr.

Kjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda, kærumál og úrlausnir þeirra, svo og úrslit kosninga.

Varamenn

12. gr.

Ef kirkjuþingsmaður andast á kjörtímabilinu, flytur burt úr kjördæminu eða forfallast varanlega eða tímabundið, tekur varamaður hans sæti í þeirri röð sem hann er til kjörinn. Hafi hlutaðeigandi kirkjuþingsmaður gegnt embætti forseta kirkjuþings, skal kirkjuþing kjósa til embættisins að nýju.

Varamaður tekur sæti aðalmanns í föstum þingnefndum og þarf ekki að kjósa að nýju um sæti aðalmannsins.

Kærur vegna kirkjuþingskosninga

13. gr.

Rétt til að kæra eiga þeir einir sem hafa kosningarrétt við kirkjuþingskjör. Kærur vegna kirkjuþingskosninga skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en einni viku eftir að atkvæði eru talin. Leggur hún þær, ásamt athugasemdum sínum, fyrir yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar

14. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kirkjuþingskosninga. Hún er skipuð þremur mönnum og þremur til vara, til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera löglærður sem og varamaður hans.

Yfirkjörstjórnarmenn mega hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.

Kosning til yfirkjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kjör kirkjuþings.

Aðsetur yfirkjörstjórnar skal vera á Biskupsstofu. Biskupsstofa sér nefndinni fyrir aðstöðu og þjónustu.

15. gr.

Kæra má til yfirkjörstjórnar:

1. Úrlausnir kjörstjórnar vegna kjörskrármála.
2. Framkvæmd kirkjuþingskosninga.

Yfirkjörstjórn hefur eftirfarandi úrræði:

1. Hún getur fallist á - eða synjað - kröfu manns um að vera á kjörskrá.
2. Hún getur fallist á kröfu - eða synjað - um að tiltekinn maður skuli ekki vera á kjörskrá.
3. Hún getur staðfest lögmæti framkvæmdar kirkjuþingskosninga, eftir atvikum með athugasemdum.
4. Hún getur ógilt kosningu tiltekins kirkjuþingsmanns eða kirkjuþingsmanna og lagt fyrir kjörstjórn að endurtaka kosningu í hlutaðeigandi kjördæmi.
5. Hún getur ógilt tiltekna þætti í framkvæmd kirkjuþingskosninga og lagt fyrir kjörstjórn að endurtaka þann þátt svo og aðra þætti sem nauðsynlegt þykir, þannig að niðurstaða fái st.
6. Hún getur ógilt kirkjuþingskosningu að öllu leyti og lagt fyrir kjörstjórn að láta kjósa að nýju.

16. gr.

Yfirkjörstjórn vísar kæru frá ef:

1. kærandi hefur ekki kæruaðild
2. hún er of seint fram komin
3. mál heyrir ekki undir yfirkjörstjórn
4. kröfugerð er óskýr eða vanreifuð þrátt fyrir ábendingar yfirkjörstjórnar.

17. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en viku eftir að mál berst.

Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

18. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 234/2006.

14. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Steindóri Haraldssyni, Birnu G. Konráðsdóttur, Birgi Rafni Styrmissyni, Agli H. Gíslasyni, Ólafi B. Valgeirssyni, Margréti Jónsdóttur og Marinó Bjarnasyni
Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009

1. gr.

Við starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að gera allt að sex mánaða hlé á þingfundum kirkjuþings.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast þegar gildi.

15. mál kirkjuþings 2012

Flutt af kirkjuráði

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd:

Þingsályktun um félagatal þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2012 ályktar eftirfarandi:

- Þjóðkirkjan taki upp eigið félagsmannatal er fylgi trúfélagsskráningu í þjóðskrá.
- Eyðublað fyrir starfsskýrslur presta verði endurskoðað.
- Útbúin verði starfsskýrsla fyrir sérþjónustupresta.
- Messugjörðarskýrsla sóknarpresta verði endurskoðuð.
- Starfsskýrslur djákna verði endurskoðaðar.
- Tekin verði upp miðlæg rafræn skráning helstu prestsverka.

Kirkjuráð sjái um framkvæmd þingsályktunartillögunnar.

16. mál kirkjuþings 2012

Flutt af kirkjuráði

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd:

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2012 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi

1. Jörðin Kálfafellsstaður, Sveitarfélaginu Hornafirði
2. Jörðin Holt undir Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra
3. Tröð, 50 ha. jarðnæði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
4. Jörðin Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi
5. Brattahlíð 5, Hveragerði, Hveragerðisbæ
6. Túngata 20, Eyrarbakka, Árborg
7. Háaleiti, Þorlákshöfn, Ölfus
8. Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi
9. Hólagata 42, Vestmannaeyjum
10. Smáragata 6, Vestmannaeyjum

Kjalarnesprófastsdæmi

11. Ránargata 1, Grindavík
12. Keilisbraut 775 (Kapella ljóssins), Reykjanesbæ
13. Breiðbraut 672 (raðhús a), Reykjanesbæ
14. Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði
15. Mosfell I, (íbúðarhús ásamt leigulóð) Mosfellsbæ
16. Tvær lóðir úr Mosfelli II, (Dalsgarður og Víðigerði) Mosfellsbæ

Vesturlandsprófastsdæmi

17. Laugarbraut 3, Akraneskaupstað
18. Staðarhóll, Hvanneyri, Borgarbyggð

Vestfjarðaprófastsdæmi

19. Spilda úr prestssetrinu á Reykhólum
20. Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ
21. Jörðin Árnes I, Árneshreppi

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

22. Barmahlíð 7, Sauðárkróki
23. Jörðin Borgarhóll, Akrahreppi

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

24. Austurvegur 9, Hrísey, Akureyri

25. Ketilsbraut 20, Húsavík

Austurlandsprófastsdæmi

26. Hraungarður 8, Eiðum,

27. Kolfreyjustaður, Fjarðabyggð

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

27. Laugavegur 31, Reykjavík

28. Hjarðarhagi 30, 1.h.t.h. Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2013.

17. mál kirkjuþings 2012
Flutt af Stefáni Magnússyni

Tillaga til þingsályktunar um uppsögn haldsbréfa vegna hlunninda

Kirkjuþing 2012 ályktar að sagt verði upp frá og með 1. janúar 2013, með árs fyrirvara, öllum ákvæðum haldsbréfa fyrir prestssetur um hlunnindi, þannig að tekjur af hlunnindum renni óskiptar til kirkjumálasjóðs en ekki til þeirra sem sitja jarðirnar.

Ef um er að ræða hlunnindi sem krefjast vinnuframlags skal greiða ábúanda, eða eftir atvikum öðrum, eðlilegt endurgjald fyrir vinnuframlag náist samkomulag þar um.

Að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd var málinu vísað frá kirkjuþingi.

18. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Birnu G. Konráðsdóttur, Steindóri Haraldssyni og Marinó Bjarnasyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd:

Þingsályktun um upplýsingar varðandi hlunnindi af kirkjujörðum

Kirkjuþing 2012 ályktar að fela kirkjuráði að láta vinna skýrslu þar sem öll hlunnindi og aðrar tekjur af prestssetrum og öðrum jörðum sem kirkjumálasjóður er skráður eigandi að koma fram. Upplýsingarnar verði birtar á kirkjuþingi 2013.

19. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Leifi Ragnari Jónssyni, Marinó Bjarnasyni,

Óskari Inga Ingasyni og Steindóri Haraldssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

**Þingsályktun um skipan í nefndir,
ráð og stjórnir á vegum þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2012 ályktar að við skipan í ráð, stjórnir og nefndir á vegum þjóðkirkjunnar og undirstofnana hennar, verði valddreifing, lýðræði og meðalhóf haft að leiðarljósi. Sérstaklega verði hugað að jafnréttisáætlun og eðlilegu jafnvægi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

20. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Margréti Björnsdóttur og Bjarna Kr. Grímssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Þingsályktun um kosningu fimm manna nefndar til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Kirkjuþing ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Nefndin skal skila tillögum sínum til kirkjuþings 2013.

21. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Margréti Jónsdóttur, Birnu G. Konráðsdóttur,

Ingu Rún Ólafsdóttur og Þórunni Júlíusdóttur

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011**

Að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd var málið sameinað 20. máli.

22. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Óskari Inga Ingasyni

**Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar að
vinna tillögur að starfsreglum um biskup Íslands**

Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.

23. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Birnu G. Konráðsdóttur, Stefáni Magnússyni, Birgi Rafni Styrmissyni og Marinó Bjarnasyni

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á
starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011**

Að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd var málið sameinað 24. og 25. máli.

24. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Ingileif Malmberg, Sigurði Árna Þórðarsyni, Svavari Stefánssyni og Skúla Sigurði Ólafssyni.

**Tillaga til þingsályktunar um skipan starfshóps til að endurskoða
starfsreglur um val og veitingu prestsembættanr. 1109/2011**

Að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd var málið sameinað 23. og 25. máli.

25. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Óskari Inga Ingasyni og Leifi Ragnari Jónssyni.

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um skipan fimm manna nefndar til að endurskoða starfsreglur nr. 1109/2011, um val og veitingu prestsembættu

Kirkjuþing 2012 samþykkir að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða starfsreglur nr. 1109/2011, um val og veitingu prestsembættu.

Nefndin skili tillögum sínum að endurskoðuðum starfsreglum til forsætisnefndar kirkjuþings til framlagningar á 50. kirkjuþingi.

26. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Óskari Inga Ingasyni, Birnu G. Konráðsdóttur og Leifi Ragnari Jónssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prófaste nr. 966/2006

1. gr.

5. grein starfsreglnanna orðist svo:

Biskup setur annan sóknarprest í prófastsdæminu eða nágrannaprófast til að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna lengri fjarveru, leyfis eða veikinda prófasts, prófasts missir við, eða er veitt lausn um stundarsakir.

Annars leysir prestur kosinn í héraðsnefnd prófast í hefðbundnum fríum og til vara varamaður hans í héraðsnefnd.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2013.

27. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Leifi Ragnari Jónssyni, Marinó Bjarnasyni,

Óskari Inga Ingasyni og Steindóri Haraldssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um embættaskipti presta og starfsmanna kirkjunnar

Kirkjuþing 2012 vísar tillögu um embættaskipti presta og starfsmanna kirkjunnar til biskups Íslands. Kirkjuþing beinir þeim tilmælum til biskups Íslands að kanna hvort og þá með hvaða hætti setja megi reglur um tímabundin vistaskipti presta með hliðsjón af reglum um hreyfanleika ríkisstarfsmanna.

28. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Magnúsi Birni Björnssyni, Sigurði Árna Þórðarsyni,
Svavari Stefánssyni og Elínborgu Gísladóttur

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um presta nr. 1110/2011

1. gr.

Ný 18. gr. hljóðar svo:

Embættaskipti

Heimilt er prestum að skipta tímabundið um brauð eða embætti sín á milli ef biskup Íslands og sóknarnefndir/vinnuveitandi eru því samþykkt. Eigi er heimilt að sækja um viðkomandi brauð eða embætti fyr en að ári liðnu frá lokum starfsskipta.

2. gr.

18. gr. starfsreglnanna verður 19. gr og síðan breytast númer eftirfarandi greina í samræmi við það.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2013.

Málið var dregið til baka.

29. og 30. mál kirkjuþings 2012 voru ekki flutt á kirkjuþingi 2012

31. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Birnu G. Konráðsdóttur og Sigurði Árna Þórðarsyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd:

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000

1. gr.

Ný 19. gr. starfsreglnanna hljóði svo:

Varamenn í kirkjuráð fái send öll opinber gögn af fundum kirkjuráðs.

2. gr.

19. grein starfsreglnanna verði 20. gr. og breytast númer á eftirfylgjandi greinum samsvarandi.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2013

32. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Birnu G. Konráðsdóttur og Óskari Inga Ingasyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

**Þingsályktun um að kannaður verði áhugi
sóknarnefnda á að stofnað verði Sóknasamband Íslands**

Kirkjuþing ályktar að beina því til sókna innan samstarfssvæðanna að mynda með sér formlegan samstarfsvettvang.

33. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Baldri Kristjánssyni, Hjalta Hugasyni og Margréti Jónsdóttur

Tillaga til þingsályktunar um fjármögnun kirkjustarfs

Að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd var málið sameinað 34. og 35. máli.

34. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Margréti Jónsdóttur og Birnu G. Konráðsdóttur

Tillaga til þingsályktunar um gjalddöku fyrir heimsókn í kirkju

Að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd var málið sameinað 33. og 35. máli.

35. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Ólafi Valgeirssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd:

Þingsályktun um fjármögnun kirkjustarfs

Kirkjuþing 2012 ályktar eftirfarandi:

Fjárhagsnefnd leggur til, að kirkjuráð setji þróun verkefna er varðar öflun sjálfsaflafjár í forgang. Það má gera á eftirfarandi hátt:

Prófastsdæmin og biskupsstofa vinni að því í sameiningu að miðla þekkingu, veita stuðning og móta leiðbeiningar til þeirra safnaða sem vilja fara slíkar leiðir til fjármögnunar.

Haldin verði námskeið sem standi starfsmönnum, sjálfbóðaliðum og prestum til boða en þar verði einkum kynnt úrræði á þessu sviði og það ferli sem fara ber þegar umsóknir eru gerðar eða unnið er að því að afla fjár t.d. með sölu og aðgangseyri.

Kannað hvort setja eigi á stofn stöðugildi til slíkra verkefna, sem verði safnaðarstarfi þjóðkirkjunnar til framdráttar og sá kostnaður sem af því hlytist kynni að skila sér margfalt til baka.

Loks beinir kirkjuþing því til kirkjuráðs að vinna sérstaklega að því verkefni sem orðað er í lokamálsgrein 35. máls, en hún hljóðar svo:

„Þá telur kirkjuþing að nauðsynlegt sé að skrá og meta það sjálfbóðastarf sem fer fram innan sóknanna vítt um landið.“

36. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Sigurði Árna Þórðarsyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun vegna tillögu til þingsályktunar um kirkjulega viðurkenningu

Kirkjuþing felur kirkjuráði að búa mál 36 til kynningar og umræðu í héraði.

Tillaga til þingsályktunar um kirkjulega viðurkenningu

Kirkjuþing 2012 samþykkir að þjóðkirkjan veiti heiðurskrossa vegna kirkjustarfs, kirkjulistar og afreks í íslensku samfélagi.

Þjóðkirkjukross fyrir afburða þjónustu í þágu kirkjunnar. Viðurkenning verði veitt til þess safnaðar, einstaklings, prestakalls eða kirkjulegrar hreyfingar sem þykir hafa starfað með sérstökum ágætum og til eftirbreytni.

Kirkjulistakross veitt fyrir listastarf, menningarstarf eða listaverk sem túlkar trú eða trúariðkun með skapandi hætti.

Hetjukross veitt þeim einstaklingi, hreyfingu eða hópi fólks sem hafa staðið vörð um gildi, trú eða fólk með einstökum hætti og er til fyrirmyndar.

Krossar eða viðurkenningargripir skulu afhentir árlega við upphaf kirkjuþings.

37. mál kirkjuþings 2012

Flutt af: Baldri Kristjánssyni, Hjalta Hugasyni og Margréti Jónsdóttur

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um miðaldadómkirkju

Kirkjuþing 2012 ályktar að ekki verði horfið frá þeirri deiliskipulagsvinnu í Skálholti sem hafin er og telur að ekki beri að setja þeirri vinnu nein takmörk. Hins vegar brýnir kirkjuþing kirkjuráð og vígslubiskup Skálholtsstiftis að skoða vel allar hliðar þessa máls og skuldbinda kirkjuna ekki með nokkrum hætti, nema eftir víðtæka kynningu og umræðu og blessun kirkjuþings. Kirkjuþing telur brýnt að rekstur Skálholtsstaðar komist í viðunandi horf og skoðað verði ýtarlega hvort bygging miðaldadómkirkju/safnahúss geti orðið liður í þeirri viðleitni, án þess að Skálholt sem helgistaður bíði hnekki. Kirkjuþing leggur áherslu á að staðsetning og fyrirkomulag, verði af áformum, verði með þeim hætti að ásýnd staðarins og andblær haldist og að rekstrarlegur ávinningur staðarins sé tryggður.

38. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Baldri Kristjánssyni

Tillaga til þingsályktunar um Þorláksbúð

Kirkjuþing 2012 lýsir þeim vilja að Þorláksbúð verði flutt vestur fyrir og niður fyrir Skálholtsdómkirkju. Þorláksbúðarfélaginu skal verkið falið jafnframt því að leita fjármögnunar á því.

Að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd var málinu vísað frá kirkjuþingi.

39. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Flutt af: Birnu G. Konráðsdóttur, Margréti Jónsdóttur, Steindóri Haraldssyni, Stefáni Magnússyni og Marinó Bjarnasyni

Tillaga til þingsályktunar um starfsemi Biskupsstofu

Kirkjuþing 2012 ályktar að fela kirkjuráði að sjá til þess að eftirfarandi ferlar verði unnir í samræmi við tillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem birt var árið 2011. Til verksins skal ráðið utanað komandi fagfólk.

Skipurit verði unnið fyrir Biskupsstofu þar sem með heilstæðum hætti verið fjallað um verkefni hennar og hlutverk.

Sett verði skammtíma- og langtímamarkmið um starfsemina.

Verkferlar verði gerðir þannig að ekki leiki vafi á því í hvaða farveg einstök mál skuli fara.

Verk/starfslýsingar verði unnar fyrir alla starfsmenn Biskupsstofu.

Að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd var málinu vísað frá kirkjuþingi.

40. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Birnu G. Konráðsdóttur, Hjalta Hugasyni, Svönu Helen Björnsdóttur,
Skúla S. Ólafssyni og Stefáni Magnússyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um gæðakerfi þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2012 samþykkir að komið verði á fót sameiginlegu gæðakerfi þjóðkirkjunnar er byggir á viðurkenndum viðmiðum. Þar verði meðal annars tekið mið af Innri samþykktum þjóðkirkjunnar um helgihald og annað safnaðarstarf sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2010.

Stofnuð verði þriggja manna nefnd er hafi forgöngu um mótun gæðakerfis þjóðkirkjunnar. Í því felist m.a. að mörkuð verði gæðastefna þjóðkirkjunnar og sett á á laggirnar gæðaráð. Gæðastefna þjóðkirkjunnar verði lögð til grundvallar við stefnumótun og gerð starfsáætlana fyrir einstakar þjónustueiningar kirkjunnar. Leitað verði leiða að gefa íbúum í sóknum landsins kost á að koma á framfæri skoðunum sínum á safnaðarstarfi og leggja fram hugmyndir að því hvernig megi bæta það.

Nefndarstarf þetta verði framhald af vinnu nefndar um skilgreiningu á hugmyndafræði og sýn þjóðkirkjunnar á starfi, skipulagi og þjónustu.

41. mál kirkjuþings 2012

Flutt af biskupi Íslands

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd:

Þingsályktun um sameiningu prestakalla

Kirkjuþing felur kirkjuráði að sjá til þess að málið fari til kynningar og umfjöllunar á prestastefnu og í héruðum landsins. Málið verði síðan lagt fram á kirkjuþingi 2013.

Tillaga til þingsályktunar um sameiningu prestakalla

Kirkjuþing 2012 ályktar að við sameiningu prestakalla skuli þau lögð niður, nýtt prestakall stofnað og auglýst laus til umsóknar.

Breytt framkvæmd gildi um tillögur um sameiningu prestakalla sem kunna að verða lagðar til frá ársbyrjun 2014.

42. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Jónínu Sif Eyþórsdóttur, f.h. kirkjuþings unga fólksins

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 1109/2011 og um sóknarnefndir nr. 1111/2011

1. gr.

2. mgr. 5. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembættis nr. 1109/2011 orðist svo:

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsíðm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- barnaverndarlögum nr. 80/2002
- almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e.
 - o kynferðisbrot skv. 22. kafla
 - o önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla, þó einungis refsíðma síðustu fimm ár vegna brots skv. 217. gr. um minniháttar líkamsmeiðingar
 - o brot gegn frjálssræði manna skv. 24. kafla
 - o fíkniefnabrot skv. 173. gr. a.
- lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þ.e. refsíðm síðustu fimm ár.

2. gr.

1. mgr. 24. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011 orðist svo:

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsíðm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- barnaverndarlögum nr. 80/2002
- almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e.
 - o kynferðisbrot skv. 22. kafla
 - o önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla, þó einungis refsíðm síðustu fimm ár vegna brots skv. 217. gr. um minniháttar líkamsmeiðingar
 - o brot gegn frjálssræði manna skv. 24. kafla
 - o fíkniefnabrot skv. 173. gr. a.
- lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þ.e. refsíðm síðustu fimm ár.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi þegar í stað.

43. mál kirkjuþings 2012
Flutt af innanríkisráðherra

Þingsályktun um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997

Kirkjuþing samþykkir viðaukasamning frá 12. nóvember 2012 við Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Viðaukasamningur

um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. 60. gr. laga nr. 78/1997.

1. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná árangri í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins.

Í þessu skyni fellst Þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2013 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Skerðing á umsömdum framlögum til Þjóðkirkjunnar á fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan/ Biskup Íslands á árinu 2013 er 1,2% miðað við fjárlög 2012 eða 16 milljónir króna. Niðurskurður 2012 var 37,2 milljónir króna. Niðurskurður 2013 verður því samtals 313,2 milljónir króna miðað við fjárlög 2009.

2. gr.

Þrátt fyrir að aðilar samkomulagsins líti á framangreint samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra, vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, eru aðilar sammála um að ofangreind skerðing á framlagi ríkisins vegna launagreiðslna samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, leiði ekki til riftunar kirkjujarða-samkomulagsins.

3. gr.

Samkomulag þetta leiðir einnig til þess að hagræðingarkrafa er gerð gagnvart Kristnisjóði á árinu 2013 um 0,9 millj. kr. miðað við fjárlög 2012 umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið. Niðurskurður árið 2012 var 2,3 milljónir kr. Niðurskurður 2013 verður því samtals 18,1 milljónir kr. miðað við fjárlög 2009.

4. gr.

Samkomulagi þessu sem gert er með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og Alþingis er ætlað að gilda fyrir árið 2013.

12. nóvember 2012.

Biskup Íslands

innanríkisráðherra

fjármálaráðherra

44. mál kirkjuþings 2012
Flutt af innanríkisráðherra

**Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum
nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar,
með síðari breytingum**

Kirkjuþing 2012 fellst fyrir sitt leyti á frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum eins og það liggur fyrir Alþingi og fjármála- og efnahagsráðherra hefur þegar flutt.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal skuldbinding ríkisins skv. 60. gr. laganna á árinu 2013 samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar vera 1.412 millj. kr. á árinu 2013. Framlag til Kristnisjóðs skal vera 73,1 millj. kr. á árinu 2013.

Að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd var málið sameinað 43. máli.

45. mál kirkjuþings 2012

Flutt af kirkjuráði

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í fjárhagsnefnd:

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættu og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999

1. gr.

3. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

II. flokkur - kr. 380 þús. á ári.

- a) Embætti sóknarprests á höfuðborgarsvæðinu sem starfar einn og með fleiri en eina sókn.
- b) Embætti sóknarpresta og presta í þéttbýli eða þar sem stærstur hluti íbúa býr í þéttbýli, með eina eða tvær sóknir.
- c) Embætti sóknarpresta í dreifbýli með eina sókn.
- d) Embætti sérþjónustupresta sem hafa aðallega þjónustuskyldu á höfuðborgarsvæðinu.
- f) Ennfremur vegna starfa prófaste í víðfeðmum prófastsdæmum.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

III. flokkur - kr. 600 þús. á ári.

- a) Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri og þar sem sóknir hafa verið sameinaðar og messuskylda helst.
- b) Embætti sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.
- c) Embætti presta erlendis.
- d) Embætti héraðspresta í dreifbýli og víðfeðmum prestaköllum.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi þegar í stað. Skulu greiðslur samkvæmt d lið 2. gr. starfsreglna þessara hefjast frá og með 1. janúar 2013.

46. mál kirkjuþings 2012

Flutt af Birgi Rafni Styrmissyni, Birnu G. Konráðsdóttur,

Stefáni Magnússyni og Steindóri R. Haraldssyni

Samþykkt þannig að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd:

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007

1. gr.

Sameining Hríseyjar- og Möðruvallaprestakalls gengur til baka. Sameining öðlast gildi þegar sóknarprestur í Hríseyjarprestakalli lætur af embætti.

Þangað til verða prestaköllin tvö þ.e. Hríseyjarprestakall og Möðruvallaprestakall með sama hætti og var fyrir 1. september 2012.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. apríl 2013.

Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2012

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör

Fulltrúar kirkjuþings:

Aðalmenn: Halla Bachman Ólafsdóttir lögfræðingur og Karl M. Kristjánsson

Varamenn: Anna Guðmunda Ingvarsdóttir og Vigfús Ingvarsson

Biskup skipar formann og varamann hans án tilnefningar:

Formaður: Hjördís Stefánsdóttir

Varaformaður: Hjalti Zóphóníasson

Nefnd þriggja manna um skipan prestsþjónustunnar (8. mál)

Elínborg Gísladóttir

Katrín Ásgrímsdóttir

Þorvaldur Karl Helgason

Nefnd fimm manna um endurskoðun á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa (20. og 21. mál)

Margrét Björnsdóttir

Birgir Rafn Styrmisson

Sigurjón Árni Eyjólfsson

Steindór R. Haraldsson

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

Nefnd kirkjuþings fimm manna um endurskoðun á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta (23., 24. 25. mál)

Inga Rún Ólafsdóttir

Leifur R. Jónsson

Sigurður Árni Þórðarson

Stefán Magnússon,

Þórunn Júlíusdóttir

Nefnd þriggja manna um gæðakerfi (40. mál)

Hjalti Hugason

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Skúli S. Ólafsson

Kjör fimm manna nefndar til að fara yfir frumvarp til þjóðkirkjulaga (11. mál)

Ásbjörn Jónsson, formaður

Egill Heiðar Gíslason

Inga Rún Ólafsdóttir

Ingileif Malmberg

Skúli S. Ólafsson